

SHALDOR  
skoðun 16



SÉRBLAÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt



Helgihald og slökun  
Fyrirbænaþjónusta og  
jógaslökun er nýjung sem boðið  
er upp á í Vídalínskirkju.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

5. október 2010  
233. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

## Gullöld húsmæðra

Margrét Helgadóttir  
sagnfræðingur flytur  
fyrirlestur í Þjóðminjasafni  
Íslands í dag.

tímamót 20



## Í þriðja skipti á Íslandi

Sviinn José González segir  
Íslendinga hugsa um lítið  
annað en tónlist og partí.

fólk 34

## Ólafur heldur áfram

Ólafur Jóhannesson  
landslíðsþjálfari er ósáttur  
en mun hlíta ákvörðun  
stjórnar KSÍ.

sport 30



ELDUR Á AUSTURVELLI Á áttunda þúsund manns voru við Alþingishúsið í gærkvöldi og viðroðu andúð sína á stjórnámálum og stjórnámálöðnum. Lögregla fjarlægði nokkra ófriðarseggi í hópi mótmælenda. Innandyra flutti forsætisráðherra stefnuræðu sína.

# Þúsundir mótmæltu við víggirt Alþingi

Fjöldmenn mótmæli við þinghúsið voru að mestu leyti friðsöm. Nokkrar rúður brotnar. Forsætisráðherra heitir aðgerðum til handa skuldugum. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir stjórninni hafa mistekist að leysa vanda þjóðarinnar.

**STJÓRN MÁL** Talið er að á milli sjö og átta þúsund manns hafi verið á Austurvelli í gærkvöldi á meðan forsætisráðherra flutti þinginu stefnuræðu sína.

„Andrúmsloftið er allt annað heldur en það var í janúar 2009. Hér á vellinum er ekki ofbeldisfólk. Það vill aðeins láta málstað sinn heyrast,“ sagði Geir Jón Þórisson yfirlögglupjónn á tífunda tímanum. Þá höfðu nokkrir mótmælenda verið fjarlægðir af vettvangi en enginn verið handtekinn. Nokkrar rúður í Alþingishúsinu voru brotnar og húsið sjálft var þakið eggjum, skyri og öðru sem mótmælendur létu rigna yfir það. Lögreglan var með mikinn viðbúnað og hafði girt þinghúsið af með járngirðingu. Fjöldi lögreglumanna sinnti öryggisgæslu.

Jóhanna Sigurðardóttir var harðorð í garð bankanna í ræðu sinni.

“Hér á vellinum er ekki ofbeldisfólk. Það vill aðeins láta málstað sinn heyrast.”

GEIR JÓN ÞÓRISSON  
YFIRLÖGGLUPJÓN

Sagði hún þá hafa dregið lappirnar þegar kæmi að því að leysa úr stöðu einstaklinga sem væru að komast í þrot.

„Auðvitað hefði ég viljað sjá þessi mál ganga hraðar fyrir sig en það er afar mikil einföldun hjá forsætisráðherra að benda bara á bankana,“ sagði Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka, við Fréttablaðið í gærkvöldi. Bönkunum væri ætlað að vinna að málum innan ákveðins ramma og tryggja jafnræði í afgreiðslu mála. „Það tekur oft lengri tíma,“ sagði hún.

Jóhanna sagði að fólki verði áfram tryggður réttur til að geta fengið frest á nauðungarsölu á meðan unnið er að málum þess. Þá sagði hún fimm ráðherrum hafa verið falið að fara sérstaklega yfir húsnæðis- og skuldamálin.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar í umræðunum gáfu ríkisstjórninni fallelkun. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði stjórninni hafa mistekist að leysa vanda þjóðarinnar og að hún þyrfti að átta sig á að tími hennar væri liðinn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði ranga stefnu hafa orðið ofan á. Enn væri hægt að bregðast við en til þess þyrfti að breyta um stefnu.

Þór Saari, Hreyfingunni, sagði ríkisstjórnina uppiskroppa með lausnir. Boda þyrfti til kosninga nú þegar. - þj, sv, bps, sh / sjá síður 2, 6, 12

## Flatar afskriftir útilokaðar: Stjórnin á að slá á væntingar

**EFNAHAGSMÁL** Skort hefur á að stjórnvöld kynni fólki í skuldavanda nægilega úrræði sem í boði eru, að mati Marks Flanagans, yfirmanns sendinefndar AGS á Íslandi.

Í umfjöllun stjórnar AGS um þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda segir að nauðsynlegt sé að ýta undir að skuldugir nýti sér úrræðin með því að slá á væntingar um frekari niðurfellingu. Ríkisstjórnin útilokar flatar afskriftir í viljayfirlýsingu sinni. - óká / sjá síðu 4

fyrir allar dætur  
ómmur - mömmur - systur - vinkonur ...  
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini  
Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur



**HVASST NV-TIL** Í dag verða norðaustan 13-20 m/s norðvestan til en annars víða 8-13. Rigning einkum N-lands en úrkumulftið syðra. Hiti 7-15 stig. **VEÐUR 4**

Má bjóða þér léttan kaffisopa?

Pizza toppur  
Rífanði góður á:  
Pastaréttinn  
Pizzuna  
Ofnréttinn  
Tvær pakkningar í einni: 2x90g

iPhone 4 16Gb  
139.990,-  
iSíminn  
699-7933  
Stórhöfða 33

## SPURNING DAGSINS



„Viktória, eru Vestfirðir þá algjör paradís?“

„Já, nema hér bera menn sundklæði en ekki laufblöð.“

Viktória Rán Ólafsdóttir er verkefnastjóri Vatnavina Vestfjarða sem hlutu ásamt áfangastaðnum Vestfirðum hin evrópsku Eden-ferðamálaaverðlaun við hátíðlega athöfn í Brussel á dögum.

Danska þjóðþingið sett í dag: **Búið við mótmælaaðgerðum**

**DANMÖRK** Búið er við mótmælaaðgerðum við setningu danska þjóðþingsins í Kaupmannahöfn í dag.

Æskulýðssamtök sem nefnast Ungt fólk til ábyrgðar ætla að mótmæla því að sparnaður stjórnvalda í menntamálum bitnar á 8.500 ungmennum í starfsnámi sem hafa verið svipt möguleikum á starfsþjálfun.

Auk þess að mótmæla við þingsetninguna ætla samtökin að standa fyrir aðgerðum við nokkra framhaldsskóla í Kaupmannahöfn í dag, segir á vef Politiken. - pg

## LÖGREGLUFRETTIR

## Slasaðist á fjórhjól

Ung kona slasaðist þegar hún missti stjórn á fjórhjól á Úlfarsfellsvegi í gær með þeim afleiðingum að það valt. Konan var flutt með sjúkrahúsi á slysa-deild. Tildrög slyssins eru ókunn.

## Eldur kviknaði í sendibíl

Eldur kom upp í sendibíl á Nýbýlavegi í Kópavogi síðdegis í gær. Slökkvilið var kvatt á vettvang og gekk vel að slökka eldinn. Billinn, sem var mannlaus, er töluvert skemmdur.

## ALÞINGI

## Varaþingmenn taka sæti

Baldvin Jónsson, varaþingmaður Birgittu Jónsdóttur í Hreyfingunni, tók sæti á Alþingi í gær. Þá settust þau Ólafur Þór Gunnarsson og Jörunn Einarsdóttir á Alþingi á föstudag en þau eru varamenn Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur og Atla Gíslasonar, þingmanna VG.

## DÓMSMÁL

## Sex sitja áfram inni

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að sex einstaklingar sem sæta nú rannsókn vegna umfangsmikilla fjárvika skuli sitja í gæsluvarðhaldi til 8. október. Rannsókn málsins heldur áfram.

Forsætisráðherra gagnrýndi aðgerðaleyfi nýju bankanna í skuldamálum:

# Bankastjóri vísar gagnrýni á bug

**STJÓRN MÁL** Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir það mikla einföldun hjá forsætisráðherra að benda bara á bankana þegar kemur að meintu aðgerðaleyfi í skuldavanda heimilanna.

Í stefnuræði sinni á Alþingi í gærkvöldi gagnrýndi Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra nýju bankana fyrir að hafa ekki gert nóg í skuldaaflögum fólks og fyrirtækja. Sagði hún bankana hafa dregið lappirnar í þessum málum og að við það yrði ekki unað.

„Úrlausnarefnin eru gríðarlega



BIRNA EINARSDÓTTIR

flókin og erfið og mikilvægt að hafa í huga að við erum að vinna úr málum venjulegs fólks í afar óvenjulegum aðstæðum,” sagði Birna aðspurð um þessa gagnrýni og bætti við að það væri ekki rétt að bankarnir hefðu setið auðum höndum, Íslandsbanki hefði til dæmis

breytt vel yfir tíu þúsund lána-samningum einstaklinga.

Jóhanna sagði í ræðu sinni að hinir nýju bankar hefðu valdið sér vonbrigðum hvað varðar skuldaaflögum. Samið hefði verið við fjármálastofnanir um að þær kæmu til móts við viðskiptavinum sína með sértækri skuldaaflögum en ný skýrsla eftirlitsnefndar með framkvæmd slíkrar aðlögunar sýndi fram á að fáir hefðu farið í gegnum slíkt ferli. Stjórnvöld hlytu að fara fram á skýringar og úrbætur.

- mþl / sjá síðu 6

Aldurstakmark í Múrbúðinni:

## Selja unglingum ekki spreibrúsa

**VERSLUN** Múrbúðin selur ekki spreibrúsa til barna og unglinga. Baldur Björnsson framkvæmdastjóri segir ástæðuna vera skemmdarverk á almanna-eignum. „Það var mikil og þung umræða um þetta fyrir nokkrum árum og við ákváðum að banna börnum og unglingum að kaupa spreibrúsa,” segir Baldur.

Að sögn Baldurs eru viðskiptavinir ekki beðnir um skilríki heldur meti starfsmenn verslunarinnar sjálfir hverjum skal selja og hverjum ekki. - sv

# Sala á tónlist dregst saman um helming

Sala á erlendri tónlist hefur dregist saman um rúmlega helming á síðustu árum vegna ólöglegs niðurhals. Velta dregst saman hér á landi um 200 milljónir síðan árið 2005. Nær öll heimili hér á landi eru tengd með ADSL-internettingu.

**NEYTENDUR** Sala á erlendri tónlist hefur dregist saman um meira en helming á síðustu árum. Rúmlega 820 þúsund eintök af hljómplötum seldust hér á landi árið 2005 og dróst salan saman um helming á næstu árum en um 420 þúsund eintök seldust á síðasta ári. Ástæðan er ólöglegt niðurhal.

Mikill samdráttur var einnig í tekjum af plötunum, en árið 2005 var veltan um 750 milljónir en um 590 milljónir árið 2009. Veltan hefur að sama skapi dregist saman um nærri helming, en erlend tónlist velti hér á landi um 350 milljónum árið 2005 en 182 milljónum fjórum árum seinna.


Árið 2002 voru 26 prósent landsmanna með ADSL eða aðra háhraða nettengingu og árið 2008 var hlutfallið 94 prósent.

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, segir ólöglegt niðurhal gríðarlegt vandamál.

„Við sjám það bara á sölutölunum að það er sérstaklega erlend tónlist sem verður fyrir barðinu á ólöglegu niðurhali,” segir Gunnar. „Þetta er alveg skelfilegt ástand og við verðum að fá umræðu í gang um ósanngirna sem fylgir því að listamenn fá ekki greitt fyrir sína vinnu.“

Gunnar segir að erfitt sé að segja til um hvað hægt sé að gera í málinu. Fólk verði fyrst og fremst að skilja að framleiðsla á nýrri tónlist er ekki möguleg nema listamennirnir fái borgað fyrir hana.


„Þetta háir öllum ungum tónlistarmönnum og allri þróun á tónlist,” segir hann. Það sé nauðsynlegt að fá stjórnvöld og aðra aðila



SALA Á GEISLADISKUM Ólöglegt niðurhal á tónlist bitnar verulega á íslenskum tónlistarmarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sala hljóðrita í eintökum 2002 - 2010



sem koma að dreifingu á tónlist til þess að skilja að það sé ekki hægt að halda starfsemi sem þessari uppi ef ekkert verður að gert.

Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, tekur undir orð Gunnars en segir vandamálið liggja mest í sölu á erlendri tónlist.

„Íslensk tónlist er að aukast í sölu á milli ára, en það eru óverulegar breytingar,” segir hann. „Hins vegar er erlend sala að falla gríðarlega mikið og ástæðan fyrir

því er þjófnauður.“

Á síðustu tíu árum dróst salan á erlendri tónlist saman um 58 prósent og segir Björn það mikið áhyggjuefni. Þó íslensk tónlist sé ekki jafn aðgengileg á deilisiðunum og sú erlenda séu einnig fjölmörg dæmi um stuld á henni.

„Það er því miður þannig að nú eru heilu kynslóðirnar sem kunna ekki að nálgast tónlist nema hún sé ólögleg,” segir Björn.

sunna@frettabladid.is



DILMA ROUSSEFF Rousseff hefur notið góðs af stuðningi fráfarandi forseta, Luiz Inacio Lula da Silva, en hann valdi hana sjálfur sem frambjóðanda flokks þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið aftur eftir mánuð:

## Náði ekki meirihluta atkvæða

**SAO PAULO, AP** Enginn frambjóðandi náði 50 prósentum atkvæða í forsetakosningunum í Brasilíu sem fram fóru á sunnudag.

Framan af degi leit út fyrir að Dilma Rousseff, frambjóðandi hins ríkjandi Verkamannaflokks, næði meirihluta atkvæða en þegar leið á kvöldið varð ljóst að hún hefði ekki nægilegt fylgi.

Lokatölur voru þær að Rousseff fékk 46,9 prósent atkvæða en Jose Serra, frambjóðandi sósíaldemókrata, fékk 32,6 prósent.

Kosið verður aftur milli efstu tveggja frambjóðendanna eftir fjórar vikur. - mþl

Kaupmáttur tekna minnkar:

## Samdráttur um 15,5% á einu ári

**EFNAHAGSMÁL** Kaupmáttur ráðstöfunartekna hvers einstaklings dróst saman um 15,5 prósent árið 2009 samanborið við árið á undan, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Ráðstöfunartekjur á mann voru að meðaltali um 203 þúsund krónur á mánuði í fyrra, en voru ríflega 214 þúsund árið 2008. Samdrátturinn er 5,3 prósent.

Af þessu leiðir að ráðstöfunartekjur hvers heimilis hafa einnig dregist saman. Samdrátturinn þar er þó minni, eða um 5,4 prósent samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. - bj

Lík manns sem leitað hefur verið fannst í Kleifarvatni í gærkvöldi:

## Fannst látinn í bílnum í Kleifarvatni

**MANNSLÁT** Maður sem saknað hefur verið frá 24. september fannst látinn í bíl sínum í Kleifarvatni klukkan fjögur í gær. Fram kemur í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að þýrla Landhelgisgæslunnar hafi fundið bíl mannsins í vatninu.

Maðurinn hét Andrés Tómasson og var til heimilis í Reykjavík. Hann var 41 árs gamall.

Umfangsmikil leit hefur staðið yfir síðustu daga að honum og Suzuki-bifreið sem hann hafði yfir að ráða. „Lögregla vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafa aðstoðað við leitina að Andrésí,” segir í tilkynningunni.

Að sögn lögreglu eru engar grunsemdir um að dauða Andrésar hafi borið að með saknæmum hætti. - óká




VIÐ KLEIFARVATN Umfangsmikil leit hefur staðið yfir að Andrésí Tómassyni síðustu daga, en auk lögreglu hafa tekið þátt í henni björgunarsveitir og Landhelgisgæslan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós í tengslum við hátíðina Ljóðarými sýnir:

Gyðjan 神女 Shennü, kínversk stórmynd frá 1934  
Norræna húsið, miðvikudagur 6. október, kl: 20:00



Kínverska gullaldarmyndin Gyðjan (Shennü) frá árinu 1934, leikstýrt af Wu Yonggang 吳永剛 og með Ruan Lingyu 阮玲玉 í aðalhlutverki, fjallar með kaldranalegum hætti um afdrif nafnlausrar konu í Shanghai sem neyðist til að sjá sér og ungum syni sínum farborða með ástundun vændis.

Nánar á [www.konfusius.is](http://www.konfusius.is)

Hljóðlaus og með myndtexta sem þýddur er á ensku.

Sýnd í Norræna húsinu, miðvikudaginn 6. október, kl. 20:00.

Myndin er 85 mínútur að lengd.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.




Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS  
konfusius@hi.is | [www.konfusius.hi.is](http://www.konfusius.hi.is)




**TOYOTA**

# Að smyrja eða ekki smyrja. Það er smurningin.



## Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	Kópavogi	Sími: 570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	Sími: 420-6600
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	Sími: 480-8000
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	Sími: 455-4570
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	Sími: 577-7080
Bílatangi Ísafirði	Suðurgata 9	Ísafirði	Sími: 456-4580
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	Sími: 431-5050
Bíllaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	Sími: 464-1888
Bíllaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstaðir	Sími: 470-5070

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**Today  
Tomorrow  
Toyota**

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	112,51 113,05
Sterlingspund	178,00 178,86
Evra	153,94 154,80
Dönsk króna	20,649 20,769
Norsk króna	19,173 19,285
Sænsk króna	16,672 16,770
Japanskt jen	1,3496 1,3574

SDR 175,07 176,11

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
206,0834

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Heiðra föður glasfrjóvgunar: Nóbelsverðlaunin í læknisfræði veitt

**STOKKHÓLMUR** Breski vísindamaðurinn Robert Edwards hlýtur Nóbelsverðlaunin í læknisfræði þetta árið. Var þetta tilkynnt í Stokkhólmi í gær.

Edwards hóf um 1960 rannsóknir á frjóvgun utan líkama sem leiddu átján árum síðar til fæðingar fyrsta glasabarnsins. Rannsóknir sínar stundaði hann ásamt skurðlækninum Patrick Steptoe sem lést árið 1988.

Í dag hafa um fjórar milljónir barna komið í heiminn með hjálp glasfrjóvgunar en Nóbelsakademían segir rannsóknir Edwards hafa gert þeim tíu prósentum para sem þjást af ófrjósemi kleift að eignast börn.

Lögreglu vantar upplýsingar:

## Þýfis enn leitað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi leitar enn fatnaðar sem stolið var úr verslun á Geysissvæðinu aðfaranótt laugardags 25. september.

Þá nótt brutust þrír menn með hulin andlit inn í verslunina. Þeir létu greipar sópa og höfðu á brott með sér talsvert magn af verðmætum útivistarfatnaði. Þjófarnir létu ekki þar við sitja heldur komu aftur tæpri klukkustund síðar og tóku meira af fatnaði sem að megninu til er frá 66° norður. Söluvirði þess sem stolið var er á fimmtu milljón króna. Lögregla biður alla sem veitt geta upplýsingar um málið að hafa samband í síma 480 1010.

## LEIÐRÉTTING

Margrét S. Björnsdóttir var ranglega titluð bæjarfulltrúi í Kópavogi í blaðinu í gær. Margrét er aðjúnkt við Háskóla Íslands og formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar.

Dómari tók sér frest til að taka afstöðu til kröfu lögreglustjórans á Selfossi:

# Úrskurðar um varðhald í dag

**LÖGREGLUMÁL** Dómari í Héraðsdómi Suðurlands tók sér frest í gær til að taka afstöðu til kröfu lögreglustjórans á Selfossi um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir manni sem réðst á unga konu í Hveragerði fyrir um það bil viku.

Búist er við ákvörðun dómara fyrir hádegi í dag.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, réðst inn á heimili fyrrverandi unnustu sinnar í Hveragerði og er sagður hafa gengið þar berserksgang. Hann er grunaður um að hafa veitt henni alvarlega höfuðáverka, þar á meðal með hnúajárni.



**HVERAGERÐI** Árásin átti sér stað í Hveragerði.

Hnúajárnið fannst ásamt blóðugum vettlingum í bifreið mannsins. Lögreglan lýsti aðkomunni á vettvangi

þannig að herbergið sem konan var í, hafi verið alblóðugt.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands segir að það sé ljóst af ummerkjum á vettvangi að um hrottafengna árás hafi verið að ræða. Þá hafi hending ein ráðið því að ekki hlaust mannsbani af árásinni.

Maðurinn var handtekinn við Rauðavatn. Þá var hann í blóðugri peysu.

Hann hafði áfrýjað fyrri gæsluvarðhaldsúrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar sem staðfesti hann.

- jss

Samdráttur hjá verktökum:

## Þrjátíu sagt upp hjá Háfelli

**ATVINNA** Um þrjátíu manns hefur verið sagt upp hjá verktakafyrirtækinu Háfelli síðustu mánuði þegar líða tók að lokum Héðinsfjarðarganga. Framkvæmdastjóri Háfells gagnrýndi, í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær, að næstu gangaverk skuli ekki vera tilbúin, þekking og sérhæfð tæki glattist.

Hundruð manna hafa unnið frá árinu 2006 við gerð Héðinsfjarðarganga sem voru opnuð um helgina. Verkið var unnið í samstarfi tékkneska fyrirtækisins Metrostav og Háfells.

# Kynna þarf úrræðin betur

AGS segir að slá þurfi á væntingar um frekari opinberar aðgerðir eða skuldaleiðréttingu vegna fólks í vanda. Stjórnvöld hafa verið of hógvær í að kynna fyrirleggjandi úrræði, segir yfirmaður sendinefndar AGS. Hann segir að efla þurfi fjárfestingu, en áréttar að AGS skipti sér ekki af stefnumörkun í orkugeira.

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Alþjóðagjaldveyrissjóðsins (AGS) segir nauðsynlegt að flýta framkvæmd skuldaaflögunar og ýta undir að skuldugir nýti sér úrræðin með því að slá á væntingar um frekari niðurfellingu skulda. Þetta kemur fram í umfjöllun stjórnarinnar í tengslum við þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands.

Í uppfærðri viljayfirlýsingu stjórnvalda kemur fram að þótt einfalda eigi ferli skuldaaflögunar, þá hafi almennar flatar afskriftir á skuldum verið útilokaðar. Þar er vísað til annarra lána en dómur Hæstaréttar um gengislán nær til. „Áherslan verður áfram lögð á lántakendur í skuldavanda, sem eru sem betur fer minnihluti allra lántakenda,“ segir í yfirlýsingu.

Mark Flanagan, fráfarandi yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi, segir sjóðinn frá fyrstu stundu hafa haft ríkar áhyggjur af skuldavanda bæði einstaklinga og fyrirtækja. „Það var strax ljóst að ef ekki yrði tekið á þessum vanda þá hefði hann neikvæð áhrif bæði á neyslu og fjárfestingu,“ segir hann og kveður stjórnvöld, með liðsinni AGS, því hafa unnið að því að koma upp ramma fyrir viðunandi skulda-

losun til handa þeim sem þyrftu á henni að halda, um leið og þær aðgerðir íþyngdu ekki ríkissjóði um of. „Við höfum lent í ójöfnum á leiðinni, en ég held að þau úrræði sem ríkisstjórnin kynnti í júní mæti þörfinni á endurskipulagningu skulda heimilanna.“ Flanagan segir helsta vandann nú að of fáir nýti sér þau úrræði sem í boði eru og hvetur fólk í fjárhagsvand-ræðum til að leita til umboðsmanns skuldara. „Umgjörðin er til staðar, en fólk þarf að stíga fram og nýta sér úrræðin.“

Flanagan segir endurskipulagningu skulda fyrirtækja jafnmikilvæga og heimila í huga AGS og ríkisstjórnarinnar. „Fyrirtækin sjá heimilunum fyrir vinnu og í gegn um fjárfestingu sjá þau fyrir nýjum störfum og hagvexti,“ segir hann og kveðst telja að á báðum vígstöðvum stöndum við nú frammi fyrir þeim fasa að nýta úrræði sem búin hafi verið til. Um leið segir hann ríkisstjórnina hafa verið fullhógværa í að kynna úrræðin sem búin hafi verið til.

Á símafundi með fjölmiðlum í gær sagði Flanagan að nýafstaðin endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands leiði í ljós að margt hafi áunnist. Efnahagsáætlunin sé á áætlun og ríkisstjórnin hafi unnið mikið verk í að snúa ríkisfjármálum til betri vegar. „Í fjárlögum fyrir 2011 sjáum við afgang á fjárlögum í fyrsta sinn síðan frá því fyrir kreppu. Þá hafa líka unnist sigrar í endurreisn fjármálakerfisins, sem hrundi nánast í heild sinni.“ Hann benti á að gengi krónunnar hafi náð jafnvægi og nokkurri styrkingu og viðsnúning verðbólgu sem farið hafi úr nærri tuttugu prósentum og undir fjögur prósent. „Þá eru vísbendingar um aukinn stöðugleika í efnahagslífinu.“



**Á KYNNINGU** Franek Rozwadowski, fulltrúi AGS með aðsetur á Íslandi og Mark Flanagan, fráfarandi yfirmaður sendinefndar sjóðsins á Íslandi, á kynningarfundum í sumar. Flanagan sat fyrir svörum fjölmiðla á símafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Enn allanget í land í Icesave-deilunni

Sendinefnd AGS býst enn við að Icesave-deilunni verði lokið með samningum. Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar í tengslum við þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands. „En nokkurn tíma getur tekið að ganga frá og samþykkja samning,“ segir þar. Fram kemur að viðræður um Icesave haldi áfram og að lausn sé fundin á fjölmörgum tæknilegum atriðum. „En nokkur mikilvæg mál standa enn út af, þar á meðal vaxtaákvæði og hvernig lagalegri og efnahagslegri áhættu verður deilt.“

Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS, áréttaði á símafundi í gær að lausn Icesave hafi aldrei verið skilyrði AGS, þótt lausn málsins hafi um tíma tafið fjármögnun áætlunar Íslands. Frekari lán frá Norðurlöndum biði lausnar Icesave. Hann segir hins vegar að fjármögnunin hafi skipt meira máli við fyrstu og aðra endurskoðun áætlunarinnar. Staða Íslands sé nú sterkari hvað fjármögnun varði, þótt fjármögnun frá Norðurlöndum kunnist enn að verða þörf.

Meðal fyrirleggjandi verkefna sem bent er á í skýrslu sendinefndar AGS í almennari umfjöllun um efnahagshorfur landsins er að hér verði að koma hagvexti í gang á ný. Þar er horft til fjárfestinga- og orkugeirans, en á fundi sínum með fjölmiðlum áréttaði Flanagan að AGS skipti sér ekki af stefnumótun stjórn-

valda í orkumálum. „Mál Magma á rætur sínar að rekja til daga fyrir aðkomu sjóðsins að málefnum Íslands,“ sagði hann, en kvað þó ekki hægt að leiða málið alveg hjá sér. „Úrvinnsla málsins hefur áhrif á vaxtamöguleika landsins og hversu hratt landið kemur sér út úr kreppunni.“


oli@frettabladid.is

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR FYRIR NORÐAN** með fremur stífri norðaustanátt sem verður ríkjandi á landinu í dag. Það dregur heldur úr vindi og vætu á morgun en á Vestfjörðum verður veður svipað. Sunnan til verður þurr og vindur hægur.

Á MORGUN Stíf NA-átt á Vestfjörðum, annars hæg breytileg átt.



## HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	18°
Berlín	18°
Billund	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	24°
London	19°
Mallorca	28°
New York	19°
Orlando	28°
Ósló	11°
París	18°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

Þerðu saman verð, gæði og þjónustu. Það auðveldar þér val á heyrnarstækjum. Ókeypis heyrnarstilling!



**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

# Kanarí í vetur með VITA

Vinsælustu gististaðir á Kanarí undafarin ár Barbacan Sol, Teneguia, Parque Cristobal, Los Ficus, Amazonas og Roque Nublo.

Aðeins hjá VITA

## Las Camelias

Snyrtillegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

29. mars til 5. apríl

Verð frá **104.510 kr.\***

og **15.000 Vildarpunktur**

\*M.v. 3 fullorðna í íbúð. \*Verð án Vildarpunkta 114.510 kr.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð **111.650 kr.**

og **15.000 Vildarpunktur.**

Innifalið er flug, flugvallarskattar og gisting.

\*Verð án Vildarpunkta 121.650 kr.

Flugsæti:

Verð frá **77.500 kr.\***

og **15.000 Vildarpunktur**

27. nóv. Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

\*Verð án Vildarpunkta 87.500 kr.



## Gönguferðir fyrir alla!

VITA býður nú upp á nýjung fyrir farþega sína og er það sól, afslöppun og skipulagðar gönguferðir með íslenskum fararstjóra.

Í þessum ferðum eru skipulagðar sex mismunandi gönguferðir sem eru við flestra hæfi. Gengnir eru um 7–10 km hvern dag, eða í þrjá og hálfan til fjóra og hálfan tíma. Mest er gengið á góðum stígum og eftir leiðum þar sem liggja ekki mikið upp í móti. Gist er á hótél Las Camelias sem er íbúðarhótel í hjarta Ensku strandarinnar.

27. nóvember í 14 nætur

Verð frá **130.500 kr.\***

og **15.000 Vildarpunktur**

M.v. 2 fullorðna í íbúð. Flug, flugvallaskattar, gisting í íbúð á Las Camelias og sex mismunandi gönguferðir undir leiðsögn íslensks fararstjóra.

\*Verð án Vildarpunkta 140.500 kr.

## Flugáætlun Kanarí

30. okt. **uppselt**

27. nóv.

11. des.

21. des. **uppselt**

5. og 18. jan.

1. feb. – 5. apr. vikulegt flug

15. feb. **uppselt**

1. mars **uppselt**

17. apr.

## Beint morgunflug, glæsilegur flugkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvéli sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi

## Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktur fyrir allar keyptar ferðir í leiguflogi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.



VITA er í eigu Icelandair Group.

**ICELANDAIR**  
GROUP

VITA er lífið

vita

**STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA****Stefnuræðan og stjórnarmálin froða**

„Þetta var stefnuræða ríkisstjórnar og stjórnarmálamanns sem er uppiskroppa með lausnir og langa sögu lausna sem virka ekki,“ sagði Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar. Þetta hefði verið stefnuræða þeirrar pólitísku yfirstéttar sem gefi frekar lítið fyrir almenning í landinu og sem á þriðjudag hefði ekki hikað við að stúta réttarríkinu til að geta verndað eigin pólitísku og persónulegu hagsmunum. Ríkisstjórnin hefði hafnað því að gera upp hrúnið. Hann sagði stefnuskrá og þingmál ríkisstjórnarinnar froðu, eins og flest annað sem frá henni kæmi og að úrræðin við skuldavanda heimilanna væru á við pyntingaklefa. Þór sagðist ekki geta lýst yfir



ÞÓR SAARI

virðingu sinni eða ánægju með Alþingi en það væri starfsvettvangur hans og í samræmi við eiðstaf hans að stjórnarskránni muni hann leitast við að sinna starfi sínu.

Hann rakti nokkur þingmál sem Hreyfingin hyggst leggja fram í vetur. Meðal annars um þjóðaratkvæðagreiðslur, efnahagsáætlun utan skilmála AGS og um neyðarlög fyrir heimilin í landinu.

Í niðurlagi sagði Þór að ríkisstjórnin hefði svikið öll kosningaloforð sem hún hefði gefið. „Meðvirknin og firringin verður að hætta og þar sem alþingismenn hafa því miður misfarið með umboð sitt eina ferðina enn verður að boða til kosninga strax.“ - bps

**AGS ekki lofað aðgerðaleysi í skuldamálu**

Það er fyrstað að stjórnvöld hafi afsalað sér öllum rétti til að grípa til aðgerða gegn skuldavanda heimilanna að kröfu Alþjóðagjaldveirissjóðsins. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra en tók fram að stjórnvöld hefðu þó lofað sjóðnum að fara ekki í flatar afskriftir skulda.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

hefði verið veitt ríkisaðstoð af þeirri ástæðu. „Stjórnvöld ætlast til þess að þau mál verði sett í algjöran forgang,“ sagði Steingrímur.

„Réttlát gremja og reiði er útbreidd vegna þess sem gerst hefur í samfélaginu. Við sýnum því skilning,“ sagði hann. „Skilaboðin sem berast af Austurvelli fara ekki á milli mála.“ Fjárlagafrumvarpið væri enginn gleðiþóskapur, en taka þyrfti til í ríkisrekstrinum fyrir næstu kynslóðir. „Það verður engin velferð á Íslandi ef ríkissjóður fer á hausinn.“ Það sé rétt að þjóðhagslegar forsendur fyrir frumvarpinu séu óvissar. „Hvernig gætu þær verið annað?“ spurði fjármálaráðherra.

Þá stæði rekstrarvandi fyrirtækja helst í vegi fyrir bata í hagkerfinu, fyrir utan óleyst Icesave-málið. - sh

**Framtíðin björt að uppfylltum skilyrðum**

„Það verður að viðurkennast að í samfélaginu er að skapast hættuástand,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Tvennt þyrfti til að hindra að það fari úr böndunum. Annars vegar þyrftu stjórnvöld að tryggja að fólk sem orðið hefði fyrir miklum efnahagslegum skakkaföllum fái sanngjarna málsmeðferð og hins vegar þyrftu stjórnvöld að gera almenningi ljóst að ofbeldi verði hvorki liðið né umborið.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigmundur sagði ótal margt hægt að gera til að ráða bót á efnahagsvandannum en röng stefna hefði orðið ofan á. Ef leiðir framsóknarmanna hefðu verið farnar væri staðan önnur nú. „Ekki bara varðandi stöðu fjölskyldna og atvinnulífs heldur ríkisins líka.“ Enn væri hægt

að bregðast við, bæði varðandi atvinnuuppbyggingu og skuldamálin, en róttækar aðgerðir þyrfti til. Sigmundur sagði stefnuræðu forsætisráðherra vera áhyggjuefni þar sem hún benti til að ráðherrann áttaði sig ekki á umfangi vandans. Hagkerfinu væri að blæða út, vextir væru enn of háir og áfgangur af viðskiptum við útlönd væri vegna gengisfalls og blankheita fólks.

Hann sagði allar aðstæður til að snúa dæminu við, Íslendingar ættu líklega meiri auðlindir á mann heldur en nokkurt annað ríki. „Það eina sem þarf er að stjórnvöld breyti um stefnu.“ Ræða þurfi hispurlaust um pólitík, segja þurfi sannleikann um ríkisstjórnina. „Verði það gert eru allar forsendur til þess að framtíðin sé ákaflega björt á Íslandi.“

**Húsnæðis- og skuldamálmál forgangsverkefni**

Fólki verður áfram tryggður réttur til að fá frest á nauðungarsölu. Fimm ráðherrar vinna að húsnæðis- og skuldamálu. Forsætisráðherra átelur bankana fyrir framgöngu þeirra í skuldamálu fólks. Uppboð geta verið óhjákvæmileg.

„Bankarnir hafa dregið lappirnir þegar kemur að því að leysa úr stöðu einstaklinga sem eru að komast í þrot,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni.

Hún varði drjúgum kafla ræðunnar í húsnæðis- og skuldamáli og sagði þau forgangsverkefni. Ákveðið hafi verið á síðasta ríkisstjórnarfundinum að fimm ráðherrar vinni í sameiningu að málinu og að allir flokkar verði kallaðir til samstarfs.

Jóhanna sagði að fólki verði áfram tryggður réttur til að geta fengið frest á nauðungarsölu á meðan unnið er að málu þess.

Hún gagnrýndi bankana og sagði þá hafa valdið sér vonbrigðum. Þeir hafi gert fáa samninga um sértæka skuldaaflögun. „Það gengur ekki að eigur fólks séu settar á uppboð fyrir en allar aðrar leiðir hafa verið fullreyndar. Í einhverjum tilvikum er sú leið hins vegar óhjákvæmileg og þá verður við að geta treyst á leigumarkaðinn og félagslegar húsnæðislausnir.“

Jóhanna sagði skuldaaflögun vera eitt meginverk stjórnarinnar. Þungar skuldir væru að sliga marga og miklar skuldir ríkissjóðs takmarki getu hans til að bregðast við erfiðum aðstæðum. „Það hefur verið sárasti og jafnframt erfiðasti hluti af starfi mínu sem forsætisráðherra að horfa á aðstæður þeirra fjölskyldna sem búa við avinnumissi og gríðarlegan



STEFNURÆÐAN FLUTT Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flutti stefnuræðu ríkisstjórnarinnar á Alþingi í gærkvöldi. Á meðan og fram eftir kvöldi mótmæltu þúsundir á Austurvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skuldavanda. Ég vil fullvissa fólk um að ríkisstjórn mín hefur lagt sig alla fram um að mæta vanda þessa fólks og við ætlum að sjálfsgöðu að halda því áfram.“

Jóhanna sagði aukna hörku innan þings og átök milli þings og ríkisstjórnar vandamál sem brýnt væri að finna lausn á. Líta beri á löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið sem samherja. Hún sagði blasa við að ósætti og óánægja ríkti vegna landsdómsmálsins og mikilvægt væri að slíðra sverðin. „Við höfum um það val að gera illt verra, grafa okkur niður í skotgrafir og láta reiðina stjórna för eða vinna okkur sameiginlega út úr vandanum.“

Hún fjallaði líka um ákall þing-

mannu um kosningar. „Muni nýtt þing, ný ríkisstjórn og tafarlausr kosningar auðvelda úrlausn þeirra viðamiklu verkefna sem fram undan eru, þá mun ekki standa á mér að víkja til hliðar. Ég og ríkisstjórn mín munum hins vegar ekki skorast undan því að ljúka þeim verkefnum sem við blasa, sé það vilji þingsins.“

Jóhanna fór yfir stöðu efnahagsmála og sagði ríkisstjórnina hafa náð tókum á efnahagsvandannum á undraskömmum tíma. Sagði hún fjölmiðla fjalla lítið um þann mikla árangur sem náðst hefði og ala þannig á óánægju og sundrunu. Hún rakti líka ýmist framfaramál sem ýmist væri lokið eða komin í farveg. bjorn@frettabladid.is

**Vinstri stjórninni hefur mistekist og tími hennar er liðinn**

Fólk sér að það er hægt að gera betur en hér starfar ríkisstjórn sem gefur enga von. Þess vegna mótmælir fólk í þúsunda tali, sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Sagði hann ríkisstjórnina verða að líta í eigin barm og viðurkenna ábyrgð á því hvernig komið væri.

Bjarni sagði loforðin um skjaldborg um heimilin, endurreisn efnahagslífsins og norrænt velferðarsamfélag, hafa reynst innihaldslaus með öllu. „Það sem meira er, þegar allar aðstæður kölluðu á samvinnu um erfið mál fór ríkisstjórnin í öfuga átt. Í átt til sundurlyndis og átakastjórn mála.“ Sagðist hann ekki ætla að fullyrða að sjálfstæðismenn væru handhafar hinnar endanlegu lausnar allra vandamála, en „þessari ríkis-



BJARNI BENEDIKTSSON

stjórn er beinlínis illa við hugmyndir sem ekki hafa orðið til á hennar borði.“

Bjarni sagði hugmyndir ríkisstjórnarinnar um lausn á skuldavandanum vera þunglamalegar kerfislausnir sem virkuðu ekki. Það þyrfti einfaldar lausnir þar sem sá forsendubrestur sem varð er viðurkennur. „Ríkisstjórnin hefur nú bitið höfuðið af skömminni með því að semja um það við Alþjóðagjaldveirissjóðinn að frekari frýstingar lána verði ekki heimilaðar og að ekki verði farið í almenn-

ar aðgerðir fyrir skuldug heimili. Þessi loforð sem Steingrímur og Jóhanna hafa nú gefið Alþjóðagjaldveirissjóðnum eru ekki bara vonbrigði fyrir fólkið í landinu. Þetta eru bein svik.“

Bjarni sagði sorglegt að ríkisstjórnin ætlaði að bjarga ríkisfjármálanum með skattahækkunum og atvinnu- og verðmætaskapandi tækifæri væru ekki nýtt. Sorglegt væri að fylgjast með örvæntingarfullum tilraunum forsætisráðherra til að bjarga rústum ríkisstjórnarinnar með baktjaldamakki og kattasmölu. „Það er kominn tími til að vinstri stjórnin átti sig á því að hennar tími er liðinn. Þau hafa fengið tíma, þau hafa fengið umboð og þau hafa fengið tækifæri til að leysa vanda þjóðarinnar. Og þeim hefur mistekist.“ - bps

**Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa**

Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift

**10,3%**

ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN\*

100% RÍKISTRYGGING

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á [www.iv.is](http://www.iv.is)



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sígtún 42 105 Reykjavík  
Sími: 460 4700 | [www.iv.is](http://www.iv.is) | [iv@iv.is](mailto:iv@iv.is)

\*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.09.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða IV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðsýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðsýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Við öflum fyrir þig



## LEIFUR „HEPPNI“ EIRÍKSSON

Frægasti landkönnuður Íslendinga. Leifur heppni komst að ströndum Ameríku mörgum öldum á undan Kristófer Kólumbusi.

Ég hef fundið margt,  
til dæmis Ameríku og  
ánægju í viðskiptum  
við Vörð.

ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á [vordur.is](http://vordur.is) til að fá frekari vitneskju og tilboð í tryggingar þínar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 vörður



Óttast þú að hryðjuverk verði framin hér á landi?

Já	19,3%
Nei	80,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Telurðu að hlífa eigi fæðingar-orlofssjóði frá niðurskurði hins opinbera?

Segðu þína skoðun á vísiris



Fyrirverandi framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi tekst á við skattayfirvöld fyrir dómi:

# Bjarki horfir fram á gjaldþrot

**DÓMSMÁL** Gjaldþrot blasir við Bjarka Diego, fyrirverandi framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi, nái úrskurður Ríkisskattstjóra um skattlagningu á söluréttarsamningum af hlutabréfum í Kaupþingi fram að ganga. Samningana gerði Bjarki þegar hann starfaði hjá bankanum. Hann hefur stefnt Ríkisskattstjóra vegna málsins og fór aðalmeðferð fram í málinu í gær.

Bjarki fullyrðir að samningar sem hann gerði um kaup á hlutabréfum í Kaupþingi séu í grundvallaratriðum ólíkir kaupréttarsamningum. Hann vísar meðal annars



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON** Bar vitni í málinu símléiðis frá Lúxemborg.

FRÉTTABLAÐIÐ / CVA

til þess að stjórnendur bankans hefðu ætlast til þess að bréfin yrðu í hans eigu á meðan hann starfaði hjá bankanum.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrir-

verandi forstjóri Kaupþings, bar vitni í málinu í gegnum síma frá Lúxemborg. Hreiðar tók undir orð Bjarka um að ekki hafi verið ætlast til þess að hann, eða aðrir starfsmenn Kaupþings sem gerðu svipaða samninga, myndu selja bréfin.

Bjarki sagði að næði úrskurður Ríkisskattstjóra um endurákvörðun á skatti upp á 100 milljónir króna fram að ganga, sem og ákvörðun slitastjórnar Kaupþings um riftun á niðurfellingu persónulegra ábyrgða, yrði hann gjaldþrota. Enginn maður myndi ráða við þessar skuldbindingar.

- jhh

## Efna til hádegisverðarfundar: Ræða áhrif gengislánadóms

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga efnir til hádegisverðarfundar á Grand Hótel í dag. Á fundinum verður fjallað um áhrif dóms Hæstaréttar á gengistryggð lán.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fjallar um viðbrögð atvinnulífsins við dómnum. Brynjar Nielsson hæstaréttarlögmaður fer yfir hin lagalegu áhrif og Tryggvi Þór Herbertsson þingmaður fjallar um áhrif dómsins á fjármála- stofnanir og almennig.

- jg



### Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lágmla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. ráðgjöf við val á næringarvörum vegna vannæringar eða sjúkdóma.

Þjónustan er veitt virka daga frá 8 til 17



www.lyfja.is

FRÉTTABLAÐIÐ/LYFJA 01/08/10/00



**ÞORGERÐUR RAGNARSDÓTTIR** Lífeyrisþegar átta sig oft ekki á því að það þurfi að láta vita strax af öllum tekjum til að tryggja réttar lífeyrisgreiðslur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Náttúruleg vellíðan*

## ERTU MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurkki í leggöngum, kláða, sveppasykingu eða færðu sár við notkun dömubinda?

Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.

**natracare®**  
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is

# Lífeyrisþegar hjá TR axli sjálfir ábyrgð

Vegna tekjutengingar lífeyrisgreiðslna fá lífeyrisþegar iðulega bakreikninga eftir að hafa fengið of mikið borgað miðað við tekjur. Samkeyrsla upplýsinga dregur úr þessu. Lífeyrisþegar eru sjálfir ábyrgir fyrir réttum upplýsingum.

**TRYGGINGAMÁL** Vonast er til að draga muni úr röngum greiðslum til lífeyrisþega Tryggingastofnunar ríkisins á næstu árum að sögn Þorgerðar Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra þjónustu- og kynningarsviðs stofnunarinnar.

Afar algengt er að gerðar séu leiðréttingar á lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun og lenda margir í því að þurfa að endurgreiða. Skýrist það af því að slíkar greiðslur frá stofnuninni eru tekjutengdar. Miðast það við allar skattskyldar tekjur, hvort sem það eru atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Líka er horft til alls kyns styrkja sem fólk fær. „Til dæmis ef fólk fær styrki frá Reykjavíkurborg til að breyta húsinu sínu þá skiptir það máli,“ segir Þorgerður Ragnarsdóttir.

Áður fyrr gerði það Tryggingastofnun erfitt fyrir að ýmis opinber kerfi voru ekki samkeyrð. Það er nú breytt. Meðal annars fékk TR aðgang að upplýsingum um fjármagnstekjur fólks 1. janúar 2009.

„Það eru aðallega fjármagnstekjur sem trufla. Fjármagnstekjur eru vextir og verðbætur af bankareikningum, ágóði af hlutabréfum, leigutekjur, söluhagnaður af íbúðarhúsnæði sem fólk hefur átt í meira en tvö ár,“ útskýrir Þorgerður og undirstrikar að samkvæmt lögum þurfi fólk sjálft að henda reiður á slíkum tekjum og áætla fram í tímann. „Þannig að fólkíð sem sækir lífeyri hingað ber ábyrgð á að segja okkur frá laun-

“Fólk kemur og hringir og skrifar og spyr og við svörum eftir bestu getu.

**ÞORGERÐUR RAGNARSDÓTTIR** FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG KYNNINGARSVIÐS TR.

unum sínum og öllum tekjum, líka fjármagnstekjum.“

Þorgerður segir marga ekki gera sér grein fyrir því hvaða tekjur hafi áhrif. „Fólk upplýsir okkur kannski eftir bestu vitund og samþykkir okkar uppástungur um tekjuáætlun en svo gerist eitthvað óvænt hjá þeim. Kannski fær það arf eða eingreiðslu úr lífeyrissjóði og gerir sér ekki grein fyrir að það skipti máli og lætur ekki vita. Þá fær það bakreikning.“

Að sögn Þorgerðar kynnir Tryggingastofnun með margvíslegum hætti hvernig í pottinn sé búið í þessum efnum. Bæði með útsendum fréttum, auglýsingum og upplýsingaefni á vefnum auk annars.

„Fólk kemur og hringir og skrifar og spyr og við svörum eftir bestu getu. Við erum með kynningarfundum alls staðar þar sem er óskað eftir því og boðum líka til slíkra funda sjálf,“ segir Þorgerður sem sér fram á að smám saman muni draga úr því að lífeyrisþegar fái ranga upphæð greidda. „Við horfum fram til þess að þetta muni minnka vegna þess að við erum með betri upplýsingar.“

gar@frettabladid.is

**5125050** Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...



NYTT

# Rjúfðu smitleiðina!

Einfalt hreinlæti getur stuðlað að því að vernda þig og fjölskyldu þína gegn hættulegum sýklum og veirum.



Notaðu **Dettol bakteríudrepani Hand Sanitizer Gel** til þess að drepa sýkla og veirur (þ.m.t. H1N1) og halda höndunum hreinum án þess að nota vatn og sápu.



Rjúfðu smitleiðina með því að nota **Dettol sóttþreinsiúða** til þess að sóttþreinsa reglulega yfirborðsfleti sem hendurnar komast í snertingu við.



Þvoðu þér vandlega og reglubundið um hendur með **Dettol bakteríudrepani handsápu** til þess að koma í veg fyrir að hættulegar örveirur geti dreift sér.

**FÆST AÐEINS Í APÓTEKUM**



Dettol verndar



1. Hversu hátt hlutfall landsmanna vill frekari aðskilnað ríkis og kirkju?

2. Hvaða fyrrverandi ráðuneytisstjóri kann að verða rannsak- aður af ríkissaksóknara?

3. Hver leikstýrir Brimi, nýju íslensku kvikmyndinni?

SVÖR

1. 73 prósent. 2. Baldur Guðlaugsson. 3. Arni Ólafur Ásgeirsson.

Ólína spyr í þriðja sinn:

## Vill upplýsingar um afskriftir

**ALÞINGI** Ólína Þorvarðardóttir Samfylkingunni hefur krafð efnahags- og viðskiptaráðherra svara um skuldamáð útgerðarfélaga. Hún vill meðal annars vita



ÓLÍNA ÞORVARÐARÐÓTTIR

hver skulda- staða félaganna hjá bönkum og Byggðastofnun er og hve mikið hefur verið afskrifað.

Nýleg frétt um milljarða afskriftir á skuldum smábátaúterðar í eigu Skinneyjar-Þinganes er til- efni fyrirspurnarinnar.

Ólína hefur í tvígang áður lagt sambærilega fyrirspurn fyrir ráð- herra en ekki fengið viðhlítandi svör.

- bps

# Alnæmisleikþættir til fræðslu í Malaví

Hlutfall alnæmissmitaðra í Malaví hefur lækkað úr 14,4 prósentum í 12 síðan 2007. Íslenski Rauði krossinn hefur aðstoðað heimamenn, kennt þeim að rækta grænmeti og uppfrætt þá um smitleiðir með leikþáttum í stíl Spaugstofunnar.

**HJÁLPARSTARF** Alnæmissmituðum í Malaví hefur fækkað úr 14,4 prósentum landsmanna í tólf prósent frá árinu 2007. „Það er stórkostlegt fyrir okkur að vera partur af því sem er að gerast,“ segir Þórir Ólafsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands.

Rauði kross Íslands starfar með Rauða krossi Malaví í tveimur héruðum í landinu þar sem hlutfall alnæmissmitaðra er með því hæsta sem gerist. Þar aðstoða samtökin um 3.600 börn sem flest eru munaðarlaus eftir að hafa misst foreldra sína úr alnæmi. „Þá þurfa yfirleitt afi og amma eða aðrir þorpsbúar að ala þau upp og það er gífurlegt álag á fólk sem rétt lifir milli uppskerutímabíla. Við höfum meðal annars komið upp athvörfum fyrir þessa krakka þar sem sjálfboðaliðar hugsa um þau og þá fá þau eina máltíð á dag. Fyrir mörg þeirra er þetta eina máltíðin sem þau fá,“ segir Þórir.

Liður í forvarnastarfinu er að leiklistarhópar, skipaðir heimamönnum, fara á milli þorpa og setja upp leikþætti þar sem upp- lýsingum um smitleiðir alnæmis er komið á framfæri. „Það er geysilega skemmtilegt og mikil tilbreyting fyrir fátæka bændur í þorpunum þegar það kemur svona leiklistarhópur og setur upp eins konar Spaugstofuskets sem síðan inniheldur líka skilaboð. Nú vill maður ekkert segja að það sé beint samhengi á milli þess að við höfum verið með þessa fræðslu í tveimur héruðum og það að alnæmissmituðum sé að fækka,“ segir Þórir.

Þórir segir að heimamönnum sé



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Þótt talsverð alvara búi að baki þessum leikþætti hafa áhorfendur af honum gaman. Hann hefur meðal annars það hlutverk að fræða þorpsbúa um smitleiðir alnæmis.

MYND / ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

einnig hjálpað að rækta grænmeti. „Nú er svo komið að fólk kemst á alnæmislyf ef það uppgötvar sjúkdóminn nógu snemma – og það skiptir gífurlegu máli – en hins vegar er aukaverkan lyfjanna sú að menn eru stöðugt svangir. Til þess að þau virki sem skyldi þarf næringarástand líkamans líka að vera gott,“ segir Þórir. Fólk sé því kynnt fyrir nýjum ræktunaraðferðum, meðal annars í þeirri von að sú þekking berist víðar.

stigur@frettabladid.is



**KAUPMANNAHÖFN** Þjófar hafa í tvígang brotist inn hjá danska skattinum.

Innbrot hjá dönsku ráðuneyti:

## Tölvum stolið frá skattinum

**KAUPMANNAHÖFN, RITZAU** Biffræfnir þjófar hafa í tvígang brotist inn í húsnæði danska skattaráðuneytisins undanfarið og haft þaðan burt fjölmargar tölvur.

Í tilkynningu frá skattinum segir að 27 tölvum hafi verið stolið í innbroti um helgina en aðfaranótt föstudags var fimmtán tölvum til viðbótar stolið.

Lögreglan telur að aðgangskort starfsmanns hafi verið notað í fyrri innbrotinu.

Talsmaður skattsins segir engar viðkvæmar upplýsingar að finna á tölvunum sem stolið var, þar sem upplýsingar á tölvum ráðuneytisins séu dulkóðaðar. - þj

ESB-viðræður Íslands:

## Sameiginleg nefnd stofnuð

**EVROPUMÁL** Sameiginleg þingmannanefnd Íslands og ESB verður formlega stofnuð í dag í Þjóðmenningarhúsinu.

Við það tækifæri verður rætt um samskipti Íslands og ESB, um stöðu efnahagsmála á Íslandi og sjávarútvegsstefnur Íslands og ESB. Einnig um Norðurslóðir og orkumál. Ályktað verður um aðildarviðræður Íslands og ESB í lok fundar.

Slík nefnd er ætíð stofnuð til að fylgjast með aðildarviðræðuferli umsóknarríkis og ESB, segir í tilkynningu. Í íslensku nefndinni eru átján þingmenn, helmingur þeirra er frá Íslandi.

- kóp



**GEERT WILDERS** Frelsisflokkurinn fékk 24 menn kjörna á hollenska þingið í kosningum í vor en hafði níu menn

Réttað yfir Geert Wilders:

## Umdeildur þingmaður ákærður

**AMSTERDAM** Réttarhöld hófust í gær yfir hollenska þingmanninum Geert Wilders sem leiðir Frelsisflokkinn, þriðja stærsta stjórnmálaflokk landsins.

Wilders er umdeildur maður í Hollandi en flokkur hans hefur harða stefnu gegn innflytjendum og þykir mörgum sem hann geri út á fordóma gegn þeim.

Wilders er ákærður fyrir að hafa kynt undir hatur gegn múslimum. Verði hann fundinn sekur er hægt að dæma hann í allt að eins árs fangelsi.

Ný samsteypustjórn var kynnt í Hollandi í síðustu viku eftir margra mánaða þóf en Frelsisflokkurinn ver hana falli. - mþl

FYRIRTÆKI

# Sveigjanleg GSM áskrift með eitt mínútuverð óháð kerfi



\*Upphafsgjald 6,50 kr.

## GSM Samband fyrir fyrirtæki

GSM Samband er sveigjanleg áskriftarleið sem sameinar hagsmuni fyrirtækja og starfsfólks. Fyrirtækið kaupir Grunnáskrift á 499 kr. á mánuði\* og bætir síðan við mismunandi pökkum, allt eftir þörfum hvers og eins, sem annaðhvort fyrirtækið eða starfsmenn greiða fyrir. Lægra mínútuverð og sveigjanlegar áskriftarleiðir geta lækkað símakostnað fyrirtækisins og starfsfólks.

Það er Síminn

800 4000 • siminn.is

ENNEM / SIA / NIM3733

# ÍSLENSK HEILSURÚM


Framleiðum rúm í öllum stærðum!

## HAUSTÚTSALA

50% afsláttur af heilsukoddum

**30% afsláttur**  
**af öllum heilsurúmum**  
**MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG  
**FRÍ LEGUGREINING**



**30% AFSLÁTTUR**  
**AF HEILSURÚMUM**

**VERÐDÆMI:**

Íslensk rúm:

90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-

160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

**ÖLL ARINELDSTÆÐI Á**  
**50% AFSLÆTTI**

EITT BESTA VERÐ  
LANDSINS Á  
GEL / ETHANOL  
ARINELDSTÆÐUM.

Ethanol  
uppkveikilögur 2L.  
Kr. 1.600,-



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM**

Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)



**MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI**

# Margþætt andúð tjáð af krafti

Dúsundir komu saman á Austurvelli í gærkvöld þegar forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína á Alþingi. Gífurlegur hávaði var í mótmælunum þegar barðar voru bumbur og flautur þeyttar.

Meðal þess helsta sem brann á viðmælendum Fréttablaðsins í hópi mótmælenda var óánægja með frammi-stöðu stjórnámálanna, skortur á lausnum á skuldavanda heimilanna, argaþras stjórnmaflokka á Alþingi, skulda-uppgjöf til stórfyrirtækja og aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að íslenskum efnahagsmálum. Fólk úr öllum stigum þjóðlífsins mætti til að láta rödd sína heyrast og var almennt kallað eftir því að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til kosninga.

Alþingishúsið var þakið eggjum, skyri og málningu og hafði einn viðmælendi Fréttablaðsins, Alvar Óskarsson, það á orði að það væri sami sorinn inni í húsinu og var utan á því.

Annar mótmælendi, Sólveig Anna Jónsdóttir, sagði ótrúlegt að upplifa stemninguna, fólk væri mætt til að sýna samstöðu og fréttir síðustu daga um afskriftir lána til stórfyrirtækja hefðu eflaust kveikt í því. **thorgils@frettabladid.is**



**OF HÁTT** Þessi piltur mætti með mömmu og pabba á Austurvöll en hafði varann á og hafði heyrnarhlífar yfir eyrunum.



**FARARTÁLNUM MÓTMÆLT** Girðing lögreglu í kringum Alþingishúsið hleypti illu blóði í nokkra mótmælendur sem skeyttu skapi sínu á stálinu.



MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI



**ELDGLÆRINGAR**  
Bekkir og ruslafötur voru meðal þess sem brennt var á Austurvelli í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR**  
Viggirðing lögreglu umhverfis Alþingishúsið hélt að mestu aftur af mótmælendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SKÝR SKILABOÐ** Þessi hafði það ekki í sér að skrifa fúkyrði á skiltið sitt en sagði samt hug sinn allan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Við *fræðum* þig um fjármál á mannamáli.**

Stundum er erfitt að ná almennilega utan um öll þau hugtök sem notast er við þegar fjármál eru til umræðu. Til að bæta úr því höfum við ýtt af stað fræðsluáttakinu FJÁRMÁL í samstarfi við stofnun um fjármálalæsi, þar sem fjallað er um fjármál á mannamáli. Kynntu þér málið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

**LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐIÐ**



Húsmiðjublaðið er á leiðinni til þín!  
Kynntu þér lægsta lága verðið hjá okkur

**HÚSASMÍÐJAN**  
**BÝÐUR LÁGT VERÐ**  
**Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM**

**KYNNNTU ÞÉR**  
**LÆGSTA**  
**LÁGA**  
**VERÐIÐ**  
**Í HÚSASMÍÐJUNNI**



**HÚSASMÍÐJAN**

Jóhanna vill horfast í augu við vandann, en býður ekki upp á skýrar lausnir.

## Beðið um vantrauststillögu

Stefnuræða Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gærkvöldi bar vott um að hún horfðist í augu við þann margvíslega vanda, sem við blasir í málefnum þjóðarinnar. Forsætisráðherra gerði rétt í því að viðurkenna vandamálin og leitast við að nálgast þau af ákveðinni auðmýkt. Hins vegar verður ekki sagt að Jóhanna hafi boðað sannfærandi leiðir út úr öllum þeim vanda.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Jóhanna viðurkenndi þannig að ríkisstjórnin og Alþingi nytu lítills trausts og mættu harðri gagnrýni. Hún viðurkenndi að málalok varðandi ákærur fyrir landsdómi hefðu verið mistök, sem þyrfti að læra af. Forsætisráðherra bauð upp á samstarf allra flokka, meðal annars um

lögum um landsdóm og ráðherraábyrgð, til að reyna að græða sárin. Hætt er við að mörgum þyki það boð koma heldur seint.

Fólkið, sem mótmælti á Austurvelli á meðan forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína, vildi væntanlega fyrst og fremst heyra hvernig gengi að efla atvinnustarfsemi í landinu og hvort frekari aðgerðir í þágu skuldugra heimila og fyrirtækja væru áformaðar. Forsætisráðherrann taldi upp margvísleg verkefni á sviði atvinnumálanna, en það vekur athygli hversu lítið afdráttarlaus hún var um að Ísland væri opið fyrir erlendum fjárfestingum, sem kynnu að geta örvað atvinnu og hagvöxt. Um líkur á því að reist yrði álver í Helgavík var til að mynda lítið sagt. Kannski hefur það dottið út í yfirlestri samstarfsflokksins.

Jóhanna boðaði ekki frekari úrræði en þegar hafa verið ákveðin til að bjarga skuldugum fjölskyldum frá þroti eða húsnæðismissi, heldur vísaði á það sem þegar hefur verið fest í lög og boðaði aukna kynningu á þeim úrræðum. Það er raunsætt mat hjá forsætisráðherra að ekki verður hægt að bjarga öllum fjölskyldum frá því að missa íbúðir sínar á uppboði. Til þess er staða sumra of slæm. Því fólki vísar Jóhanna á félagslegar lausnir í húsnæðismálum og efldan leigumarkað með húsnæði.

Varla leikur vafi á að endurskoða þarf hvaða kostir standa fólki, einkum lágtekjufjölskyldum, til boða á húsnæðismarkaði. Hins vegar hlýtur að þurfa að stokka spilin rækilega, en ekki stökkva aftur í gamla félagslega húsnæðiskerfið, sem var ónýtt. Líklega verður þetta eitt mikilvægasta verkefnið á næstunni.

Jóhanna sagði að ekki stæði á henni að víkja, teldu menn að nýjar kosningar, nýtt þing og ný stjórn myndu auðvelda úrlausn þeirra vandamála, sem við blasa. Þarna virðist forsætisráðherra í raun hafa verið að biðja um vantrauststillögu á þingi. Þá er spurningin hvort stjórnarandstaðan telur sig geta náð saman við óánægða stjórnarþingmenn um að koma stjórninni frá og boða til kosninga – og hvort menn telja líklegt að hægt verði að ná saman um nýtt og árangursríkara stjórnarsamstarf eftir kosningar. Í þessu efni má segja að Jóhanna hafi komið boltanum yfir á stjórnarandstöðuna.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Endursöluáðilar um land allt

osram.is

## GOÐSAGNIR UM SPARPERUR

„... er ekki hægt að dimma“

OSRAM býður upp á dimmanlegar sparperur með OSRAM DULUX® INTELLIGENT DIM vörulínunni. Athugaðu að venjulegar sparperur er ekki hægt að nota með dimmerum.



SJÁDU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI

OSRAM



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fagmennska í fyrirrúmi

„Ég óskaði eftir að starfsmenn ráðuneytisins færu yfir umsóknirnar á faglegum nótum,“ sagði Ögmundur Jónasson þegar Fréttablaðið spurði hann um ráðningu Jóhanns Guðmundssonar, pólitíks aðstoðarmanns Jóns Bjarnasonar, í starf skrifstofustjóra auðlinda-skrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins. Ögmundur tók við keflinu vegna tengsla Jóns og Jóhanns. Í útvarpsfréttum sagði hann rangt að nota það gegn Jóhanni að hafa verið



„faglegur aðstoðarmaður“ Jóns Bjarnasonar. Annars er ýmislegt óljóst um ráðningarfærið, meðal annars hvort það voru samstarfsmenn Jóhanns í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu sem fóru yfir umsóknirnar á „faglegum nótum“ áður en ráðherrann tók sína faglegu ákvörðun.

#### Innáskiptingar

Líklega hafa aldrei fleiri varapingmenn verið á mælendaskrá í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra en á mælendaskránni



sem lögð var fram fyrir umræðuna í gær. Aðeins flokksformaðurinn Steingrímur J. Sigfússon, talaði fyrir hönd síns flokks, af kjörnum þingmönnum og starfandi ráðherrum. Sér við hlið hafði hann varapingmennina Ólaf Þór Gunnarsson, staðgengil Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, og Jóranni Einarsdóttur, annan varamann Atla Gíslasonar. Þá var Baldvin Jónsson kallaður inn til að flytja jómfrúrræðu sína sem þingmaður Hreyfingarinnar á Alþingi í gærkvöldi en Birgitta Jónsdóttir tók sér launalaust leyfi.

peturg@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Kosið um álver og stjórnlagabætur?

### Straumsvík



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

Aukin framleiðsluaukning og nýjar fjárfestingar álversins í Straumsvík hafa nýlega verið kynntar og er sannarlega um að ræða góðar fréttir fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Rúmlega 600 ný störf verða til á framkvæmdatímanum; einkum fyrir iðnaðarmenn, verkfræðinga, tæknifræðinga og verkafólk. Heildarfjárfesting álversins nemur um 55 milljörðum króna. Þessar staðreyndir munu hafa mikil áhrif og verða dýrmæt innspýting í íslenskt samfélag, ekki síst nú þegar uppbygging í atvinnulífinu er grundvallarforsenda þess að efnahagslífið rétti úr kútnum. Forsvarsmenn álversins segja þessi nýju verkefni og raforkusamninga styrkja álverið og treysta starfsemi þess til framtíðar.

Þeir sem fara með stjórnartaumana í landinu um þessar mundir hafa nú ekki beinlínis skapað bestu aðstæður til atvinnuuppbyggingar eða gert fyrirtækjum í samkeppni auðveldara fyrir að halda velli eða dafna í því árferði sem nú er. Rétt eins og fyrir þremur árum þegar meirihluti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði setti fótinn fyrir stækkunaráform og atvinnuuppbyggingu álversins í Straumsvík með því að skipta um kúrs í miðjum undirbúningi stækkunarinnar og boða til íbúakosningar þar um. Ekki fyrsta dæmið um hin svoköllu-

uðu „klækjastjórn“ Samfylkingarinnar. Það skyldi gert í ljósi mikillar lýðræðisástar bæjaryfirvalda og samþykktu Hafnarfjarðarkaupstaðar sem gerðu ráð fyrir því að íbúar gætu kosið um mikilvæg málefni bæjarfélagsins. Við þekkjum niðurstöðuna úr þeim kosningum, þar sem mjótt var á mununum, en í samþykktum Hafnarfjarðar var einnig gert ráð fyrir að bæjarbúar gætu sjálfir farið fram á íbúakosningu ef tilskilinn fjöldi íbúa væri þar að baki.

Fyrir nokkrum mánuðum bárust bæjaryfirvöldum undirskriftalistar þúsunda bæjarbúa þar sem farið var fram á að íbúakosningin yrði endurtekin. Skemmt er frá því að segja að undirskriftirnar eru enn á borði bæjarstjóra. Lýðræðinu sem íbúum Hafnarfjarðar er boðið upp á í samþykktum og háttíðarræðum, hefur ekki verið fullnægð. Nú standa kosningar til stjórnlagabætur fyrir dyrum í sveitarfélögum landsins. Við sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar höfum lagt til að íbúakosning um deiliskipulag við Straumsvík fari fram um leið. Þar með yrði kröfum þúsunda bæjarbúa svarað og málið afgreitt af hálfu bæjarinnar. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvort meirihlutinn hafi kjark til að samþykkja tillögu okkar sjálfstæðismanna og verða við lýðræðisóskum bæjarbúa.



# Stalín eða stjórnarskráin?



Í DAG

Sverrir Jakobsson  
sagnfræðingur

Fyrir viku síðan samþykkti Alþingi í fyrsta sinn í sögu Íslands að kæra einn af fyrrverandi ráðamönnum þjóðarinnar fyrir landsdómi. Jafnframt var felld tillaga um að ákæra þrjá aðra ráðamenn fyrir svipaðar eða sömu sakir. Tilefni ákæruna er einnig einsdæmi í Íslandssögunni, en ákærunar snúa að aðgerðum og aðgerðaleysi í aðdraganda efnahagshrunsins haustið 2008. Ekki var við því að búast að ákvörðun Alþingis yrði óumdeild en þó koma sum stóryrði sem hafa verið látin falla í fjölmiðlum hennar vegna nokkuð á óvart. Einkum í ljósi þess að ákæran á sér nokkurn aðdraganda og skipun nefndar til að kanna grundvöll slíkrar ákæru vakti ekki jafn ofsafengin viðbrögð.

Heyrst hefur af hálfu stjórnarandstæðinga og gifufyrtra blaðamanna að ákæru sem þessar séu „pólítískar“ og eigi sér enga hliðstæðu nema í „fyrrum austantjaldsríkjum“. Ástæða er til að gera athugasemdir við þá rökleysu og fáheyrðu sögulegu hliðstæðu sem hér er dregin upp. Í fyrsta lagi þá er það rökleysa að gefa í skyn að það sé misnotkun á lögum um landsdóm að gefa út ákæru á pólítískum grundvelli því að það kemur skýrt fram í þeim að tilgangur landsdóms sé að dæma í málum sem Alþingi „ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra“. Þessum lögum hefur margoft verið breytt á undanfönum árum en aldrei hefur það verið niðurstaða þingmeirihlutans að þau væru úrelt. Ekki hefur heldur komið til

umræðu að fella ákvæði um landsdóm úr 14. grein stjórnarskrárinnar. Núgildandi lög um landsdóm voru samþykkt 1963 og voru breyting á eldri lögum frá 1905. Það lagafrumvarp var ekki samið af Jósef Stalín heldur af Ólafi Jóhannessyni að beiðni þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarna Benediktssonar. Í greinargerð með því lagafrumvarpi er hnykkt á nauðsyn slíks dómstóls og það talið „ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsíábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Það getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á... Samkvæmt stjórnarskránni á og þarf landsdómur að vera til.“ Ástæða er til að benda fyrrver-

itísk skilyrði. Vel má færa rök að því að hrúnið 2008 gefi tilefni til slíkra ákæra, enda var það niðurstaða Alþingis þegar skipuð var nefnd allra flokka til að rannsaka það. Tilgangur slíkra rannsóknarnefnda getur aldrei verið að hvíþvo stjórnmalamenn af því aðhaldi sem fylgir ráðherraábyrgð og það hefði verið óvænt og umdeild niðurstaða ef nefndin hefði ekki beitt sér fyrir neinum ákærum.

Annað mál er svo hvort sú niðurstaða Alþingis standist gagnrýna skoðun, að kæra aðeins einn af fjórum fyrrverandi ráðherrum fyrir landsdómi en ekki hina þrjá sem voru bornir svipuðum sakargiftum. Sú niðurstaða endurspeglar að ýmsu leyti hinn pólítíska veruleika. Eitt af því sem hefur



Ákæru fyrir landsdómi verða aldrei daglegt brauð eða hluti af hversdagslegri pólítískri baráttu.

andi ráðherrum og blaðamönnum Morgunblaðsins á að lesa þá greinargerð í heild sinni. Eftir þann lestur er erfitt að halda því fram að ákæru fyrir landsdómi séu eitthvað annað en eðlilegur valkostur í lýðræðisríki. Sú var enda niðurstaða Dana þegar Erik Ninn-Hansen fyrrverandi dómsmálaráðherra var leiddur fyrir landsdóm árið 1995 og sakfelldur.

Á hinn bóginn er ljóst að ákæru fyrir landsdómi verða aldrei daglegt brauð eða hluti af hversdagslegri pólítískri baráttu. Hótanir forystumanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að misbeita slíkum ákærum í hefndarskyni vegna niðurstöðu Alþingis 28. september s.l. eru af þeim sökum sérlega óviðeigandi og grafa undan andanna laganna um landsdóm. Ákæru af þessu tagi verða aldrei annað en neyðarúrræði við óvenjuleg pól-

dregið úr líkum á ákærum fyrir landsdómi á Íslandi er að fyrningafrestur mála er skammur og afar sjaldgæft að stjórnarskipti verði með þeim hætti að skipt sé um alla flokka í ríkisstjórn. Á Íslandi gerðist það seinast árið 1971. Svo var einnig eftir hrúnið, að annar stjórnarflokkurinn sat áfram í ríkisstjórn og átti aðild að þingmeirihluta. Það bar því vott um mikinn pólítískan kjark af hálfu Samfylkingarinnar að láta þingnefnd rannsaka ráðherra úr eigin flokki. Sá kjarkur brást hins vegar þegar á hólminn var komið. Að lokum var einungis Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra ákærður og sætir því að ýmsu leyti ábyrgð fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar sem hann leiddi. Núna er það landsdóms að komast að niðurstöðu. Málið er komið úr höndum stjórnmalamanna.

# Fjölguum störfum á Íslandi

Opinberir starfsmenn

Orri Hauksson  
framkvæmdastjóri  
Samtaka iðnaðarins




Upplýsingafulltrúi BSRB, Kolbeinn Óttarsson Proppé, vikur sterkum orðum að undirrituðum og Samtökum iðnaðarins í grein hér í blaðinu. Taldi hann okkur reyna að varpa rýrð á opinbera starfsmenn og beita til þess talnabekkingum. Hvorugt á við rök að styðjast. Samtök iðnaðarins hafa bent á það undanfarið að störfellid kreppa og atvinnuleysi hefur ríkt í mörgum iðngreinum undanfarin þrjú ár en á meðan gefa opinber gögn til kynna að störfum í opinbera geiranum hafi fjölgað umtalsvert síðustu árin.

Kolbeinn dregur í efa sam-anburðarhæfni tiltekinna talna Hagstofunnar milli ára, sem við höfum vitnað í, og byggir sínar stóryrtu ávirðingar á Samtök iðnaðarins þar á. Þetta réttlætir varla ásakanir á hendur Samtaka iðnaðarins um lygar og blekkingar enda snýst boðskapur okkar ekki um hver sé hárnákvæmur fjöldi opinberra starfsmanna á hverjum tímapunkti. Kolbeinn bendir réttilega á að nýlega hafi verið breytt um starfaflokkunarkerfi hjá Hagstofunni. Þannig kunna fjöldatölur starfsmanna í opinbera geiranum að undanfönum að vera mældar með örlítið mismunandi aðferðum eftir því sem tíminn líður. Þetta er hins vegar aukaatriði. Samtök iðnaðarins hafa engan ásetning um að bera á borð rangar tölur eða túlka þær á misvísandi hátt. Lykil-

atriðið er að óheyrilegur fjöldi starfa hefur tapast og samdráttur í þjóðarbúskapnum er mikill. Enn sem komið er hefur kreppan bara í takmörkuðu mæli birst þeim sem starfa í opinbera geiranum. Benda má á frétt Stöðvar 2 frá sl. sunnudagskvöldi, en þar kom fram að atvinnuleysi meðal þeirra sem störfuðu hjá hinu opinbera er um 2%, á meðan atvinnuleysi af almennum vinnumarkaði er um 9%. Þar kom einnig fram að sl. 10 ár hafi opinberum starfsmönnum fjölgað um 47%. Þessar tölur er tæpast hægt að draga í efa og eru til marks um að einkageirinn er að axla þingstu byrðarnar vegna kreppunnar í formi mikils atvinnuleysis og minnkandi atvinnu.

Vissulega stendur opinberi geirinn nú frammi fyrir erfiðleikum enda er umtalsverður niðurskurður fram undan sem óhjákvæmilega mun valda fækkun starfa í þeim geira. Þetta þarf hins vegar ekki að þýða að störfum í landinu þurfi að fækka.

Samtök iðnaðarins hafa síður en svo horn síðu opinberra starfsmanna. Við erum öll Íslendingar, verkefnið er að fjölga störfum varanlega í landinu og gefa vinnufúsum höndum viðnám fyrir krafta sína, hvað sem vinnuveitandinn heitir í hverju tilviki. Atvinnulífið og heimilin greiða skattana sem hið opinbera ver til rekstrar síns í dag. Skuldir hins opinbera verða að sköttum á morgun. Hinn almenni vinnumarkaður og hið opinbera geta unnið ágætlega saman að því að draga úr kostnaði hins opinbera en fjölga um leið störfum í landinu og skjóta sterkari stoðum undir efnahag landsins.



## Óskum eftir karlmönnum sem vakna um nætur

**Karlmönnum, sem hafa ama af tíðum næturþvaglátum, er boðið að taka þátt í rannsókn á áhrifum SagaPro.**

Áhugasömum er bent á að leita frekari upplýsinga í síma 510 9911 eða 664 9937 milli kl. 8.30 og 16.30, eða með tölvupósti á netfangið clinic@encode.is. Nánari upplýsingar: [www.sagapro.is](http://www.sagapro.is)



# Mannréttindi fatlaðra

## Fatlaðir

Sesselja Guðmundsdóttir  
félagsliði



Fram undan er flutningur mál-efna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Nýlega kom fram svört skýrsla til Alþingis frá Ríkisendurskoðun varðandi þjónustuna enda tímabært að Alþingi, félagsmálaráðuneytið og viðkomandi svæðisskrifstofur fengju á baukinn. Lög eru brotin ár eftir ár, lítilsvirt af ráðuneyti, svæðisráðum, trúnaðarmönnum og svæðisskrifstofum.

Á fyrsta ári mínu í starfi (2003) varð ég aftur og aftur vör við misbeitingu valds á mínu fólki, kerfislega, andlega, og einu sinni líkamlega. Ég fór erindisleysu frá trúnaðarmanni til ráðuneytis í heilt ár. Sú reynsla mín varð til þess að ég hef stöðugar gætur á bákninu. Lög frá 1992 segja: „Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir sem láta sig hag fatlaðra varða að réttur fatlaðra á heimili fatlaðra [...] sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafalaust.“ Þrisvar á síðustu tveimur árum hef ég leitað til trúnaðarmanns varðandi mannréttindi en fengið lítil viðbrögð. Í des. 2007 sendum við nokkrir samstarfsmenn erindi til svæðisskrifstofu (og afrit til trúnaðarmanns), varðandi brot á fjórum íbúum af fimm í þjónustublokk. Svarbréf frá svæðisskrifstofu var hrokafullt og okkur bent á að sinna störfum okkar betur. Svo kom loks svar frá trúnaðarmanni í tölvupósti (febr. 2008) sem innihélt fáein orð en sagði ekkert um úttekt né niðurstöðu málsins.

Í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar segir: „Eftirlit með þjónustu fatlaðra er óviðundandi. Þetta er einkum alvarlegt vegna þess að oft er um að ræða einstaklinga sem eru ófærir um að standa vörð um réttindi sín vegna eigin fötlunar.“ Ég hvet fólki til þess að kynna sér skýrsluna ([www.ríkisend.is](http://www.ríkisend.is)). Hjá ríkinu eru til umboðsmenn: Umboðsmaður Alþingis, Umboðsmaður barna, og nú nýlega Umboðsmaður skuldara. Hvenær er von á Umboðsmanni fatlaðra? Núverandi kerfi felur í sér eftirlit með sjálfu sér, sbr. störf svæðisskrifstofa í réttindamállum fatlaðra. Almennir starfsmenn svæðisskrifstofa eiga erfitt með að kvarta fyrir hönd sinna því þær fela í sér gagn-

réttindagæslumönnum og réttinda-vakt félags- og tryggingamálaráðuneytisins.“ Nóg er nú málskrúðið. Þó er einn titill þarna sem binda má vonir við, það er talsmaðurinn. Hinar langlokurnar þýða það sama og núverandi kerfi hefur byggt á, þ.e. trúnaðarmenn og svæðisráð. Of lengi hefur verið talið að með breyttu orðalagi í umhverfi fatlaðra lagist allt.

Ríkisendurskoðun efast um faglegan ávinning af flutningnum enda er sjaldnast hægt að flýja vandamálin. Þau hafa tilhneigingu til þess að flytja með manni bæ frá bæ ef ekki er tekið á þeim. Nú er verið að tryggja yfirmönnum málaflokksins störf á breyttum vettvangi, þ.e. hjá nýtilkomnu félags-

“ Því má spyrja sig að því hvort ekki sé verið að færa sinnuleysið um set.

rýni á yfirmenn. Það væri fróðlegt að vita fjölda þeirra sem hafa kvartað formlega (fatlaðir, aðstandendur, starfsmenn) til svæðisráða eða trúnaðarmanna á t.d. síðustu fimm árum.

Meginmarkmið með flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga „er að tryggja fötludum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs“. Lögin hafa hingað til ekki verið uppfyllt. Brölt frá einum stað til annars er oft afleiðing reiðileysis og ráðleysis. Í skýrslunni eru nefndar lagatillögur ráðuneytis- hóps frá 2009 um réttindagæslu fyrir fatlað fólki með „persónulegum talsmönnum, svæðisbundnum

trygginga- og heilbrigðisráðuneyti sem og sveitarfélögum. Því má spyrja sig að því hvort ekki sé verið að færa sinnuleysið um set. Þessar vikur er mikið talað um ábyrgð ráðamanna, t.d. fyrrum ráðherra og bankamanna. Í þennan dilk má líka draga ábyrgðarmenn síðustu ára um réttindi fatlaðra. Vonandi hafa bæjarfélögin kraft til þess „að tryggja fötludum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs líf.“ eins og stendur í lögum frá 1992. Þau lög hafa verið hunsuð í 18.ár. „Málaflokkur á tímamótum“ segir nýi ráðherrann Guðbjartur Hannesson. Orðið tíma- mót felur ekkert endilega í sér betri tíð en vonandi verður svo.

# Fjármögnun vísindarannsókna á tímum kreppu

## Háskólarannsóknir

Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon

prófessorar við læknadeild HÍ



Það er almennt viðurkennt að öflug rannsóknastarfsemi leiðir til verðmætrar nýsköpunar. Í úttekt sinni á tengslum grunnrannsókna og atvinnulífsins komst Committee for Economic Development, bandarísk samtök leiðtoga í viðskiptum og menntun, að þeirri niðurstöðu að 25% af hagvexti Bandaríkjanna eftir seinna stríð megi rekja beint til grunnrannsókna. Í efnahags-

indastarfsemi og hafa verið um langt skeið. Á Norðurlöndunum eru samkeppnissjóðirnir hins vegar 30-40%. Samkeppnissjóðirnir eru besta leiðin til að styrkja vísindastarfsemi enda veita þeir fjármagni milliliðalaust til vísindaverkefna og tryggja um leið aðhald með gæðum verkefna. Slíkt eftirlit er ekki nema að litlu leyti við lýði með þeim fjármunum sem veittir eru beint til stofnana. Ef nýta á betur fé til vísindarannsókna er mikilvægt að gera það á þann hátt að það skili auknum gæðum. Ef samkeppnissjóðirnir eru eflir aukast gæði rannsókna þannig að meira fæst fyrir féð. Við fjárlagagerð eru fáir talsmenn samkeppnissjóða en þeim mun fleiri og aðgangsharðari talsmenn þeirra stofnana sem þiggja sitt rannsóknafé beint af fjárlögum. Því er mikil hætta á því að samkeppnissjóðirnir verði

“ Þau vísindaverkefni sem hafa farið í jafningjamat og þar verið metin best, eru nú í mestri hættu á að vera ekki styrkt áfram, á meðan stofnanir sem stunda rannsóknir án gæðaeftirlits fá áfram fjármagn eftirlitslaust.

þrengingum sínum fyrir tveimur áratugum ákváðu Finnar að stór- auka áherslu sína á grunnrannsóknir og völdu þá leið að nota samkeppnissjóði til að ná markmiðum sínum um aukna nýsköpun. Þeir útbjuggu því samkeppnissjóði um alla rannsóknatengda starfsemi háskóla og stofnana og stórkjuku framlög til sjóðanna. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa en Finnar eru nú meðal fremstu þjóða Evrópu á þessu sviði skv. úttekt European Innovation Scoreboard.

Í efnahagsþrengingum á Íslandi hefur verið rætt um mikilvægi þess að efla nýsköpun og hefur Vísinda- og tækniráð sett sér skýra og framsækna stefnu. Henni hefur þó ekki verið fylgt eftir svo neinu nemi. Nýlega voru þó samþykkt lög um skattaávilun vegna kostnaðar við rannsóknir og þróunarstarf. En framlög til þeirra sjóða sem helst styrkja rannsóknir og nýsköpun, Rannsóknasjóds og Tækniþróunarsjóds, hafa hins vegar staðið í stað í krónum talið sem þýðir að þau hafa í raun minnkað verulega að verðgildi. Þar sem íslenskir vísindamenn hafa alltaf staðið illa að vígi hvað fjármögnun varðar (enda upphæðir styrkja mun lægri hér en í flestum löndum Evrópu og Bandaríkjanna) er ljóst að staða þeirra hefur versnað að mun. Eitt lítið mál sem sýnir tómlæti stjórnvalda gagnvart rannsóknatengdri starfsemi er að hér er innheimtur virðisaukaskattur af allri rannsóknatengdri starfsemi háskóla og stofnana. Undanfarinn áratug hafa verið gerðar ítrekaðar en árangurslausar tilraunir til að fá skattinn felldan niður. Slíkur skattur er hvergi lagður á rannsóknastarfsemi í hinum vestræna heimi. Annað og alvarlegra mál er að samkeppnissjóðirnir eru einungis um 14% af framlagi hins opinbera til vís-

útundan og verði jafnvel skornir niður við næstu fjárlagagerð. Þau vísindaverkefni sem hafa farið í jafningjamat og þar verið metin best, eru nú í mestri hættu á að vera ekki styrkt áfram, á meðan stofnanir sem stunda rannsóknir án gæðaeftirlits fá áfram fjármagn eftirlitslaust.

Annað alvarlegt vandamál í fjármögnun rannsókna á Íslandi er krafan um móttframlag. Þetta felst í því að stofnunin sem vísindamaðurinn starfar við þarf að leggja til ákveðið móttframlag á móti styrkjum sem koma inn. Afkastamiklir vísindamenn verða því byrði á sinni stofnun. Sem dæmi má nefna að nýlega var prófessor sagt upp við Háskólann í Reykjavík. Ástæðan sem gefin var upp var sparnaður. Prófessorinn var með öndvegisstyrk frá Rannsóknarsjóði sem kallaði á móttframlög frá HR sem sennilega hafa verið skólanum of dýr og því betra að segja honum upp en einhverjum starfsmanni sem ekki var með slíkan styrk. Í flestum nágrannalöndum tíðkast hið andstæða, þ.e. styrkveitandinn veitir meðlag til stofnunarinnar sem tryggir að vísindarannsóknin getur farið fram. Þannig verður það eftirsóknarvert fyrir stofnanirnar að hafa afkastamikla vísindamenn á sínum snærum því umsvif stofnunarinnar aukast í beinu sambandi við styrkjafloflun.

Að okkar mati er því mikilvægt að: i) efla samkeppnissjóðina og tryggja að meira rannsóknafé verði veitt í gegnum þá; ii) hefja gæðaeftirlit með öllum rannsóknastofnunum og háskólum á Íslandi til að tryggja að hið opinbera greiði einungis fyrir bestu rannsóknir hverju sinni; iii) greiða meðlag til stofnunar með hverjum styrk til að tryggja að rannsóknin geti farið fram; iv) leggja niður innheimtu VSK af rannsóknastarfsemi.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Tekið er á móti efni á netfanginu [greinar@frettabladid.is](mailto:greinar@frettabladid.is) eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Öryggisbelti?

Beltin bjarga. Þetta er gullvægt slagorð eins og dæmin sanna. Við spennum beltíð án umhugsunar í upphafi ökuferðar enda er farþegum best borgið spenntir í sæti sínu við óhapp. Þá verða öryggisbelti að virka rétt. Til viðbótar við öryggisbelti skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.



Frumherji hf - sími 570 9000 - Þjónustuver og tímappantaniir 570 9090 - [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



**Næringargildi** fæðunnar er verðugt umhugsunarefni fyrir fólk sem vill hugsa um heilsuna. Hvítt brauð, pasta, sætindi, kaffi, te og gosdrykkir eru ekkert annað en falskir orkugjafar og magafylling. Kjöt, fiskur, grænmeti, ávextir og ber eru á hinn bóginn bitastæðar fæðute- undir sem innihalda þau næringarefni sem þarf til að lifa góðu lífi.

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## Árvefni gegn streitu og verkjum

Árangursrík aðferð gegn sípreytnu, krónískum verkjum og vefjagigt.


Námskeið hefst 12. október

Nánari upplýsingar: [www.salfrædingur.is](http://www.salfrædingur.is)



Björgvin Ingimarsson  
sálfræðingur  
Sími: 571 2681

Vilhjálmur Þór Davíðsson, Herra hinsegin, æfir fyrir Mr. Gay Europe.



Vilhjálmur er frá Ólafsfirði og heimsóti heimabæinn um helgina til að taka þátt í fagnaðarlátunum þegar Héðinsfjarðargöngin voru opnuð. „Þetta var mjög gaman og margir mættir til að samfagna,“ segir Vilhjálmur, sem hljóp í gegnum göngin af því tilefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eirberg

## Fjölnota nuddpúði

- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Títringur
- Fjarstýring

Opið virka daga frá kl. 9 - 18

Verð aðeins 17.950 krónur

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)



# Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum



ISLENSK FRAMLEIÐSLA

Áklæði að eigin vali

Basel 2H2  
Verð frá  
327.900 kr

Borðstofustólar  
í úrvali  
verð frá  
12.900 kr



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)

Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

Auglýsingasími

# 512 50 50



Allt sem þú þarft...

## Líður best undir berum himni

Ég tók því rólega í sumar en er nú kominn aftur á fullt, tók mataræðið alveg í gegn og hleyp öll kvöld,“ segir Vilhjálmur Þór Davíðsson, Herra hinsegin 2010, sem býr sig undir þátttöku í Mr. Gay Europe sem fer fram í Genf í Sviss 25. október næstkomandi.

Sem kunnugt er hreppi Vilhjálmur titillinn Herra hinsegin þegar keppnin var í fyrsta sinn haldin á Íslandi fyrr í sumar. Þar með öðlaðist hann þátttökurétt í Mr. Gay Europe, og verður fyrsti Íslendingurinn sem keppir eftir sigur hér heima. Vilhjálmur segir miklar kröfur gerðar til þátttakenda en viðurkennir þó að hafa tileinkað sér ákveðið

æðruleysi gagnvart keppninni. „Ég er ekkert sá besti í ræktinni, en er forfallinn útivistarmaður og finn mig í fjallgöngum og hlaupi. Ætla þó að gera mitt besta og meira get ég ekki gert.“

Vilhjálmur getur þess að mikill hluti undirbúnings fyrir keppni sé fólgininn í því að kynna sér stöðu samkynhneigðra víðs vegar í heiminum. „Keppendur verða að vita í hvaða farvegi málin eru til dæmis í þriðja heims ríkjum, þar sem sigurvegarans bíður það verkefni að heimsækja þau og tala fyrir réttindum samkynhneigðra. Þessi hluti heilladi mig einna helst og varð til þess að ég ákvað að taka þátt á sínum tíma.“



## Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

KRINGÓMA



SURROUND

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steriótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

# HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - [www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

Tímappantanir  
534 9600

ReSound

rediscover hearing





**HEILSUSETUR  
ÞÓRGUNNU**



Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

**NÁMSKEIÐ Í  
UNGBARNANUDDI**  
7. október kl. 14:00

Upplýsingar í síma 896-9653 og á [www.heilsusetur.is](http://www.heilsusetur.is).

Heilsusetur Þórgunnu  
552 1850 / 896 9653 · [www.heilsusetur.is](http://www.heilsusetur.is)

## Ætlar þú að vera með?

Langar þig að taka þátt í lifandi ráðstefnu um heilsu og vellíðan?

Njóta helgar í fallegu umhverfi, fræðast, kætast og fylla á tankinn.

Frábær helgi framundan 8. - 10. október

Ráðstefnan er öllum opin

Nánari upplýsingar og skráning:  
**[www.healinghealers.com](http://www.healinghealers.com)**

Sími 699 0858 ~ Netfang: [radstefnuskraning@gmail.com](mailto:radstefnuskraning@gmail.com)



## 4 vikna

### Lúxusnámskeið

## NORDICASPA

fyrir konur og karla

### Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**  
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**  
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**  
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónafæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eftir – Jafnvægi**  
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Deigja þú þína mat & næringu uppskriftum

herber pottar og herðanudd eftir hvers tíma

Vikulegar mælingar mikið aðhald



**Ertu að glíma við:**

- Matarþol
- Matarfiki og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílsjúkdóma

## 28 daga

### hreinsun

NORDICASPA

### með mataræði og hreyfingu

- Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 6:35 og 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsun við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Bæði námskeiðin hefjast 11. október

Fyrirlestur 9. október  
**Verð kr. 34.900**

Skráning er hafin í síma 444-5090 eða [nordicaspa@nordicaspa.is](mailto:nordicaspa@nordicaspa.is)

# Jógaslökun og fyrirbæn

**Boðið verður upp á nýtt helgihald í Vídalínskirkju í kvöld og næstu þriðjudaga. Um er að ræða jóga-slökun sem er fylgt eftir með fyrirbæn með það að markmiði að máttur bænarinnar verði meiri.**

Jógaslökun og fyrirbænaþjónusta er nýjung sem boðið verður upp á í Vídalínskirkju á þriðjudögum og hefur göngu sína klukkan 17.30 í dag. Starfið er í umsjón Jónu Hrannar Bolladóttur, sóknarprests í Garðaprestakalli, Önnu Ingólfsdóttur jógakennara og Fríðu Gísladóttur myndlistarkonu.

„Þegar ég kom til starfa í Garðabæ fyrir tæpum fimm árum þá kom Anna Ingólfsdóttir jógakennari að máli við mig og stakk upp á því að við ættum jafnvel að reyna að blanda saman helgihaldi og slökun,“ segir Jóna Hrönn. „Ég velti því fyrir mér en keypti ekki hugmyndina þá. Síðustu ár hef ég hins vegar tekið eftir því að fólk í safnaðarstarfinu er að leita eftir meiri kyrrð, íhugun og fyrirbæn í safnaðarstarfinu,“ bætir hún við. Fyrir tveimur árum stofnuðu Jóna Hrönn og fleiri konur bænahóp í Vídalínskirkju og hófu að biðja saman í hverri viku. „Við vildum þróa bænarstarfið áfram og þá ákvað ég að taka upp þráðinn við Önnu. Við fengum bænahópinn til samstarfs við okkur og höfum ákveðið að bjóða öllum heim konum sem vilja að vera með.“

En hvernig munu þessar stundir byggjast upp? „Fríða Gísladóttir hefur hannað umgjörðina í kringum samveruna en hugmyndin er að konurnar gangi inn í þögn.



Jóna Hrönn Bolladóttir ásamt Önnu Ingólfsdóttir og Fríðu Gísladóttur. Þær hvetja konur til að koma til að hvílast og biðja.

Þær geta sest við bænarstjakann og skrifað niður bænaefnin sín eða beðið mig fyrir þau. Þar næst sækja þær sér teppi, dýnu og koddna og finna sér stað í kirkjunni. Slökunin hjá Önnu hefst korteri seinna og stendur í hálf klukkustund. Þá fer ég upp að altarinu og ber bænaefnin fram. Korterí síðar er gengið aftur út í hversdagsleikann,“ segir Jóna Hrönn.

En um hvers konar slökun er að ræða? „Konurnar fara í slökunar-svefn þar sem athyglinni er haldið vakandi. Hann kallast yoga nidra og er farið inn í slökunina eftir ákveðnum fyrirætlum. Slakað er á öllum vöðvum líkamans, hugarinn verður hljóður og tilfinningarnar


kyrrast,“ segir Anna sem tekur að sér að svara því. „Þá er manneskjan komin í djúpt slökunarástand og upplifir andartakið eða núði án þess að það sé trúflað af hugsunum, tilfinningum eða „ég-vitundinni.“ Spurð að því hvernig yoga nidra og fyrirbæn fara saman segist Anna ekki vita til þess að þetta hafi verið reynt áður á Íslandi. „Maður getur hins vegar ímyndað sér að mannekja sem er komin í slökunarástand sé miklu móttækilegri fyrir öllu því sem gerist í kringum hana. Fyrir manneskju sem trúir og vill dýpka og virkja trúna þá ætti máttur bænarinnar að geta orðið meiri og dýpri en þegar manneskjan er í sinni daglegu vitund.“

vera@frettabladid.is

## LUXUS Á FÆRIBANDI



teg. AGATHA  
push up í skálum A,B,C,D,DD  
á kr. 7.680,-  
buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. LILA -  
push up haldari í skálum  
A,B,C,D,DD á kr. 7.680,-  
buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. BARBARA -  
push up fyrir stærri brjóstin í  
skálum C,D,DD,E,F,FF,G  
skálum á kr. 7.680,-  
buxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070  
Sími 551 3366.

Opíð mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
[www.misty.is](http://www.misty.is)  
Vert í Finur



**HEILSUSETUR  
ÞÓRGUNNU**



Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

**NÁMSKEIÐ Í  
ANDLITSNUDDI  
& INDVERSKU  
HÖFUÐNUDDI**

9 október frá kl. 11.00 til 15.00

Upplýsingar í síma 896-9653 og á [www.heilsusetur.is](http://www.heilsusetur.is).

Heilsusetur Þórgunnu  
552 1850 / 896 9653 · [www.heilsusetur.is](http://www.heilsusetur.is)

## Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir síðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consull, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Höskuldur Frimannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálastólaskóli Íslands **Opið 8-22**

Ferðamálastólaskóli Íslands • [www.menntun.is](http://www.menntun.is) • Sími 567 1466

ALLT

Á FERÐINNI

Miðvikudaga

**Jóna María Hafsteinsdóttir**  
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henny Árnadóttir**  
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**  
thordish@365.is - sími 512 5447



**Sparnaður í matarinnkaupum** þarf ekki endilega að þýða óhollt fæði. Drýgið hakk með baunum, fisk með grófu mjóli og búið til fiskibollur. Borðið hafragraut í staðinn fyrir morgunkorn og kaupið frosið grænmeti til að nota í pottreitti og annan mat.

# Ofurfæði forfeðranna

Ofurfæða eða superfoods eru hráefni sem eru rík af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum. ORAC (oxigen radical absorbance capacity) er mælieining um virkni andoxunarefna og ORAC-gildi ofurfæðis því ídulega mjög hátt.

Ofurfæðið er vinsælt um þessar mundir. Það þykir hafa heilnæm áhrif en merkilegt er að flestar fæðutegundir sem hafa hátt ORAC (oxigen radical absorbance capacity) gildi hafa verið notaðar af forfeðrum okkar til að viðhalda góðri heilsu og til lækninga á hinum ýmsu ólíku kvillum. Hér eru nokkrar fæðutegundir sem falla undir ofurfæði:



## Dökkgrænt grænmeti

Dökkt grænmeti er ofurfæði. Á það við um spínat, grænkál og romaine salat en einnig fíflablöð, arfa, smára, njóla, skarfakál og hundasúru. Ásamt því að hafa háa andoxunarhæfni inniheldur kálið einnig prótín, beta-karótín, vítamín eins og fólínsýru og A vítamín og steinefni. Þá er það einnig trefjaríkt.

Græni liturinn gefur til kynna ríkulegt magn af blaðgrænu. Úr blaðgrænunni fæst mikið súrefni sem hjálpar góðu bakteríunum í meltingarveginum til að vaxa og dafna. Jafnframt heldur hún sjúkdómsvaldandi bakteríum í skefju-

um, sem þola ekki súrefnið. Blaðgrænan þykir allra meina bót, hreinsar blóðið og kemur jafnvægi á blóðsykurinn, hún hjálpar til við að hreinsa lifrina og losar líkamann við eitrefni.

## Ber



Ber skora hvað hæst í ORAC gildum og standa bláber þar fram-arlega. Einnig má nefna acai-ber sem innihalda virk

efni sem talin eru geta hamlað útbreiðslu vissra tegunda krabbameinsfruma. Á Íslandi eru acai-berin yfirleitt fáanleg í formi safta og safa.

## Kakó

Kakóbaunir er það hráefni sem súkkulaði er unnið úr. Mayar til forna virtu kakó mikils fyrir lækningamátt enda þýðir fræðiheiti plöntunnar „fæða



guðanna“. Kakóbaunin inniheldur mikið af andoxunarefnum og er rík af steinefnum.



## Gojiber

Gojiber eru lítil rauð flöng ber ættuð frá Himalajafjöllum, einnig nefnd úlfaber. Fáar berjategundir innihalda jafn mikið magn næringarefna og þykja þau rík af andoxunarefnum. Þau hafa verið ræktuð í Asíu í mörg þúsund ár og notuð í kínverskri lækisfræði. Auk andoxunarefna innihalda þau C-vítamín, B og E-vítamín, eru einstaklega kalkrík og járnrík auk þess sem þau innihalda 18 aminosýrur og beta karótín.

## Spirúlína

Spirúlína eru blágrænir þörungar fáanlegir bæði í duft- og töfluformi. Spirúlína



hefur hátt prótíninnihald og er ríkt af b-komplex vítamínum, blaðgrænu, betakraótíni, e-vítamíni og steinefnum. Spirúlína þykir gott í græna drykki

## Maca



Maca er oft kallað ginseng Inkanna í Perú og vex í Andesfjöllum. Hún er lítt þekkt hér á landi en þykir orku-gefandi. Þá er talið að hún virki vel á skapsveiflur og til að koma á jafnvægi í hormónakerfi kvenna. Jurtin er fáanleg í duftformi og stundum notuð sem sætuefni.

*Sem dæmi um aðra ofurfæðu má nefna: aloa vera, þara, chlorella, frjókorn, hamp og camu camu-ber.*



Valhnetur og valhnetu-olía geta aðstoðað líkamann við að takast á við streitu að því er kemur fram í rannsókn vísindamanna við Penn State háskólann í Bandaríkjunum. Hnetan sem inniheldur fjölmættaða fitu getur haft áhrif á púls bæði í hvíld og undir álagi. Rannsóknin sýndi að neðri mörk blóðþrýstings lækkuðu hjá þeim sem innbyrtu valhnetur eða valhnetuolíu.

calorielab.com

## Kynning

# Að viðhalda viljanum

Til að ná raunverulegum árangri til frambúðar þarftu vilja. Þess vegna er svo mikilvægt að finna sinn fargeg þegar kemur að æfingum og mat. Við getum öll þínt okkur í einhverni tíma til að hamast eins og brjálæðingar og borða hluti sem okkur finnast alls ekki góðir. Svo eftir nokkrar vikur yfirleitt springum við á „kúrnum“, dettum aftur í sama farið, þ.e. sækjum í það sem okkur finnst gott. Þess vegna er mikilvægast af öllu að viðhalda viljanum. Því án hans gerist ekkert.

Takmarkið þarf að vera að finna sig í heilsunni. Finna mat sem er góður á bragðið og líka hollur.

Þannig er hægt að breyta til frambúðar. Að þína í sig einhverja hollustu er alveg jafn vonlaust og gulrótakúrinn. Dæmt til að mistakast. Í rauninni er þetta svo einfalt. Fólk verður bara að þora að prófa sig áfram með mat. Í flestum tilfellum finnur maður hvort maturinn er góður eða slæmur fyrir heilsuna. Hvernig tilfinningu fær maður eftir að hafa raðað í sig djúpstektum kjúkling og frönskum með kokteilsósu? Það á að vera góð tilfinning að næra líkamann. Verða saddur án samviskubits.

Á Culiacan eru margir réttir til að velja úr. Það sem er þó aðalatriðið er hráefnið. Útbúið daglega frá grunnni.

Þ.e. sósur, salsa, guacamole og fajitas er gert úr fersku grænmeti og kryddjurtum án aukaeftna. Kjúklingurinn er grillaður sem gerir hann afar bragðmikinn.

Finndu þinn uppáhaldsrétt eða rétti og þú ert í góðum málum. Ég hef heyrt mörg dæmi hjá fastakúnum um góðan árangur með Culiacan matnum. Ein sagði mér t.d. að hún var að vinna hérna rétt hjá í svolitinn tíma. Hún prófaði að borða alltaf í hádeginu hjá okkur aðallega því henni fannst maturinn góður. Eftir einn mánuð hafði hún lést um 4 kíló.

Culiacan er í Faxafeni 9, opið alla



Sósurnar á Culiacan eru lagaðar frá grunnni á hverjum morgni. Fullar af grænmeti og ferskum kryddjurtum.



SantaFe salat með kjúklingi er vinsælasta salatið og hefur verið á matseðlinum frá upphafi. Það kostar 1.290 og inniheldur aðeins 444 kaloríur.



Fitness burritos kostar 1.090 krónur og er aðeins 397 kaloríur.



## Gómsætir grænmetisréttir í 15 ár



Skólavörðustíg 8 • 101 Reykjavík • s. 552 2028



Guðný Jónsdóttir er kokkur, eigandi og stofnandi Garðsins á Klapparstíg. Hún eldar og gefur uppskrift að gulróta- og tófúbuffi með quinoa.

## Fjölbreytt grænmetisfæði

Veitingastaðurinn og kaffihúsið Garðurinn við Klapparstíg 37 býður upp á fjölbreytta grænmetisrétti og súpur. Þar má einnig tylla sér niður og gæða sér á sykulitlum en gómsætum kökum og úrvaskaffi.

„Við byrjuðum upphaflega sem kaffihús,“ segir Guðný Jónsdóttir kokkur og eigandi Garðsins við Klapparstíg sem hélt upp á tíu ára afmæli í ágúst. „Við leggjum mikið upp úr friðsælu andrúmslofti en þegar við vorum að fara af stað með Garðinn var ekki mikið af svleiðis kaffihúsum,“ segir Guðný en fljótlega breyttist hið heilsusamlega kaffihús í veitingastað.

„Við erum ekki með kjöt eða fisk en einbeitem okkur að fjölbreyttu

grænmetisfæði. Við erum bæði með tófú, baunir og grænmeti og allt þar á milli. Þá notum við ekki hveiti, heilhveiti eða hvítan sykur,“ segir Guðný og telur að um 70 prósent alls hráefnisins sé lífrænt.

Í Garðinum er daglega boðið upp á einn rétt dagsins og eina súpu. Hægt er að ráða skammtastærðunum því boðið er upp á stóra og litla skammta. „Það er sérstaklega vinsælt meðal kvenna að fá sér lítinn skammt af hvoru og svo kannski litla kökusneið á eftir,“

segir Guðný. Hún bakar og býður upp á nokkrar gerðir af kökum og er bæði með lítið sætar kökum með engum viðbættum sykri og sætari kökur. „En þá notum við aðeins hrásykur,“ áreittar hún.

Guðný gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að gulróta- og tófúbuffi með quinoa sem hún segir að sé mjög prótínríkt korn sem Inkar hafi notað mikið. Garðurinn er opin daglega frá klukkun 11 til 18.30 en á laugardögum frá 12 til 17. [solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

### GULRÓTA- OG TÓFÚBUFF MEÐ QUINOA

fyrir 4-5

300 g gulrætur  
300 g tófú  
1/3 bollí kjúklingabaunamjöl  
1 laukur  
1/2 tsk. túrmerik  
1/4 tsk. chiliduft  
1 hvítlauksgeiri  
1 1/2 tsk. kóríanderduft  
1 tsk. salt

#### Sósa

1 dós saxaðir niðursoðnir tómatar  
1 hvítlauksgeiri  
basil, ferskt eða þurrkað

Gulræturnar eru finnfarnar, tófúð maukað, laukurinn finsaxaður, öllu blandað saman í skál og mótuð buff. Buffunum er velt upp úr kjúklingabaunamjöli og steikt á pönnu.

Buffin eru flutt yfir í eldfast mót sem smurt er með olíu, sósan sett ofan á hvert buff og bakað í ofni í 15 mínútur við 175 gráður.

#### Quinoa

1 bollí quinoa  
2 msk. olía

1/2 tsk. gul sinnepsfræ  
1 þurrkaður rauður chili mulinn  
10-15 karrýlauf (fást í austurlensku búðunum)  
10 strengjabaunir baunir skornar í litla bita  
1 gulrót skorin í litla bita  
1 tsk. salt  
1 msk. ferskur sítrónusafi  
1 1/2 bollí vatn


Olían hituð, sinnepsfræin sett út í.

Þegar þau byrja að poppa er þurrkaður og mulinn chilinn settur út í. Strengjabaunir og gulrætur eru settar á pönnuna og allt hitað í tvær mínútur. Þá



er quinoa bætt út í og hrært vel. Salti, sítrónusafa og vatni bætt út í. Þegar súðan kemur upp er hitinn lækkaður og látið sjóða í 20 mínútur. Gott er að láta þetta standa í nokkrar mínútur og hræra síðan upp í með gaffli.

# DÝRINDIS SAMLOKUBAKKAR



Hollt og ferskt!  
Tilvalið fyrir fundinn  
eða starfsmannapartýið


Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar, hollar, ferskar og framandi veislur á verði sem fær þig til að brosa!  
Við bjóðum til að mynda upp á:

SMÁRÉTTI  
STEIKARHLAÐBORD  
PRIGGJA RÉTTA MATSEÐLA  
OG HÓPMATSEÐLA

Tilboð og matseðlar  
á SAFFRAN.IS

VEISLUÞJÓNUSTA  
SAFFRAN

S. 578 7875 SAFFRAN.IS



Tófú er hleypt sojamjól sem framleidd er úr soja-bauninni. Tófú er undirstöðupáttur í matargerð víða í Austurlöndum fjær. Það er talið mjög hollt og er mikið notað í heilsurétti. Tófú er oft í vökva sem þarf að sigta vel frá áður en matreiðsla hefst. Þar sem tófú er nánast bragðlaust er það gott með í sterka rétti, þá er það skorið í teninga og steikt í olíu á pönnu og kryddað vel eða látið liggja í kryddlegi.



# Batinn hefst með kennurum

5. Alþjóðadagur kennara  
5. október 2010



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS



Sveinlaug segir leikskólabörn vera virkilega góða nemendur og mikilvægt að faglega sé staðið að menntun þeirra.

FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFAN

## Alltaf tilbúin til að læra

Starf leikskólakennara er ekki síður mikilvægt en annarra kennara að sögn Sveinlaugar Sigurðardóttur, leikskólakennara og deildarstjóra í leikskólakennarum Grænuborg.

„Hlutverk leikskólakennara eins og annarra kennara er náttúrulega að stuðla að góðri menntun í samfélaginu. Leikskólakennarar eru kannski mikilvægir á sinn hátt því það eru þeir sem kenna börnunum fyrst og leggja í raun grunninn. Þar af leiðandi er þetta stig ekki síður mikilvægt en hin stigin þó börnin séu lítil, að einhverju leyti kannski enn þá vandmeðfarnara, því við erum með einstaklinga sem eru enn svo ómótaðir. Þar af leiðandi er mikilvægt hvernig maður nálgast starf-

id og að standa faglega að því,“ segir Sveinlaug Sigurðardóttir, leikskólakennari og deildarstjóri í leikskólakennarum Grænuborg.

„Lengi býr að fyrstu gerð og það hvernig grunnurinn er lagður hefur áhrif á framhaldið og sérstaklega hvað varðar sjálfmynd, sjálfstraust, félagsfærni og þess háttar sem leikskólakennarar vinna svo ofboðslega mikið með. Þetta eru kannski þeir þættir sem eru hvað mikilvægastir í okkar starfi, þá þarf að styrkja hjá svona ungum börnunum. Að mínu mati eru þetta líka þeir þættir sem skila manni hvað lengst í lífinu. Ef þú ert sterkur á þessum sviðum skiptir ekki öllu máli hvort þú ert góður í stærðfræði, lestri, teikningu eða íþróttum.“

Eftir stúdentspróf fór Sveinlaug að vinna í leikskóla þar sem hún

kynntist starfinu og fékk bakteríuna að eigin sögn. Eftir árið ákvað hún því að fara að læra leikskólakennarann. „Mér fannst svo gaman í vinnunni að ég hugsaði með mér að ég gæti alveg eins farið að mennta mig í þessu eins og að vinna við þetta ómenntuð í kannski tíu ár. Þá gæti ég sinnt starfinu helmingi betur líka. Ég fann mikinn mun á því hvernig var að sinna starfinu eftir að ég var búin að mennta mig í fræðunum. Öll þessi fög hjálpuðu mér að skilja hvernig börn hugsa og hvernig starfið virkar. Það er líka auðveldara að takast á við ýmsar aðstæður með fagleikann að leiðarljósi, eins og foreldrasamskipti og samskipti við starfsfólk. Mér finnst því mjög mikilvægt að það séu leikskólakennarar í leikskólum. Þó að það sé mikið til af góðu fólki með

mikla reynslu af leikskólastarfi sem ekki er menntað og alveg frábærir starfsmenn þá er náttúrulega mjög mikilvægt að starfinu sé haldið uppi af fagfólki. Annars verður það ekki eins markvisst eða faglegt.“

Sveinlaug segir leikskólabörn vera virkilega góða nemendur. „Þau eru svo móttækileg. Börn á leikskólaaldri eru opin fyrir öllu og alltaf tilbúin að læra. Það er það skemmtilega við þau. Þau eru svo tilbúin að meðtaka allt sem fyrir þau er lagt. Þess þá heldur þarf maður að vanda sig og vera meðvitadur um hvað maður leggur inn. Þau eru náttúrulega ótrúlega skemmtileg og það er það sem er svo gaman við þetta starf, maður veit aldrei hverju maður á von á. Það er alltaf eitthvað nýtt sem kemur manni á óvart og gleður á hverjum degi.“ -eð

## Færri heimsstyrjaldir?

Börn eru ekki einungis annarra manna. Þau eiga eftir að verða atvinnurekendur, iðnaðarmenn og þingmenn. Haldið þið að við fáum ekki vænni iðnaðarmann, þingmann eða atvinnurekanda ef hann elst upp í barnvænu samfélagi? Börn hafa ótrúlega mikla aðlögunarhæfni. Það er aðalástæðan fyrir því að við erum enn til. Börn bíða ekki eftir því að fá upplýsingar um hvað við ætlum að gera. Þau vilja heyra, sjá og snerta – gera. Þau kunna að vinna úr því sem þau hafa. Það er ótrúlegt hvað börn hafa lifað af í gegnum síðustu aldirnar, örbirgð og allsleysi, styrjaldir og ofsóknir, kapphlaup og ofgnótt. Þrátt fyrir þessa miður skemmtilegu upptalningu

þá erum við enn þá til. Og það getum við þakkað börnunum. Sköpunarkraftur þeirra er svo sterkur og drífandi. Þau hafa ekki misst sjónar á því til hvers við erum hér. Að lifa er að leika og að leika er að lifa. Að hugsa sér hvílíkan kraft sem börnin eiga. Þvílíkt náttúruafli þau eru. Ef þessi kraftur hefði fengið kjöraðstæður til að njóta sín. Ef aðstæður barna hefðu verið mannúðlegri. Hvað hefði getað gerst ef hið barnslega sakleysi hefði ráðið för? Færri heimsstyrjaldir?

Arnar Yngvason leikskólakennari í Skólavörðunni, tímariti KÍ.

Sköpunarkraftur barna er sterkur og drífandi.



### ALÞJÓÐADAGUR KENNARA ER Í DAG, 5. OKTÓBER

Alþjóðadagur kennara er haldinn hátíðlegur um allan heim 5. október ár hvert að forngöngu UNESCO. Þennan dag eru kennarar heiðraðir af tugum þúsunda nemenda, foreldra og aðgerðasinna í yfir hundrað löndum í öllum heimsálfum. Og þennan dag nota kennarar samtakamátt sinn til að tryggja að hugað sé að þörfum barna og ungmenna fyrir menntun í nútíð og framtíð. Góð almenn menntun við hæfi hvers og eins á að standa öllum til boða burtséð frá þjóðerni, kynferði, húðlit, fötlun, stétt, efnahag, búsetu, heilsufari eða öðru því sem greinir okkur að og gerir okkur sérstök. Í ár er kastljósinu sérstaklega beint að kennurum í þeim samfélögum sem hafa orðið hart úti vegna náttúruhamfara, efnahagshruns, feraldra, hungursneyðar eða vopnaðra átaka. Kennarar draga úr skaða af völdum hamfara og kreppu og efla endurnýjun og vekja von um bjartari tíð. Um víða veröld vinna kennarar að því hörðum höndum að færa nemendum menntun og vera lærdómsfélagar þeirra og leiðbeinendur. Yfirskrift Alþjóðadagsins 2010 er Batinn hefst með kennurum. Við hvetjum alla þá sem vilja leggja hönd á plóginn og berjast fyrir góðri almennri menntun á heimsvísu til að fagna í dag, hylla kennara og sýna þeim stuðning í verki.

Kristín Elfa Guðnadóttir.

### MENNTUN ER LYKILLINN

Kennarastarfið er tvímælaust eitt mikilvægasta starf samfélagsins þó að launagreiðslur hafi ekki endilega endurspeglað mikilvægi þess í sögulegu samhengi. Meðal stærstu áhrifavalda í mínu lífi eru kennarar sem hafa kennt mér margt umfram námsbækurnar – allt frá fyrstu árum á leikskóla og upp í háskóla. Menntun barna og ungmenna er lykillinn að blómlegri framtíð samfélagsins og þannig eigum við að meta hlutverk kennara.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra.



## HVERT ER HLUTVERK KENRARANS Í SAMFÉLAGINU?

## EFLA FRUMKVÆÐI OG GAGNRÝNA HUGSUN

Samfélög nútímans eru flókin og fjölbreytt hvað varðar menningu, tungumál og trúarbrögð, síbreytileg og samtengd með margvíslegum hætti. Einstaklingar sem alast upp í slíkum veruleika þurfa færni til að eiga farsæl samskipti við samferðafólk sitt. Nútímasamfélög gera einnig kröfur um að einstaklingar geti aflað sér upplýsinga með margvíslegum hætti, metið þær á gagnrýnni hátt og nýtt sér þær til náms og þroska. Hlutverk kennarans í samfélaginu er því að styðja mótun félags- og samskiptafærni nemenda á grunni gagnkvæmrar virðingar og skilnings, auk þess að efla sjálfstæði, frumkvæði og gagnrýna hugsun nemenda og færni til upplýsingaöflunar og úrvinnslu.

Hanna Ragnarsdóttir dósent við HÍ.



## SKAPA GÓÐAR NÁMSAÐSTÆÐUR

Hlutverk kennarans er að skapa námsaðstæður þar sem fjölbreytni og ólíkir hæfileikar nemenda eru viðurkenndir. Kennarar geta eftir skóla sem lýðræðislegt námssamfélag með því að virkja nemendur og auka ábyrgð þeirra á námi sínu. Náms er félagslegt og það þarf að leggja rækt við umræður og samvinnu út frá raunhæfum verkefnum sem tengjast umhverfi og reynslu nemendanna. Vinnulagið þarf að vera þannig að það efla siðferðis- og réttlætiskennd nemenda og einnig ábyrgðartilfinningu þeirra gagnvart sjálfum sér, sínum nánustu og samfélaginu í heild. Það er vegna framtíðarinnar sem kennarar þurfa að leggja þessar áherslur.

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor við Menntaskólann við Sund.

## VERKSTJÓRAR Í MENNTUN

Kennarar eru eins konar verkstjórar í því samfélagsverkefni að ala upp og mennta börn og ungt fólk. Starf þeirra hvílir á trausti samfélagsins um að þeir nálgist verkefnið með þekkingu, ígrundun og virðingu, sýni börnum sem þeim er trúað fyrir nærgætni og sanngirni. Markmiðið er að börnin tileinki sér mikilvæga vitneskju, læri að lifa góðu lífi í samfélagi við annað fólk. Það eru ríkir samfélagshagsmunir að þetta verkefni sé vel af hendi leyst.

Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor í heimspeki við kennaradeild Háskólans á Akureyri.



## FJÖLBREYTT OG FLÓKIÐ HLUTVERK

Kennarar gegna augljóslega margvíslegum hlutverkum og það er ekki alltaf ljóst hvaða hlutverk eiga að hafa forgang í starfi þeirra. Sum hlutverkin eru yfirgripsmikil og þegar upp er staðið kann að vera óljóst hvort þeim hefur verið sinnt vel eða slælega.

Hér mætti nefna hlutverk eins og að stuðla að þátttöku nemenda í lýðræðissamfélagi, efla gagnrýna og skapandi hugsun og stuðla að virðingu fyrir manngildi. Önnur hlutverk eru skýr og afmörkuð, bæði í tíma og rúmi, eins og það að kenna nemendum margföldunartöfluna, gera þá læsa á einfalda texta og sjá til þess að þeir viti hvað höfuðborgin í Danmörku heitir. Markmið eins og þessi eru tíunduð í aðalnámsskrám skólastiganna og það er svo persónulegt viðfangsefni hvers kennara fyrir sig að raða þeim saman í heild sem vinna má úr með þeim takmörkuðu úrræðum sem völ er á. Þessu til viðbótar fá kennarar svo margvísleg önnur hlutverk upp í fangið, því hvenær sem eitthvað fer afлага í samfélaginu – til dæmis þegar efnahagurinn hrynur þá er bent á skólana sem bjargráð samfélagsins. Kennurum er þá gjarnan ætlað að



orku og peningum í að brjóta niður það sem kennurum er ætlað að byggja upp.

Hver er þá niðurstaðan um hlutverk kennara í samfélaginu? Kennari er ævinlega á milli steins og sleggju – á milli barnsins annars vegar og samfélagsins, markaðarins, hraðans, stjórnmálanna og hugmyndafræðinnar sem gerir allt að söluvöru hins vegar. Niðurstaðan er kannski sú, að kennarar hafi ekkert sérstakt hlutverk í samfélaginu vegna þess að þeir hafa ótal hlutverk og enga leið til að vinna sómasamlega að þeim öllum. En ólíkt svo mörgum öðrum starfstéttum geta kennarar ekki látið berast með straumum samfélagsins heldur er það hlutverk kennara að taka afstöðu.

Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Ármann Halldórsson, heimspeki- og enskukennari, nýtur mjög starfs síns í Versló og segir nemendur á frábærlega skemmtilegum aldri; þau hafi ríka réttlætiskennd, séu leitandi, kraftmikil, til í margt og hægt sé að hafa áhrif á þau til góðs.

## Tími til að hafa áhrif

Hlutverk kennara á öllum skólastigum er uppeldi og fræðsla, segir Ármann Halldórsson kennari í Versló.

„Hlutverk kennarans verður alltaf að uppfærsla nemendur um efnislega hluti svo þeir verði klárir í slaginn þegar lífsbaráttan tekur við, en líka að efla gildi eins og umburðarlyndi, vísýni, gagnrýna og skapandi hugsun, og að þau tileinki sér að vera jákvæð gagnvart lífinu og breytingum þess. Á sama tíma þarf kennari að vera góð fyrirmynd, samviskusamur, standa sig í sínu, sýna nemendum skilning og umburðarlyndi og ætlast til að þau geri það sama gagnvart hvert öðru. Kennari er því alltaf í uppeldishlutverki; sama hvaða skólastigi hann kennir,“ segir Ármann um mikilvægi kennarastéttarinnar, en sjálfur hefur hann staðið við kennarapúltið í áratyft.

„Á þessum tólf árum hef ég séð miklar breytingar á framhalds-

skólanemum og nú virðist skila sér gott veganesti grunnskólans því nemendur eru mun sjálföruggari að standa upp og tjá sig, en voru áður bældari og stressaðri,“ segir Ármann og bætir við að flest séu áfjád í að verða góð manneskja.

„Á hinn bóginn eru þau oft ansi fordómafull, eins og sést þegar málefni útlendinga eða jafnrétti kynjanna ber á góma, en það eru málefni sem þyrfti að vinna skipulegar að sem lífsleikni markmið í öllum námsgreinum til að hafa raunveruleg áhrif í jafnréttismálum og kynþáttafordómum,“ segir Ármann og bætir við að nú sé spennandi tímar að vera kennari á Íslandi, þrátt fyrir niðurskurð. „Í gangi er einhver kvika og dýnamík; tími til að hafa áhrif, sækja í sig veðrið og búa til enn betri skóla en áður. Viðhorf til kennara hefur lagast í samfélaginu og langflest ungmenni sem bera virðingu fyrir kennara sínum og hafa í frammi fallega framkomu. Hins vegar sakna ég kraftmeiri umræðu um

menntamál í samfélaginu, því hún kemur öllum við,“ segir Ármann sem einnig vill sjá kennara í framvarðasveit umbóta í samfélaginu.

„Ég vil sjá kennara hafa áhrif á úrelt gildismat sem gengur út á að peningar skipti einir máli; eða tilgangshyggjuna sem svo er nefnd í 8. bindi rannsóknarskýrslunnar, þar sem allt er mælt í markmiðum og markmið er alltaf peningar. Þetta er vont og því miður finnst sami galli í einkunnum og einingum skólakerfisins. Ég vil fá meiri tilfinningu fyrir að menntun og samvera hafi gildi í sjálfu sér og við njótum þess umfram allt að vera saman, tala um fögin okkar, verða betri í þeim, þroskast og þróast, í stað þess að einblína alltaf á stúdentspróf, svo háskólapróf, þá hálf milljón og svo eina milljón á mánuði. Nemendur eru því miður orðnir mjög markeraðir af þessu og fara alltof mörg í nám til þess eins að verða rík. Nú er því tilefni og tækifæri til að velta fyrir okkur öðrum og nýjum gildum.“

-þlg

## Skóli er siðferðisleg stofnun

Af hverju er skóli siðferðileg stofnun? Mér virðast liggja til þess tvær ástæður.

Sú fyrri er að skólar eru sérstaklega skuldbundnir nemendum, hagsmunir nemenda eiga að ganga fyrir hagsmunum annarra. Það þýðir ekki að allir eigi að dansa eftir hugmyndum nemenda, það væri ekki eðlileg skólafærni, heldur eiga kennarar að veita og meta hagsmuni nemenda í öllum ákvörðunum sínum.

Sú síðari er að skólar eiga að mennta nemendur. Í menntun felst að nemendur eiga að batna. Þeir verða betri í þeim skilningi að þeir hafa tileinkað sér þekkingu og færni og þeir eru líka betri í þeim skilningi að þeir eru þroskaðri, hafa betri skilning á af hverju maður á að standa við orð sín, af hverju maður ber ábyrgð á sjálfum sé og eigin verkum.

Þetta er siðferðisþroski sem er nauðsynlegur þáttur í menntun. Sé



Kennarar eiga að veita og meta hagsmuni nemenda í öllum ákvörðunum sínum.

siðferðisþroskinn ekki fyrir hendi hefur menntunin ekki tekist. Þetta virðast mér vera nægar ástæður til að halda því fram að skólar séu sið-

ferðilegar stofnanir í innsta kjarna sínum.

Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor í Skólavörðunni, tímariti KÍ.





Kennarar heita því að stuðla með fagmennsku að góðri menntun.



Bekkjárfélagarnir Pétur Mikael Helgason og Daníel Smári Hafþórsson í 2. bekk í Öskjuhlíðarskóla eru hér að vinna verkefni í textiltíma.

MYND/JAK



### ● FAGMENNSKA Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Kennarar eru fyrst og fremst gerendur, leiðtogar og fyrirmyndir. Þess vegna geta þeir ekki farið í þolendahlutverk þó aðstæður séu erfiðar um lengri eða skemmri tíma. Kennarar eru mikilvægir útverðir menntunar og hljóta að mæla afstöðu sína til ákvarðana sem teknar eru í samfélaginu um skólastarf og menntun á mælistiku fagmennsku sinnar. Kennarar, enn frekar en margar aðrar starfsstéttir, þurfa að gefa meira af sér í starfi þegar illa árar. Fagmennska okkar bannar okkur að láta óátalдар eða verða meðvirk í aðgerðum sem skaða nemendur og menntun þeirra. Það er hluti af fagmennsku að verja nemendur og menntun þeirra áföllum sem ekki verða bætt síðar. Skólastarfið er okkar mál.

# Kennarar allra landa

● **KREFJAST ÞESS** að tryggður sé frjáls aðgangur sérhvers barns að góðri menntun á kostnað hins opinbera;

● **HVETJA** alþjóðastofnanir og aðildarríki þeirra til að gera sitt ítrasta til að ná þeim markmiðum sem þau hafa sett sér með þúsaldarsamþykktum. Menntun verði fyrir alla sem hluti af þjónustu við almenna borgara en ekki litið á hana sem söluvarning;

● **VÆNTA ÞESS** að stjórnvöld sjái til þess að nægt framboð verði á hæfum kennurum sem mæta þörfum framtíðar. Alþjóðastofnanir komi einnig að þessu verkefni;

● **ÆTLAST TIL ÞESS** að hlustað verði á raddir kennara og samtaka þeirra í umræðunni um gæði menntunar og þeir verði fullgildir aðilar að allri ákvarðanatöku. Uppbyggileg umræða á öllum þjóðfélagsstigum er hvarvetna brýn;

● **HEITA ÞVÍ** að stuðla með fagmennsku að góðri menntun börnum til handa um víða veröld;

● **ÍTREKA** að góð kennsla er undir því komin að til starfa fáiast vel menntaðir kennarar með gott undirbúningsnám sem eiga vól á þjálfun í starfi og kennslufræðileg úrræði svo fagmennska þeirri nýtist að fullu;

● **VILJA AÐ** stjórnvöld skuldbindi sig til að virða jafnan rétt kvenna til launa og áhrifa en auðveldi þeim jafnframt að styrkja sjálfsmynd sína;

● **VEKJA ATHYGLI Á** því hlutverki okkar kennara að stuðla að bættri menntun allra barna en til þess þurfum við stuðning í löndum okkar, heima í héraði og af hálfu alþjóðasamfélagsins.



Börnin læra ekki síður á lífið og tilveruna í frímínútum. Þar eiga þau í samskiptum hvert við annað undir vökulu auga kennaranna. Hér bregða nemendur í Melaskóla á leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Frá Nýja tónlistarskólanum. Mörg börn læra á hljóðfæri og njóta leiðsagnar tónlistarskólakennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Félagsstarfið í menntaskólum er stór hluti af lífi nemenda. Hér eru nokkrar vaskar stúlkur í Verslunarskóla Íslands.

### ● HEFUR ÁHRIF Á ÁRANGUR

Nýjar rannsóknir sýna að sú breyta sem skiptir mestu máli um árangur barnanna okkar í lífinu frá því þau hefja nám er hvorki húðlitur þeirra né uppruni, hvorki foreldrar þeirra né efnahagur heimilisins. Það er kennarinn þeirra, manneskjan sem tekst á við erfiðustu skólana og mest ógrandi nemendurna fyrir lág laun, einfaldlega til að gefa annarri manneskju tækifæri til að öðlast velgengi.

Barack Obama, 2006.



## HVERT ER HLUTVERK KENNDARANS Í SAMFÉLAGINU?

### SINNA UPPELDI Í AUKNUM MÆLI

Hlutverk kennara er ákaflega mikilvægt, sér í lagi þar sem báðir foreldrar vinna í flestum tilvikum úti núorðið og kennarar sinna í auknum mæli uppeldishlutverki. Vinnuskilyrði þurfa af þeim sökum að vera góð, vinnustaðurinn það öruggur að kennarar geti sinnt sínu starfi til fullnustu, hafi tíma til að sinna hverjum einasta nemanda og geti myndað traust tengsl við þá svo öllum líði vel. Þessu verður samfélagið að mæta með bætum skilyrðum í grunnskólum landsins og þar tala ég af áratuga reynslu af kennslu.

Vilborg Dagbjartsdóttir, skáld og fyrrverandi kennari.



### GÓÐ FYRIRMYND

Eitt mikilvægasta hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd sem manneskja, ekki bara kennari. Ég er nýbúin að lesa einhvers staðar að kennarinn hafi miklu meiri áhrif með persónu sinni og framkomu heldur en því sem hann er að kenna. Ég er mjög sammála þessu. Það að hafa áhuga á börnunum og sýna þeim umhyggju skiptir miklu máli. Mitt mikilvægasta hlutverk finnst mér vera að stuðla að því að hver og einn nemandi verði góð manneskja. Nemendum á að líða vel í skólanum og langa til að læra. Ef mér tekst að skapa þessar aðstæður þá mun það að hafa góð áhrif út í samfélagið.

Borghildur Jósúadóttir, foreldri og kennari, í stjórn Heimilis og skóla.



### VELLIÐAN GRUNNUR AÐ FARSÆLU NÁMI

Hlutverk kennarans er að skapa öflugt lærdómssamfélag þannig að allir fái notið sín tilfinningalega, félagslega og vitsmunalega. Velliðan í nemendahópnum er grundvöllur að farsælu námi og því felst fagmennska kennara ekki síst í að skapa slík skilyrði. Fagmennska, sköpunarkraftur og manngildishugsjónir margra þeirra kennara sem ég hef kynnst er ómetanlegt veganesti til framtíðar.

Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra.



### JAFNRÉTTI OG VIRÐING

Börn í dag hefja flest skólagöngu sína þegar þau byrja í leikskóla um tveggja ára aldurinn. Samvinna kennara og foreldra um velliðan og nám barna hefur því aldrei verið mikilvægari en einmitt nú. Kennurum á öllum skólastigum ber að undirbúa börn fyrir virka þátttöku í samfélaginu og leggja áherslu á gildi og kennsluhætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Skólastarf þarf að byggjast á jafnrétti og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins.

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.



## HVERT ER HLUTVERK KENNDARANS Í SAMFÉLAGINU?

## DJÚP OG VARANLEG ÁHRIF

**K**ennarar, einkum góðir kennarar, gegna afar mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Því miður er ekki öllum ljóst hversu stórt það er. Ég hvet lesendur til að gefa sér stutta stund til að rifja upp bestu kennarana sína og leggja mat á áhrif þeirra. Ég hygg að við eigum flest minningar um kennara sem skiptu sköpum! Kennara sem höfðu djúp og varanleg áhrif, ekki aðeins á þekkingu okkar eða færni, heldur einnig á viðhorf og gildi.

*Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Háskóla Íslands.*

## SKAPA RÉTTLÁTT SAMFÉLAG

**K**ennarar á öllum skólastigum hafa hugsjónir um að fræða og þroska nemendur sína. Flestir kennarar, sem ég hef kynnst, eiga sér þann draum að kenna nemendum sínum, á hvaða aldri sem er, þannig að sjálfstraust þeirra eflist. En ekki síst er það mikilvægt verkefni skóla og kennara að börn og unglingar verði virkir þátttakendur í að skapa réttlátt og sjálfbært samfélag.

*Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri; prófessor og formaður kennslufræðinámsháttar við Háskóla Íslands.*

## EIN AF MEGINSTÖÐUM Í LÍFI BARNIS

**H**lutverk kennarans í samfélaginu er að vera ein af meginstöðum í lífi barns, barn á ávallt að vera í brenni-

depli hjá honum. Hann þarf að eiga náð og gott samstarf við foreldra og samstarf heimila og skóla er brýnt. Rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í skólaskerfi hefur jákvæð áhrif á framfarir og líðan nemenda í skólum. Einn mikilvægasti þáttur samstarfs heimilis og skóla er samstarf umsjónarkennara og foreldra. Hann hefur hve mest jákvæð áhrif á námsárangur samkvæmt rannsóknum eins og eftirfylgni og stuðningur foreldra við heimanám.

Allt sem við gerum í skólanum hefur áhrif á fjölskyldulífið, ef vel gengur í skólanum er bekkjarbragurinn góður og nemandinn ánægður heima. Ef viðhorf kennarans er jákvætt til foreldra, er líklegri að viðhorf foreldra sé jákvætt gagnvart honum. Gagnkvæm virðing verður að ríkja í skólaskerfi og í samstarfi milli heimila og skóla. Því er brýnt að umsjónarkennarinn stuðli að góðu samstarfi við foreldra nemenda sinna. Með því nær hann betur til nemendanna, því sterkasta fyrirmynd barna eru foreldrarir. Þeir eru auðlind í skólaskerfi og það er hlutverk umsjónarkennara að virkja hana.

*Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla.*

## MÓTAR SAMFÉLAG FRAMTÍÐAR

**K**ennari ræktar menningu með nemendum sínum. Hlutverk hans er að móta frjótt umhverfi menntunar, sem er ein af forsendum þróttmikils, samstæðs samfélags. Samfélag sem virðir manneskjuleg gildi, skapar nýja þekkingu, og tengir nýja menningu við það besta af þeirri sem fyrir er.

Kennarinn beinir sjónum sínum að hverjum einstökum nemanda, en jafnframt að öllu umhverfi hans. Þannig gegnir hann lykilhlutverki í mótun samfélags framtíðar.

*Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands.*

## MARGSLUNGIÐ HLUTVERK

**H**lutverk kennara er margslungið. Verkefni þeirra eru mörg og ólík og snúa að mörgum aðilum í samfélaginu. Kennarar

eru líka af mörgum gerðum, flestir starfa í skólakerfinu, en margir utan þess. Sumir kenna í leikskólum, aðrir í grunnskólum. Sumir eru framhaldsskólakennarar og sinna bóknámi, sumir listnámi og enn aðrir eru í starfsnámsbrautum. Þegar ég reyni að greiða í sundur þann flókna vef verkefna og samskipta; hugmynda, þekkingar og siðfræði sem umlykja kennarastarfið kem ég þó alltaf niður á nemandann, þroska hans og velferð. Hlutverk kennarans er að hjálpa nemendum að átta sig á umhverfi sínu; náttúru, samfélagi og menningu.

*Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri skrifstofu menntamála.*

## SJÁ TIL AÐ ALLIR FÁI JÖFN TÆKIFÆRI

**Á**n kennara væri samfélagið án skóla. Mót-taka þekkingar yrði óskípu- leg og miðlun hennar færi til fárra. Foreldrar

stæðu einir að uppeldi. Samfélagið hefði ekki tók á að viðhalda þeim gæðum í velferð og þjónustu sem fylgir þekkingarsamfélaginu.

Hlutverk kennara er að standa vörð um jafnrétti til menntunar fyrir alla nemendur. Kennarar starfa í auknum mæli við hlið nemenda og kenna þeim leiðir til að læra. Í stað fræðslu sjá kennarar til þess að nemendur öðlist, með virkri þátttöku í eigin námi, þekkingu og leikni og jákvæða sjálfsmynd. Kennarar eru fagstétt og sem slík lýtur hún lögmálum lærdómssamfélagsins og leitar leiða til að bæta árangur sinn í starfi. Kennarar eru mättarstólpar samfélagsins.

*Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólalátrúna við Háskólann á Akureyri.*

## Þau verða börnin okkar

Ákveðinn hluti af ábyrgð heimilanna hefur færst inn í skólana eins og Guðbjörg Ragnarsdóttir sérkennari í Flataskóla bendir á og tónlistarkennsla er aldrei mikilvægari en þegar óöryggi eykst í þjóðfélaginu að mati Brynju Guttormsdóttur tónlistarskólakennara.

„Kennarar eru með nemandanum stóran hluta af vökutíma hans og eru því hegðunarformyndir hans og hugarar,“ segir Guðbjörg Ragnarsdóttir sérkennari í Flataskóla sem ávallt gengur undir nafninu Gugga. Hún segir miklar kröfur á kennara, sumar þeirra séu settar í lög og reglugerðir. „Við eigum til dæmis að vera með einstaklingsmiðaða kennslu en engu að síður að standast kröfur samræmdra prófa þar sem nemendur eru bornir saman,“ bendir hún á. Hún segir líka kennarastarfið hafa breyst með nýjum þjóðfélagsháttum því fyrir utan að kenna námsefnið eigi þeir nú að kenna nemendum samhyggð, kurteisi og önnur siðferðisleg gildi sem þeir lærðu áður af foreldrum, öfum og ömmum heima fyrir. Nú vinni báðir foreldrar úti ef þeir mögulega geti en sumir neyðist til að vera heima, gegn eigin óskum eins og atvinnuástandið sé í dag og líði jafnvel mjög illa. „Öll vandamál heima fyrir koma inn í skólann og kennarar þurfa að hafa tíma til að sinna hverju og einu barni, meðfram öllum hinum,“ segir hún og bætir við. „Það verður líka þannig að af því að við erum með þessi börn mestallan daginn þá verða þau börnin okkar.“

## TÓNLISTIN ÓMISSANDI Í SAMFÉLAGINU

„Hljóðfærakennsla er yndislegt starf því það er svo gefandi að örva



Kennarar þurfa að sinna hverju og einu barni og laða fram það besta í því. Það þekkjast þær Brynja og Gugga af eigin raun.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON

þann skapandi kraft sem er í tónlistinni og sjá hvernig hann breytir nemandanum,“ segir Brynja Guttormsdóttir tónlistarskólakennari og útskýrir nánar. „Tónlistarnámið eykur gleði nemandans og sjálfstraust enda hefur verið sýnt fram á að það styður og styrkir annað nám.“

Brynja telur tónlistarkennslu þýðingarmikla á öllum tímum en ekki síst núna þegar óöryggi og neikvæðni hafi aukist í þjóðfélaginu. „Tónlistin er ómissandi á öllum mikilvægum stundum í lífi

okkar, hvort sem er við að sefa sorg eða þegar við gleðjumst. Það gerir þessi skapandi og umbreytandi kraftur sem í henni er.“

Þrengt hefur verið að tónlistarskólum undanfarið að sögn Brynju. „Það á ekki bara við eftir hrun heldur undanfarinn áratug,“ segir hún og kennir skammsýni stjórnmálamanna um. Þessu vill hún breyta og klykkir út með hvatningarorðum. „Búum til enn betra samfélag með góðri tónlistarkennslu og mikilli tónlist, samfélaginu til heilla.“

-gun

## Einu sinni var kennari

Um allt land eru kennarar á hverjum degi að leita nýrra leiða til að bæta sig í starfi. Mest af þessu fer fram með óformlegum hætti og er ósýnilegt almenningi. Fá störf hreyfa eins mikið við fólki eins og kennarastarfið. Það krefst þess að þú sért vandanum vaxinn. Þú grípur hverja lausa stund og nýtir til skrafs og ráðgerða með nemendum, foreldrum og samstarfsmönnum. Þú ígrundar það sem gerðist í vinnunni og hvort þú hafir brugðist rétt við þessu eða lært af hinu. Þú fylgist með nýjum aðferðum, hugmyndum og námsgögnum. Formlegar aðgerðir til að efla fagmennsku í gegnum samstarf eru stöðugt í gangi. Um leið og mótaðar eru nýjar framhaldsskólánámsháttar til að sinna þeim nemendum sem hafa ekki enn náð að fóta sig í námi er starfsfólk grunnskólanna nú í Grafarvogi og á Kjalarnesi á leiðinni á menntaráðstefnu þar sem þau verða með málstofur og fá til sín forkólfa í grunnskólum á sviði stjórnsýslunnar. Skömmu áður eru tónlistarskólakennarar að ræða um fagmennsku á svæðisþingum sínum sem haldin eru um allt land á hverju hausti og leikskólakennarar að leita leiða



Kennarar leita sífellt nýrra leiða til að bæta sig í starfi.

NORDICPHOTOS/GETTY

til að verja skólaskerfi og koma í veg fyrir að senda þurfi börn heim vegna þess að ekki má kalla til forfallakennara. Enda er fórnfýsi, í sömu merkingu og enska hugtakið altruism, beinlínis innbyggð í hefðir og hugmyndafræði skólanna. Svona mætti áfram telja. Af hverju? Ekkert af þessu hefur

það að markmiði að tryggja efna- hag kennaranna sjálfrá. Markmiðið er einfalt: Að verða betri kennari. Margir kennarar hafa á orði að jafnvel þótt þeir hverfi til annarra starfa séu þeir alltaf kennarar í hjarta sér. Kennsla er skuldbundið lífsstarf eins og dr. Broddi Jóhannesson orðaði það.



Flensborg hefur öðlast gullviðurkenningu á sviði næringar. MYND/LÝÐHEILSUSTÖÐ

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



Litun og plokkun  
Verð: 2.900 kr.  
Brasilískt vax  
Verð: 3.900 kr.  
Tilboðið gildir í október 2010  
Sím: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

## Flensborg í forystu

**Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er nú í forystu heilsueflandi framhaldsskóla en þeir hafa það meðal annars að markmiði að bjóða upp á heilsusamlegan mat.**

Nýr samningur um heilsueflingu í framhaldsskólum var undirritaður fyrir helgi en hann er gerður á milli Lýðheilsustöðvar, heilbrigðisráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins, Samtaka framhaldsskólanemenda, Félags íslenskra framhaldsskóla og Ráðgjafanefndar um æskulýðsrannsóknir. Um er að ræða endurskoðun á samningi milli fyrrgreindra aðila frá árinu 2007. Undirritunin fór fram í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði en á sama tíma voru mikil hátíðarhöld í skólanum meðal annars vegna þess að hann telst nú forystuskóli heilsueflandi framhaldsskóla.

Markmið verkefnisins er að

stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda. Þá er því ætlað að bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra og hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum og sjálfbærum lífnaðarháttum.

Meðal þess sem unnið er að í heilsueflandi framhaldsskólum er að nemendum bjóðist heilsusamlegur matur í skólanum en í tengslum við verkefnið hefur Lýðheilsustöð gefið út handbók um mataræði í framhaldsskólum. Svo vel hefur tekist til hjá Flensborgarskólanum í þessum efnum að um leið og þar var afhjúpað skilti um heilsueflingu í framhaldsskólum var tilkynnt að skólinn hefði öðlast gullviðurkenningu á sviði næringar.

Handbókina um mataræði í framhaldsskólum er að finna á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsa.is. Þar er einnig að finna skrá yfir þá framhaldsskóla sem taka þátt í verkefninu um Heilsueflandi framhaldsskóla.

### Nauðsynlegt að minnka neyslu sykraðra drykkja

NÝ RANNSÓKN SÝNIR AÐ UM FJÖRUTÍU PRÓSENT AF ÞVI SEM BANDARÍSK BÖRN BORÐA ER HERT FITA OG VIÐBÆTTUR SYKUR.

Næringarfræðingar hins bandaríska krabbameinsfélags hafa fundið út að um fjöirutíu prósent af þeim mat sem dæmigerð bandarísk börn innbyrða sé hert fita og viðbættur sykur. Það séu innihaldslausar kalóriur sem yti undir þann faraldur offitu sem nú ríki í landinu og geri börnin mun líklegri til að þróa þráláta sjúkdóma eins og sykursýki og hjartveiki. Helsta kaloriuuppspretta barnanna var úr sex matartegundum: Gosdrykkjum, ávaxtasöfum, eftirréttum úr mjólkurafurðum, eftirréttum úr korni, pitsum og mjólk. Rannsakendur höfðu sérlegar áhyggjur af viðbættum sykri og töldu að ein höfuðáherslan ætti að vera að minnka neyslu sykraðra drykkjarvara. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í októberútgáfu tímarits bandarísku manneldissamtakanna.



Nýtt steinbakað, heilkorna brauð frá Jóa Fel

# Kóngabrauð

- þétt, heilkorna, bragðgott, dökkt og án sykurs

**Jói Fel**  
BAKARÍ  
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

## HEILSAÐU UPP Á ÞIG

Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur. Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið trefjaríkir og fitulitlir.

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

HOLLT OG GOTT Á HAGSTÆÐU VERÐI.



### 6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI  
SERRANO.IS

**serrano**  
FRESH MEX

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. 8-17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000 [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8-17

## BÍLAR & FARATÆKI

[bilaborg.is](http://bilaborg.is)



### Toyota Hiace diesel

Til sölu Toyota Hiace diesel turbo árgærd 2001, 9 manna, Skipt var um tímaeim fyrir 30.000 km, nýjar hjólaegur að framan, Ný ballansstangargúmmi að framan, billinn er mikið keyrður en er í góðu lagi 487.000 km. Smurbók frá upphafi, skoðaður 2011, afturdrifinn, sjálfskiptur, samlitur, aukamiðstöð, cd, samæsingar og farangursgrind. Verð 690.000, ath skipti. Sími 861 7600

M.BENZ E 200 CGI AVANTGARDE. Árgærd 2010, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.132899. Billinn er til sýnis á staðn. Umpl síma 517-1111

**Bilaborg**  
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík  
Sími: 517 1111  
<http://www.bilaborg.is>

**NETBÍLAR**  
[www.netbilar.is](http://www.netbilar.is)

Við störlækkum sölukostnað!  
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!  
**NETBÍLAR**  
[www.netbilar.is](http://www.netbilar.is)

**Viltu selja fljótt og vel....**  
Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasölumíðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bílinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbilar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - [netbilar@netbilar.is](mailto:netbilar@netbilar.is)

**Netbilar.is**  
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sími: 588 5300  
<http://www.netbilar.is>

**100bilar.is**



Skoda Octavia Ambiente diesel, árg. 7/2006, ek.82þús, sjálfskiptur, hiti í sætum, Flottur sparneytinn, sjálfskiptur diesel bíll, Asett verð 2270þús.kr, er á staðnum hjá okkur

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

**Bílar til sölu**



Til sölu Renault Clio árg. '98 sk. V. 250 þús. S. 893 5517.



Til sölu Honda Accord sedan, sport special edition. Ek.28þús, árg.'08. Ssk. Fjölskylduvænn sportlegur, eins og nýr. Asett verð 2,950þús. Óskar 868 1488.



Til sölu Skoda árg'98, ek.150þús. Skoðaður. V. 150þús. S. 867 9279

Til sölu Toyota Corolla árg. '02 ek. 87 þús., sjsk. V. 990 þús. strg. S. 892 4190.

Til sölu Daihatsu Grand move árg. '98, sk.'11. Samlæsingar, rafmagn í rúðum, cd. Eyðir litlu. V. 120þús staðgr. Umpl. í s. 847 2786.

**0-250 þús.**

MMC Lancer árg. '93 nýsk., ek. 200 þús. V. 180 þús. S. 845 0477.

**250-499 þús.**



**Tilboð 250 þ.**  
VW Golf árg. '96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Umpl. S. 659 3459.



**Tilboð 280 þ.**  
Toyota Carina E 1,8 árg.'96 ek. 240. ný skoðuð. 5 girá, beinskíptur og dráttarkrúkur. Verð 280þ. Umpl. í s. 659 3459.

**Bílar óskast**

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Umpl. s. 615 1810

**Sendibílar**



Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlíð. Umpl. í s. 898 3206.

**Vörubílar**

Óska eftir 4x4 vörubíl með platta og helst snjótönn. Umpl. í síma: 696 9695 eftir kl 16.

**Vespur**

Vespa 125' Ekinn 25km kostar ný 300þ. Fæst með 100þ.kr afslætti!!! s: 698 6009.

**Fjór hjól**



CanAm outlander 800 Max XT '07 ek. 9000 sk. 2011. Híti í handföngum og þumli, stórt farangursbox með áföstum töskum, 2 kolpin bensinbrúsar, loft-dæla ofl. frábært ferðahjól. V. 1980 þús. áhv. 1200 þús. Engin skipti. Einnig kerra undir hjólið. 60 þús. 693 5455.

**Kerrur**



**Humbaur álkerrur**  
Innanmál 205x131x35 cm.13" dekk. Farmþyngd 602 kg. Heildarþyngd 750 kg. Verð 222.184 kr. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:517 7718

**Vinnuvélar**



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DSLAUSNIR ehf 561-8373 [www.dslausnir.is](http://www.dslausnir.is)

Óska eftir veghefli helst Cat 140 eða 160 eða sambærilegt. Óska einnig eftir snjóblásara fyrir 20 tonna peiloter árg. 2000 eða yngri. Umpl. s: 696 9695 e. kl 16.

**Hjólbarðar**

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjállahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

4.stk 185/65 14" á 5gata álfelgum á 30þ. 4 stk. 175/65 14" á álf. á 30þ. 4 stk. 235/65 17" á 40þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 25þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. Eitt stk. 255/55 18" á 5 þ. 4 stk. 175/70 13" á Golf álf. á 20 þ. Umpl. í s. 896 8568.

**Varahlutir**



**Bílapartasala**  
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla [www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)



Notaðir TOYOTA varahlutir  
Sími: 587 7659

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**  
S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurhella 10, Hfj.

**Partahúsið - S. 555 6666**  
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girrkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Umpl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Baleno Wagon '97. Vitara árg. '97. MMC Space Wagon '97. Kia Sephia '99, Yaris '00, Hatchback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Nissan '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**ÞJÓNUSTA**

**Sendibílaþjónusta**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Pípulagnir**

**Pípulagnir**  
Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Garðyrkja**



**Alhliða**  
garðþjónusta  
Garðþjónusta  
Íslands ehf.  
• Haustklippingar  
• Hellulagnir  
• Allt á einum stað fyrir garðinn þinn  
Vönduð vinnubrögð  
-Hjörleifur s. 844 6547



Garðaumsjón: Létti á trjám og runnum fyrir veturinn. Algjör nauðsyn. Halldór garðyrkjum. s: 698 1215.

**TRJÁKLIPPINGAR**

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufraeðingur s 848 9600

**Trjáklippingar**  
Trjáfellingar. Snyrtning á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur s. 848 1723.

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**



**Málun**  
20% afsláttur af inniverkefnum, getum einnig bætt við okkur útiverkefnum.

Málun, flisar, múr og parket. Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag. Haukur, S. 777 3374.

**Málarameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litíð Mál ehf. S. 896 5758.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)

**Húsviðhald**

**HAMRABORG ehf**  
Pakpappaþjónusta  
Almennar húsviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg@sinnet.is

**VIÐHALD**

fasteignaviðgerðir  
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.  
Við önnumst m.a.:  
• múrviðgerðir • þakviðgerðir  
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir  
• flísalagnir.  
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.  
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is



**Ryð- og lekavarnir á þökum**

• Löggildir pace verktakar  
• Almennar þakviðgerðir  
• Ryð- og lekavarnir  
• Pakmálun

**Frí ástandsskoðun**  
[www.reisir.is](http://www.reisir.is)  
Sími 773 4441

**Alafl verktakar**  
20% afsláttur af öllum inniverkefnum  
Málarar  
Múrarar  
Flisar  
Píparar  
Parket  
Smíðir  
Rafvirkjar  
Fáðu tilboð í dag  
Eiríkur s. 777 6799



Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu  
Litliklettur.is - s: 699-0355



**Tökum að okkur parketslípun**

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmíði og sólpallaslípun. Þröskuldar, slípaðir, innifaldir í verði. Sjáið myndir á [www.parketsliparinn.is](http://www.parketsliparinn.is) Umpl. í s. 772 8100. Visa/ Euro

**Smíði, múrun, málun og flísalögn....**

Viðhald og breytingar inni sem úti. Eldhús, baðherbergi... Sjá verkadönnu. S. 770 5599.

Smíður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

**Tölvur**



**tölvuhjálpi!**  
Yfirhaling á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK  
Ókeypis vírusvörn  
Nánar á [www.tolvuhjalp.is](http://www.tolvuhjalp.is)  
Sími 588-9590  
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírusreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félagi ÓBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

**Nudd**

**Líkamsnudd !**  
Frábær þjónusta. S. 693 0348

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Whole body massage. S. 849 5247

LUXURY,TANTRIC WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!! S 8698602

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Ertu aum/ur í baki eða hálsi? Áttu erfitt að fara framúr á morgnanna. Þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna G.Ben Jurtavörur S: 588 2260 / 863 2261.

**Spádómar**

**Spásími 908 6060**  
Tarot, miðlun, trúnaður. Er byrjuð á fullu aftur.  
Opíð frá 12-23 S. 894 9228  
Steinnun visa/euro

**908 1888**  
Spásími Daddýar alla daga næstu viku.  
250 kr. mínótan.

Símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútagjald. Tímantánir í S. 891 8727, Stella.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**  
Setjum upp dyrasímaakerfi og gerum við eldri kerfi  
Mylagnir og endurnýjun raflagna  
**Gerum verðtilboð**  
**RAFNEISTI**  
GSM 896 6025  
Lögilltur rafverktafi  
rafneisti@rafneisti.is www.rafneisti.is

**Trésmíði**

Erum vanir viðgerðum á gömlu og nýju hvar sem er á landinu, parketlagning, uppsetningar á innréttingum, hurðum, gluggum og margt fleira. Tilboð eða tímavinna. Uppl. 894 9529 Trausti/Ragnar

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**  
Ódýr blekhyllki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhyllki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

**Skemmtisiglingar í ANDREUNNI**  
Uppákomur, árs hátíðir, sjóstöng, fundaðstaða o.fl. Uppl. hvalalíf@hvalalíf.is / 897-8433.



**GreenHouse**  
Góður og fallegur fatnaður. Verið velkomin, opið í dag frá 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

Tek að mér gæslu á sumarhúsum í Árnessýslu. S 896-5743 Guðjón f.v. lögreglumáður

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**

Lager af CCTV öryggismyndavélum til sölu, nánari uppl. á cctvmyndav@gmail.com

**Vatnseimingartæki**  
Ný sending komin. Tilvalið fyrir þá sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni.  
**ÍSPARTAR-VÉLAVIT**  
Skeiðarási 3 • Sími 527 2600



KÆLI OG FRYSTIKLEFAR TIL SÖLU. Stærðir: frá 2 til 12 m<sup>2</sup>. Klefning afhentur fullbúin og tilbúin til notkunar. SENSON sími 511 1616.

**Útihurðir**  
**Parki INTERIORS**  
PARKI / DAVÍÐSÍÐI 10 - 14 / 5044300



Hornleðursófasett, stóll, sófaborð, skápur, kommóða og spegill. Mjög vel með farin og vönduð húsgögn úr hnausþykku og sterku Vísunda leðri („Waterbuffalo“). Viðurinn er virburstuð fura („robust“). Nánari uppl. veittar í síma 897 4449 Þriðjud. 5. okt. og miðvikud. 6. okt. á kristilegum tíma. Húsgögnin verða til sýnis á milli kl.15:00 - 19:00 miðvikudaginn 6. október á Tjarnargötu 44, í Reykjavík.

Ísskápur á 15þ. Þvottavélur á 20-30þ. Barkalaus þurrkari á 30þ. Veitingahúsuppvottavél á 50 þ. Brauðrist á 2þ. Stál bakaraofn á 25þ. Uppþvottavél á 20þ. 14" tv á 5þ. Rýksuga á 5þ. 28" tv á 10 þús. Borðtálva á 30þ. Bílageislaspilar 15þ.S. Gasgrill á 10 þ.Frystiskápur á 25þ. Rúm á 5þ. 896 8568.

**Óskast keypt**

**Kaupí gull !**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupí allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáíð góð ráð.  
Upplýsingar á demantur.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**  
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. 690-2409 Vistvæn endurnýting.

**Vélar og verkfæri**



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSKSími: 5520110-www.pon.is

**Skotvopn**

**Byssur**  
Til sölu einskota haglabýssa ásamt skotum og hreinsiseti. Byssuskápur fyrir 5 byssur. Uppl. í s. 849 7200.

**Til bygginga**

Óska eftir doka borðum, nýjum eða litið notuðum. Upplýsingar í síma 898 9718.

**Verslun**

**bathmate.is**  
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.  
Meiri stíning, kraftur og lengri limur ásamt tip tap reðurheilsu!  
**TUNGUHJÓLIÐ**  
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!  
Skóðuðu úrvalið á **FLESHLIGHT.IS** og allar pantanir algjersdags samdægurs!

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

HERBALIFE Hefur farið í maga minnkun og garnastýttu. Þá er þetta vara sem sendir frumunum okkar rétt skilaboð. Tala af reynslu. Hafðu samband og fáðu frían prufu pakka Anna Sigga 822 1035.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**



Maxiwell III Nuddpúðinn er þýskur snillingur. Góður í rúminu sem bílum. Heitt steinanudd. Mýkir upp jafnvel hörðustu nagla. Þú verður að prófa. www.logy.is. Sendum í póströfu. Sími 661 2580.



**TANTRA MASSAGE**  
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**  
Fáðu kort og nudd frítt.  
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbeikir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**

Nudd kr. 3500,-  
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900,-. Margar teg. nudds, alhlíða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opíð 12-18 mán-lau.

**Þjónusta**



**Reykstopp með árangri**  
s:694 5494  
Viðar Aðalsteinnsson dáleisðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Námskeið**  
Eins til þriggja daga námskeið í trérennismíði. email: eik@centrum.is Sími 896 4966.

**Kennsla**

NÁMSAÐSTOD við grunn-, framhalds- og háskólanema. Nemendapjónustan S. 557 9233.

**HEIMILIÐ**

**Húsgögn**

Rúm 130bx200l. með góðri dýnu og svefsófi íslensk hönnun 130b selst ódýrt uppl.í síma 6915416 eða 5641628.

Borðstb úr Hnotu frá Öndv +6 leðurst hátt bak eins og nýtt á 90.000 Og leðursófas og sófab á 20.000. Uppl í s. 846 3774

**Dýrahald**

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

**Ýmislegt**

**Þú færð þrjónadótið hjá okkur í A4**  
**A4** Skrifstofa og skóli  
Smáratorgi 1 + Kópavogi + a4.is

**TÓMSTUNDIR & FERDIR**

**Fyrir veiðimenn**

**Gæsaskyttur ATH!**  
Gæsaveiði í Landeyjum með vönum leiðsögumönnum. Sendið fyrirspurnir ásamt nafni og símanúmeri til eftirfarandi vesturrost@vesturrost.is eða pall@leit.is

Auglýsingasími  
**512 50 50**  
Allt sem þú þarft...

**Til sölu**

**Söfnunaríllát!**  
Margar gerðir


**HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI**  
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550  
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**  
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísí eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing  
Allt sem þú þarft...

**HÚSNÆÐI**

Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í  
MIDBÆNUM**  
Dags, viku og mánaðarleiga.  
Gistihúsið Egilsborg 896 4661

**Tilkynningar**

**FRÍKIRKJAN**  
Í REYKJAVÍK

býður upp á tólf spora starf í vetur. Tækifæri til að taka til í vistaverum hugans og uppskera aukin lífsgæði bæði félagslega og tilfinningalega.

**Þriðji opni fundurinn verður haldinn  
í kirkjunni í kvöld 5. október,  
kl. 20:00-22:00**

Fundirnir verða á þriðjudagskvöldum í vetur.  
Nánari uppl. [www.viniribata.is](http://www.viniribata.is) og [www.frikirkjan.is](http://www.frikirkjan.is)

**Leiguliðar ehf  
Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða  
auglýsir lausar íbúðir,  
leiguverð frá kr. 87.000.  
Reykjavík, Selfoss,  
Porlákshöfn, Akranes,  
Hafnarfjörður.  
Gæluðyr leyfð.

Sjá [www.leigulidar.is](http://www.leigulidar.is)  
eða 517 3440

**SKAMMTÍMA  
LEIGA**  
MIÐSVÆÐIS Í RVK  
ÓDÝR VIKU- OG  
MÁNAÐARLEIGA  
HERBERGI OG  
ÍBÚÐIR  
HÓTEL FLÓKI  
**660-7799**

[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

1-2 manna herb. Funahöfða  
17a -19 Rvk og Dalshraun 13  
Hfj aðganur að internet, baði.  
eldh., þurrkara og þvottavél.  
824 4535.

Room for rent 1-2 person.,  
Funahöfða 17a -19 Rvk og  
Dalshraun 13 Hfj internet, bath,  
kitch, washing room incl.  
Uppl/info í S. 824 4535.  
[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði.  
eldh., þurrkara og þvottavél. Uppbúin  
rúm. S. 892 5309.

Stúdíóbúð á Hverfisgötu 45fm. Íssk.  
Þvottv. og fl. V. 80 per mán. Laus strax.  
S. 892 4624.

Til leigu herb. með aðg. að snyrtingu og  
sturtu í 109. Uppl. í s. 867 8987.

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu  
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu  
inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu  
samb. við okkur í s. 511 1600.

Gott 22fm herb. m. snyrtingu í Árbæ.  
Leiga 35þ. s. 892 5601.

**Geymsluhúsnæði**

Geymi tjaldvagna, fellihýst ofl.  
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu 13  
ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir:  
geymsla asgeirs erikssonar ehf.  
Upplýsingar 897 1731  
klettar@heimsnet.is

**Húsvagnageymslan  
Porlákshöfn**

Síðustu stæðin fyrir veturinn Tjaldv.  
kr 18.000 Fellih. kr. 25.000. Uppl. 893  
3347/866 6610.

**Geymsluhúsnæðið**

**Auðnum II, 190 Vogar.**  
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótór-  
hjul ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m<sup>2</sup>. Lág verð.  
Opð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald,  
iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S:  
564-6500

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán.  
Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík  
(Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-  
myndavélar. S. 555 3464.

**Síðustu plássin**

Húsvagnageymsla-upphitað, þurr,  
lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka.  
Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564 6501.

**Gisting**

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í  
göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust  
net. S. 694-4314.

**ATVINNA****Atvinna í boði**

Stýrimann vantar á 60 tn líubát frá  
Hafnarfirði. (Lúða). Sími: 8451546.



**Kaffihús, Bakarí**  
Bakarameistarinn Glæsibæ  
óskar eftir traustu fólki til  
starfa í afgreisðlu. Vinnutími  
frá 11-19 og 13-19 virka daga.  
Einnig vantar í Suðurverri á tím-  
anum 08-16  
Umsóknareyðublið má nálgast  
á [www.bakameistarinn.is](http://www.bakameistarinn.is)

Óskum eftir duglegu fólki til sölu og  
markaðsstarfa. Menntun og reynsla  
skiptir ekki máli! Gríðarlegir tekjumögu-  
leikar. Uppl. í s. 773 6099.

Traustan norskan aðila vantar rekstrar-  
aðila fyrir söluskála. Góðir tekjumögu-  
leikir fyrir rettan aðili t.d par. upplýs-  
ingar í síma 0047 97612713 begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting begin\_of\_the  
skype\_highlighting 0047 97612713  
end\_of\_the skype\_highlighting netfang  
bvigbj@  
gmail.com

Tabascos bar og grill, Hafnarstræti 1-3.  
Matreiðslumaður óskast. Uppl. í s.  
864 5299.

**HEIMAKYNNINGAR**

Vantar gott fólk til að starfa við hei-  
makynningar. Um er að ræða frábæra  
gölfhrensílinu. Góðir tekjumöguleikar,  
frjáls vinnutími. Upplýsingar í síma 517-  
8000 eða á [golfefnaval@golfefnaval.is](mailto:golfefnaval@golfefnaval.is)

Nýr japanskur veitingarstaður leitar að  
kokki. Kröfur til umsækjanda: Kokkur  
vottorð/skrifteini gefið út í Japan af  
viðurkenndum matreiðsluskóla. Reynsla  
að vinna sem kokkur í Japan í 3 eða  
fleiri ár. Til að fá fleiri upplýsingar hafið  
samband í síma: 862-1671, Andrey eða  
netfang [andrey@kernelonline.com](mailto:andrey@kernelonline.com)

**TILKYNNINGAR****Einkamál****SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905 2000 (símatorg)  
535 9920 (kreditkort)  
535 9923 (fritt karlar)  
555 4321 (fritt konur)

**Spjall**  
904 5454 (símatorg, karlar)  
535 9940 (kreditkort karlar)  
555 4321 (fritt, konur)

**Gay spjall**  
535 9988 (kreditkort)

**Sögur**  
905 2002 (símatorg)  
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldómur**  
908 6000 (símatorg)  
535 9999 (kreditkort)

**Fasteignir****Stóreign**

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590\_7600

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

Aðalheiður Karlsdóttir  
Löggiltur fasteignasali[storeign.is](http://storeign.is) FAX 535 1009

Stóreign kynnir:

**Borgartún 30**

Stóreign kynnir til sölu eða leigu alla  
4. hæðina. Í Borgartúni 30, um er að  
ræða 813,5 fm sem eru þrjár eignarh-  
lutar en nýttir saman í einu lagi.

Hæðin er vel innréttuð og skiptist  
í móttöku, eldhús, fjölda skrifstofu-  
herbergja, opin vinnurými, eldhús,  
skjalageymslur og salerni.

Þrjár lyftur eru í sameign.

Þrjár inngangar geta verið úr sameign  
inn á hæðina.

Vandaðar innréttingar og gólfefni.

Sameign er góð og malbikuð  
bílastæði.

**Nánari upplýsingar gefur starfsfólk  
Stóreignar S. 590-7600 Skúlatúni 2**

# Þverbrestur þingsins

## Landsdómur

**Ólína Þorvarðardóttir**  
alþingismaður  
Samfylkingarinnar



Átta guðfræðingar hafa birt Athyglisverðan pistil á vefsíðunni tru.is þar sem þeir áfella Alþingi Íslendinga í svokölluðu „Landsdómsmáli“. Guðfræðingarnir ræða þá óvæntu niðurstöðu að Geir H. Haarde skuli einn kallaður til ábyrgðar fyrir landsdómi á grundvelli laga um ráðherraábyrgð. Telja þeir að þingið hafi ekki reynt þeim vanda vaxið að kalla ráðherra til ábyrgðar á grundvelli 14. greinar stjórnarskrár sem segir: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.“

Ég tek undir með pistlahöfundunum að það hefur verið átakanlegt að horfa upp á ráðaleysi þingmanna gagnvart því ábyrgðarhlutverki sem þeir hafa í umboði almennings: Að skapa framkvæmdarvaldinu raunverulegt aðhald. En hvað var það sem brást?

Þegar sprungur myndast, þá verður einhver staðar brestur undan þrýstingi og út frá honum rífnar stærri sprunga sem getur kvíslast og teygst sig bæði djúpt og langt.

Brestur þessa máls varð í úrvinnslunni á niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis (RNA).

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar var áfellsdómur yfir stjórnvöldum og stjórnsýslu landsins. Þinginu bar að bregðast við niðurstöðum nefndarinnar og gera ráðstafanir til úrbóta í því efni.

Skipuð var sérstök þingmannanefnd undir forystu Atla Gíslasonar, alþingismanns og lögmanns. Atla-nefndinni svokölluðu var falið með sérstakri samþykkt á Alþingi að vinna úr niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar. Það tókst að hluta til. Tillögur nefndarinnar um almennar úrbætur á stjórnarfari okkar hlutu góðan hljómgrunn í þinginu og um þær var einhuga sátt. Öðru máli gegnir um þann þátt sem snýr að landsdómi – þar mistókst úrvinnslan hrapallega.

Ástæðan er einfaldlega sú að Atla-nefndin lét sér ekki nægja niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis þegar kom að spurningunni um að ákæra fyrrverandi ráðherra. RNA hafði komist að þeirri niðurstöðu að þrjú fyrrverandi ráðherrar, Geir H. Haarde, Árni Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson hefðu brugðist starfsskyldum sínum sem ráðherrar efnahags- og fjármálakerfis með aðgerðaleysi og/eða vanrækslu sem þyrfti frekari rannsóknar við á réttum vettvangi. Rannsóknarnefndin undanskildi hins vegar Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þar sem hlutverk hennar sem utanríkisráðherra væri ekki hægt að heimfæra á það sem gerðist í bankahruninu. Þar með var ekki dregið úr pólitískri ábyrgð hennar sem formanns Samfylkingarinnar á þeim tíma, heldur horft til ákvæða stjórnarskrár og laga um ráðherraábyrgð. Alþingi getur samkvæmt fyrrnefndu stjórnarskrárákvæði aðeins kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra á viðkomandi málavíði, þ.e. því málavíði sem undir ráðuneytið heyrir.

Ég er sammála niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis og greiddi atkvæði í samræmi við það þegar málið kom til kasta Alþingis í síðustu viku. Ég tel einnig að ef þingmannanefndin hefði haldið sig við niðurstöðu RNA hefði atkvæðagreiðslan

í þinginu farið á annan veg en varð, og línur orðið mun skýrari.

En þingmannanefndin gekk lengra. Meirihluti Atla-nefndarinnar vildi koma lögum yfir fleiri en þá sem skýrsla RNA gaf ástæðu til. Sá þrýstingur varð aftur til þess að nefndin þríklofnaði þar sem tveir vildu engan ákæra, tveir vildu ákæra þrjú, fimm vildu ákæra fjóra. Þarna varð sá þverbrestur í starfi nefndarinnar sem nú hefur teygst sig inn í þingið og dregið dilk á eftir sér. Þrýstingurinn sem þetta olli varð nefndinni og þinginu ofraun. Afleið-

ingin er sú að Alþingi Íslendinga hefur nú heykst á því að veita framkvæmdarvaldinu raunveru-

stólum á hlut stjórnvalda í hrunferlinu 2008. Nú verður það einungis einn



Ástæðan er einfaldlega sú að Atla-nefndin lét sér ekki nægja niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis þegar kom að spurningunni um að ákæra fyrrverandi ráðherra.

legt aðhald og láta fara fram viðhlítandi rannsókn fyrir dóm-

maður sem mun standa skil á gjörðum sínum frammi fyrir

landsdómi – þegar hið rökréttu hefði verið að fagraðherrarnir í ríkisstjórn hans hefðu einnig sætt rannsókn á sömu forsendum og átt þess kost að verjast fyrir dómi. Þeir síðarnefndu verða nú lykilvitni í málaferlunum. Þeirra hlutskipti er orðið það að fá aldrei endanlegar lyktilir síns máls á opinberum vettvangi, hvorki til sektar né sýknu. Eftir situr þjóðin höggdofa yfir niðurstöðunni, en þingheimur ráðvilltur, reiður og margklofinn í afstöðu sinni.

Afleit niðurstaða fyrir alla sem hlut eiga að þessu máli.



# Helvíti gott



HIMNESKT



59

**BOB GELDUF** rokkari og mannvinnur er 59 ára

„Á sama tíma og konur berjast við að standa jafnfætis körlum á vinnumarkaði þurfa karlar að heyja baráttu til að endurheimta sinn sess í venjulega samsettri fjölskyldu.“

## Merkitatburðir

- 1897** Stórstúka Íslands gefur út Æskuna, barnblað með myndum, í fyrsta sinn.
- 1946** Keflavíkursamningurinn undirritaður, þegar Alþingi samþykkir afnot Bandaríkjanna af Keflavíkurlflugvelli.
- 1949** Dregið er í fyrsta sinn í Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga (SÍBS).
- 1963** Hljómar leika í fyrsta sinn opinberlega í Krossinum í Njarðvík.
- 1984** Eiríkur J. Eiríksson og Kristín Jónsdóttir gefa Bæjar- og héraðsbókasafni Selfoss safn sitt, alls um 30.000 bindi.
- 1991** Blönduvirkjun formlega tekin í notkun.

## AFMÆLI

**VIÐIS GUNN-ARSDÓTTIR**  
leikkona er 45 ára



**ÞÓR JAKOBSSON**  
veðurfræðingur er 74 ára



**VIÐIS HREFNA PÁLSDÓTTIR**  
leikkona er 33 ára



**HANS KRISTJÁN ÁRNASON,**  
hagfræðingur og rithöfundur, er 63 ára



**ÞETTA GERÐIST: 5. OKTÓBER 1962**

## Fyrsta smáskífa Bítlanna kemur út

Fyrsta smáskífa Bítlanna kom út þennan októberdag fyrir 48 árum. Á A-hlið plötunnar var lagið Love Me Do sem Paul McCartney samdi að mestu 1958, þegar hann skrúpaði í skóla einn daginn á sautjándra ári. John Lennon bætti síðan smávegis við lagið áður en það fyrst náði eyrum hlustenda 1962. Á bakhlið smáskífunnar var lagið P.S. I love you.

Þegar smáskífan kom fyrst út á Bretlandseyjum kleif hún hæst í sautjándra sæti vinsældar-

lista, en 1982 var lagið endurútfengið og komst í fjórða sæti. Lagið fór hins vegar rakleiðis í fyrsta sæti bandaríska smáskífulistans þegar það kom út vestra 1964.

Love Me Do var tekið upp í Abbey Road-stúdíói EMI-plötuútgáfunnar. Á sama tíma tóku Bítlarnir upp lagið Please Please Me í von um að setja það á bakhlið smáskífunnar, en þeim til sárna vonbrigða var því hafnað af plötuframleiðandnum George Martin.



GULLÖLD HÚSMÆÐRA 1945-65: FYRIRLESTUR Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS Í DAG

## Ekki svo rómantísk og geðgóð

„Ímynd húsmæðra á gullaldarárum þeirra er geðgóð eiginkona sem nýtur þess að þrifa, baka og sauma, sinna börnum og dúllast í kringum eiginmann sinn á hvítþvegna heimili. Því kom mér á óvart að ekki gengu þær allar brosandir til húsverka sinna og að allar nema ein unnu að hluta til úti meðfram húsmóðurstarfinu,“ segir Margrét Helgadóttir sagnfræðingur sem í dag klukkan 12.05 heldur erindið „Gullöld húsmæðra“ í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

„Það var um miðja síðustu öld að ákveðnar konur kröfðust upphefðar og starfsheitis sem hæfði því sem þær sögðu mikilvægasta starf þjóðarinnar; að ala upp börnin, sjá um eiginmanninn og hugsa um heimilið. Áður höfðu flestar fjölskyldur búið til sveita þar sem heimilisfólkið skipti með sér verkum, en í borgarsamfélaginu varð meiri aðskilnaður þegar karlinn fór til starfa úti og konan varð eftir heima,“ segir Margrét sem í rannsókn sinni ræddi við ellefu gullaldarhúsmæður víðs vegar af landinum.

„Nútímakonur hafa rómantíska sýn á húsmóðurmynd þessa tíma og halda að hamingjan ein hafi ráðið ríkjum og húsmæður hafi verið að dúllast þetta heima, en í raun var fátt rómantískt við tilveru þeirra. Í ljós kemur að konur þá höfðu jafn mikið, ef ekki meira á sínum herðum, því þá eins og nú, sinntu þær vinnu, börnum og heimili. Hins vegar var samfélagið þeim hliðhollara og vinnuveitendur komu til móts við þarfir heimilisins, þannig að þær gátu skotist heim til að setja upp kartöflur og unnið hluta úr ári svo börnin yrðu ekki útundan,“ segir Margrét. Í rannsóknarvinnu sinni komst hún að því að fimm kvennanna fóru í húsmæðraskóla meðan hinar þjuggu yfir kunnáttu frá móður sinni eða heimilum sem þær komu frá.

„Þegar gullaldarhúsmæðurnar voru alveg heimavinnandi gerðu þær meira og betur, en þegar þær fóru út á vinnumarkað lögðu þær minna upp úr þrífnaði og sögðu menn sína hafa verið lipra með hjálp við heimilisstörf. Þá höfðu þær mismikinn áhuga á tilteknum húsverkum og meira að segja sú sem var alltaf heima lét þau lönd og leið til að geta verið með börnum sínum; ekki ósvipað og tímaknopp nútímakonan sem lætur þriffin bíða til



**HEILÖG HÚSMÓÐIR** Margrét Helgadóttir, sagnfræðingur og viðskiptafræðingur, segir viðhorf almennings til kvenna og húsmæðra hafa breyst mikið síðan á gullöld húsmæðra, því viðmælendur hennar hafi verið ófánlegir til að tala um skilnaði eða barneignir utan hjónabands á þessum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að eiga gæðastundir með börnunum,“ segir Margrét og útskýrir að samfélag gullaldarinnar hafi sett húsmæðrum óraunhæfar þrífnaðarkröfur.

„Því upplifðu margar streitu við að standa skil á hreinlætisstuðlum samfélagsins og töluðu um að þær hefðu gert lítið annað en að þrifa, enda veit nútímakonan að það þarf virkilega að halda tuskunni á lofti til að halda heimilinu í horfinu,“ segir Margrét og upplýsir að sumum gullaldarkvönnu hafi beinlínis leiðst húsmóðurstarfið.

„Einni fannst það allt leiðinlegt, og flestar nutu þess bara sem þær höfðu raunverulegan áhuga á, eins og kökubakstri eða hannyrðum, rétt eins og á við um konur í dag. Því finnst mér

tímarnir ekki hafa breyst svo mjög og ég gæti allt eins hafa verið að tala við jafnöldrur mínar þegar ég tók viðtöl-in því með þeim bærðust sömu væntingar og þrjár. Og þegar heimilistæki ruddu sér til rúms á íslenskum heimilum fór þvotturinn ekki sjálfkrafa í vélina eða úr henni og upp í hillur, en stritið minnkaði og vinnan fór betur með þær líkamlega. Flestar höfðu þó móður sína eða tengdamóður með í húsverkunum, og þar ættum við konur að staldra við nú, því við viljum gera allt sjálfar um leið og við kvörtum yfir of miklu álagi. Við þurfum bara aðeins að slaka á stjórnartaumunum og gefa körlum tækifæri í húsverkunum líka.“

thordis@frettabladid.is



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýnt hafa okkur einstakan hlýð, vináttu og stuðning við andlát og útför okkar ástkæra

**Hannesar Þórs Helgasonar,**

Háabergi 23, 221 Hafnarfirði

Helgi, Pattý og fjölskylda.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hermann Ólafsson**

Málrameistari

Hrafnistu, Hafnarfirði

lést á Hrafnistu 29. september. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 6. október kl. 13.

Sigríður Samsonardóttir  
Halldóra Hermannsdóttir, Ásmundur Jónasson  
Aðalheiður Hermannsdóttir  
Barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

**Ragna Sólberg**

lést á St. Jóseppspítalan föstudaginn 1. október sl. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 8. október kl. 13:00

Óskar Líndal Jakobsson  
Gísli Þór Guðmundsson  
Sóleu Guðmundsdóttir  
Anna Hildur Hildibrandsdóttir  
Ingvar Reynisson  
Friðgerður Guðmundsdóttir  
ömmubörn og langaömmubörn.

Þeir sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma

**Valný Georgsdóttir**

áður til heimilis á Bláhömrum 2, Reykjavík

andaðist í Heilbrigðisstofnun Blönduóss laugardaginn 2. okt. Útförin mun fara fram í Reykjavík og verður hún auglýst síðar.

Erla Höskuldsdóttir  
Sigrún Höskuldsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðursystir okkar og mágkona,

**Una Þorgilsdóttir**

Ólafsbraut 62, Ólafsvík,

verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. október kl. 13:00

Fyrir hönd aðstandenda,  
Ólafur Sveinsson, Kristlaug Sigríður Sveinsdóttir,  
Sveinn B. Ólafsson.



## exquisit

- KGC-270/45  
 ✓ Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar  
 ✓ Orkuflokkur A  
 ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli  
 ✓ HxBxD: 143x544x58 cm  
 ✓ Verð áður kr 74.900

1,43 m



Verð nú **59.900**  
 ÞÚ SPARAR 15.000

## exquisit

- KGC-300/70  
 ✓ Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar  
 ✓ Orkuflokkur A+  
 ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli  
 ✓ HxBxD: 177x55x58,6 cm  
 ✓ Verð áður kr 99.900

1,77 m



Verð nú **79.900**  
 ÞÚ SPARAR 20.000

10-35%

AFSLÁTTUR AF FRYSTITÆKJUM

## exquisit

- GS-240WTA  
 ✓ 165 lítra frystiskápur (nettó)  
 ✓ Orkuflokkur A  
 ✓ 6 skúffur  
 ✓ HxBxD 144x54x58 cm  
 ✓ Verð áður kr 84.900

Verð nú **59.900**  
 ÞÚ SPARAR 25.000


exquisit  
 GS-11A  
 ✓ 80 lítra frystiskápur (nettó)  
 ✓ Orkuflokkur A  
 ✓ 4 skúffur  
 ✓ HxBxD 84x55x56 cm  
 ✓ Verð áður kr 59.900

Verð nú **38.900**  
 ÞÚ SPARAR 20.000

35%

## appliance

- P-3060  
 ✓ Hvít eldhúsvífta  
 ✓ 3 hraðastillingar + ljós  
 ✓ HxBxD: 14x59,5x49,5 cm  
 ✓ Verð áður kr 16.990



Verð nú **11.990**  
 ÞÚ SPARAR 5.000



Verð nú **54.900**  
 ÞÚ SPARAR 15.000

## Electrolux

- ELK-12022HV  
 Mjög vönduð eldavél með eka blástursofni og keramik helluborði  
 ✓ Eka heitur blástur með 8 kerfum  
 ✓ Hraðhellur  
 ✓ Sjálfhreinsandi ofn  
 ✓ Kæld þríglerjuð hurð  
 ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm  
 ✓ Verð áður kr 159.900

## exquisit

- EH-5604  
 ✓ 50 cm breið eldavél  
 ✓ Stór ofn með undir- og yfirhita  
 ✓ HxBxD: 85x49,5x60 cm  
 ✓ Verð áður kr 69.900



Verð nú **129.900**  
 ÞÚ SPARAR 30.000

Heitur blástur  
 Sjálfhreinsandi

VERÐIÐ TEKUR NÝJA DÝFU!

# HLAUGHTU KAUGHTU



Þykkar eða þunnar, belgískar eða klassískar vöflur. Allar gerðir vöflujárna með 25% afslætti núna!

# 25%

AFSLÁTTUR AF VÖFLUJÁRNUM

## ZANUSSI

- ZWG-5145  
 1400 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhráða  
 ✓ Hraðval  
 ✓ Ullarkerfi og handþvottakerfi  
 ✓ Straullétt kerfi  
 ✓ Stór 30 cm hurð  
 ✓ Tekur allt að 6 kg  
 ✓ Framstíllt ræsing 3, 6 eða 9 klst  
 ✓ Áfangabeytivinda - minni slit á vél og þvotti  
 ✓ AquaLift þvottatækni  
 ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu  
 ✓ Verð áður kr 114.900

6 KG

1400 SN



Verð nú **84.900**  
 ÞÚ SPARAR 30.000

## AEG

- LN-69260  
 Vönduð þvottavél með notenda-vænu stjórnborði og stóru hurðaropi  
 ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði  
 ✓ Tekur allt að 6 kg. af tæli  
 ✓ Hraðval  
 ✓ Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann  
 ✓ Stórt 30 cm hurðarop  
 ✓ Öflugt handþvottakerfi  
 ✓ Sérstök blöttameðhöndlun  
 ✓ Ullarvagg  
 ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni  
 ✓ Verð áður kr 124.900

6 KG

1200 SN



Verð nú **99.900**  
 ÞÚ SPARAR 25.000

45 cm

49 dB

Verð nú **69.900**  
 ÞÚ SPARAR 15.000

## AEG

- F-87004P / F-87004MP  
 Toppperðin frá AEG með óviðjafnanlega hljóðeinangrun, aðeins 39 desibíl og lúxus innréttingu  
 ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi  
 ✓ 4 hitastig 45-70°C  
 ✓ Aqua Sensor óhreinleikaskynjari  
 ✓ Innrétting breytanleg  
 ✓ 3 þvottaarmar  
 ✓ Mjög öflug vatnslekavörn  
 ✓ Án toppplötu  
 ✓ Verð áður kr 159.900/179.900

## exquisit

- GSP-909EAL  
 45 cm breið uppþvottavél með 5 þvottakerfum og val milli 4 hitastiga  
 ✓ Hljóðlát, aðeins 49 desibíl  
 ✓ Þurrkun með hita  
 ✓ HxBxD: 85x45x58 cm  
 ✓ Verð áður kr 84.900



Verð nú **139.900**  
 ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **149.900**  
 ÞÚ SPARAR 30.000

3x A

39 dB

# Rafha ehf

Opið virka daga 10-18  
 laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
 Sími 5880500  
[www.rafha.is](http://www.rafha.is)



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Ragnhildur Geirsdóttir,**

sem lést sunnudaginn 26. september, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. október kl. 15.00.

Ástríður Pálsdóttir Páll Hersteinsson  
barnabörn og barnabarnabarn



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Guðfinna  
Jónsdóttir**

Brúnaalandi 20, Reykjavík

lést föstudaginn 1. október.

Sverrir Helgason,  
Óskar Sverrisson Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir  
Jón Sverrir Sverrisson Margrét Steindórsdóttir  
Helgi Sverrisson Sigurborg K. Stefánsdóttir  
Sigríður Ragna Sverrisdóttir Sigurbjörn Jón Gunnarsson  
og barnabörn.



Faðir og bróðir

**Sturla L. Meldal**

Vesturberg 78, Reykjavík.

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi 24.sept. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Sævar Þór Meldal  
og systkini hins látna.



Ástkær faðir okkar tengdafaðir afi  
og langafi

**Sr Magnús Guðjónsson**

Bjarnhólastig 17a Kópavogi,

lést laugardaginn 2. október á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Hann verður jarðsungið frá Eyrarbakka kirkju laugardaginn 9. október kl. 14.00 bílferð verður frá Digraneskirkju kl. 12.40

Sigríður Magnúsdóttir Stefán Niclas Stefánsson  
Sigurkarl Magnússon Agnes Eydal  
Guðjón Magnússon Gillian Haworth  
Barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

**Jóhann S. Þórarinnsson**

fyrirverandi stöðvastjóri, Eskifirði,

lést þann 31. ágúst síðastliðinn. Minningarathöfnin fer fram í Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. október kl. 11:00.

Þórarinn Jóhannsson  
Jóhann Viðar Jóhannsson  
Grétar Jóhannsson  
Vignir Jóhannsson  
Axel Jóhannsson  
Arnar Jóhannsson

#### FUGL VIKUNNAR: MARGÆS

## Ferðalangur á langferð safnar kröftum

Margæs er lítil dökk gæs, minni en helsingur og minnsta gæsin sem sést á Íslandi. Hún er svört á höfuð, háls og bringu, með dökkt bak og ljósar síður. Margæsir sem verpa á kanadísku Íshafseyjunum eru af hinni svokölluðu kviðljósu undirtegund. Þær hafa vetursetu á Írlandi og eru fargestir á Íslandi vor og haust. Margæs er meiri sjófugl en aðrar gæsir, eins og nafnið bendir til, sækir á leirur og skjólsæla voga og víkur með ríkulegum marhálmi. Hún er einnig í tünnum og á sjávarlönnum. Margæsir hafa aðallega viðkomu á vestanverðu landinu, frá eyrum og innnesjum norður á Snæfellsnes. Einhver þekktasti margæsastaður landsins er kringum forsetasetrið á Bessastöðum og einhverju sinni lét forsetafrúin þau orð falla, hversu vinalegt væri að vakna upp við margæsakvakið á vorin og haustin. Margæsir dvelur lengur en flestir aðrir umferðarfuglar, kemur á vorin



MARGÆSMargæsir leita ætis við fjöru

MYND/JOHANN ÓU

í apríl og maí og fer á haustin í september – október. Sumarið er stutt á varpstöðvum þessara hánorrænu fugla. Ef þeir koma þangað of snemma getur verið snjór yfir öllu og enga fæðu að fá. Þeir sem lenda í því geta dáið úr hungri. Ef þeir koma of seint

hafa þeir ekki tíma til að koma ungunum á legg áður en fer að hausta. Til þess að ná til varpstöðva á réttum tíma þurfa þeir ákjósanleg skilyrði. Því er mikilvægt að búa þeim góð skilyrði hér á landi og vernda búsvæði þeirra. Farfuglarnir koma víða við á ferðum sínum.

Leirur, mýrar og grunnir vogar eru mikilvæg búsvæði umferðarfugla, en þessi svæði eru víða í hættu vegna umsvifa mannsins. Röskun svæða, sem eru þeim mikilvæg, er ekki einkamáli þeirra sem það gera, því áhrifin geta verið mjög víðtæk. [www.fuglavernd.is](http://www.fuglavernd.is)

## Tónleikar í Hömrum

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari kemur fram á árlegum minningartónleikum um tónlistarhjónin og brautryðjendurna Sigríði og Ragnar H. Ragnar, en Ragnar var tónlistarkennari og skólastjóri í Tónlistarskóla Ísafjarðar í marga áratugi, organisti í kirkjunni og stjórnandi Sunnukórsins, sem kona hans Sigríður var meðlimur í.

Tónleikarnir verða í Hömrum, Ísafirði, fimmtudagskvöldið 7. október næstkomandi og hefjast kl. 20. Á tónleikunum flytur Víkingur Heiðar Partítu nr. 2 eftir Bach, allar prelúdir Chopins og eigin umritanir á íslenskum sönglögum, meðal



VÍKINGUR HEIÐAR spilar verk eftir bæði Bach og Chopin auk íslenskra sönglaga.

annars Ave Maríu eftir Sigvalda Kaldalóns. Miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur, 1.500 krónur fyrir eldri borgara. Forsala aðgöngumiða á þessa tónleika er á skrifstofu Tónlistarskólans í síma 456-3925, milli klukkan 10-15 alla virka daga.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu.

**Guðmundu  
Þórarinsdóttur**

Prestastíg 9.

Sérstakar þakkir fá lungnadeild, líknadeild og heimahlynning LSH.

Bragi Stefánsson Sigrún B. Bragadóttir. Barba Garðar Bragason Thomas M. Barba Prapha Bragason  
Hólmfríður Bragadóttir  
Bragi Þór Bragason  
Barnabörn og Barnabarnabörn.



Faðir okkar

**Þórarinn P. Gíslason**

Tónlistarmaður Reykjavík.

Andaðist á líknarstofnun Landspítalans sunnudaginn 3. október. Minningarathöfn verður í Neskirkju fimmtudaginn 7. október kl. 13.00. Jarðsett verður frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 9. október kl. 14.00.

Fyrir hönd vandamanna  
Margrét Palestini  
Ingibjörg Sigurrós Stumpfl  
Gísli Þór Þórarinnsson



Móðir okkar,

**Kristbjörg Marteinsdóttir**

frá Ysta-Felli,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni í Fjallabyggð, föstudaginn 1. október. Hún verður jarðsungið frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 8. október klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast Kristbjörg er bent á styrktarsjóðinn Göngum saman sem ætlað er að styrkja grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini.

Sjá nánar á [www.gongumsaman.is](http://www.gongumsaman.is) - Minningarsjóð Kristbjörg Marteinsdóttur.

Börn hinnar látna.



Systir okkar, mágkona og vinkona,

**Anna Halla  
Björgvinsdóttir**

lést þann 27. sept. sl. Jarðsungið verður frá Neskirkju þriðjudaginn 5. október nk. kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna, reikningsnr. 0301-26-545, kt. 630591-1129.

Svanhildur Björgvinsdóttir  
Eiður Kr. Benediktsson  
Bjarni G Björgvinsson  
Ólöf M Guðmundsdóttir  
Gerd Førland



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur sambúg og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, afi og langafa,

**Sigurðar Ólafsson**

slökkviliðsmanns, Skipalóni 26, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeilda og göngudeildar hjartasjúklinga á Landspítalanum við Hringbraut fyrir frábæra umönnun og hlýju. Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fyrir auðsýndan stuðning, virðingu og vinarhug.


Ingunn Elísabet Víktorsdóttir  
Viktor Rúnar Sigurðsson

Ásthildur Elín  
Guðmundsdóttir


Kristín Sigurðardóttir  
Guðrún Lís Sigurðardóttir

Sæmundur Bjarnason  
Viðar Utley

barnabörn og barnabarnabarn.



# Verið velkomin í Bónus



**FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS  
AÐEINS 989 KR.KG**



**98**  
KR.kg

**NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR**  
GULLAUGA OG RAUÐAR Í LAUSU



**498**  
KR.kg

**REYKTUR FROSINN FOLALDAFRAMPARTUR**  
FRÁ SLÁTURFÉLAGINU



**579**  
KR.kg

**NORÐANFISKUR: TILBÚNAR STEIKTAR FISKBOLLUR: ÞARF AÐEINS AÐ HITTA**



**198**  
KR.500g

**BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR**  
1 KG./ 1000G



**698**  
KR.kg

**KS ÚTVATNAÐIR SALT FISKBITAR**  
(STYRTLUSTYKKI)



**298**  
KR.500g


**AKURSELS LÍFRÆNAR GULRÆTUR**  
500g poki



**198**  
KR.Kg

**269**  
KR.Kg

**KS FROSIN LAMBALIFUR & FROSIN LAMBAHJÖRTU**  
HAUSTSLÁTRUN FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA

**krossgáta****LÁRÉTT**

2. veita húsaskjól, 6. öfug röð, 8. gól, 9. í hálsi, 11. æst, 12. bolur, 14. fáni, 16. tveir eins, 17. síðan, 18. bjálki, 20. ólæti, 21. stertur.

**LÓÐRÉTT**

1. á endanum, 3. tveir eins, 4. kasta, 5. for, 7. nýta, 10. eldsneyti, 13. viðmót, 15. fint, 16. frændbálkur, 19. persónufornafn.

**LAUSN**

LÖRÉTT: 1. loks, 3. ýý, 4. síðingva, 5. aur, 7. notæra, 10. kol, 13. fás, 15. svo, 18. tré, 20. at, 21. tagl.  
LÁRÉTT: 2. hýsa, 6. on, 8. ýlu, 9. kok, 11. ör, 12. stofn, 14. flagg, 16. ææ, 17. góft, 19. æt, 19. ég.

**Haltu barnaafmælið hjá okkur**

www.keiluhollin.is



**KEILUHÖLLIN**

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 - 15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

**BÓKIN FÆST HÉR!**

STYRKTU FÉLAG HEYRNARLAUSRA

VERÐ AÐEINS

4.900 KR.

fæst í pósthúsum um allt land

**SAGA HEYRNARLAUSRA Á ÍSLANDI**

REYNIÐ BERG ÞORVALDSSON

Saga heyrnarlausra er að stórum hluta raunasaga en hún er líka saga baráttu og sætra sigra, en þessar breytingar hafa ekki átt sér stað áttakalaust. Bókin spannar sögu heyrnarlausra á Íslandi allt frá miðöldum og fram til dagsins í dag.

**Blessaði Guð Ísland?**

Stefnir Ísland áfram? Er atvinna að skapast eða tapast?

Tvö ár eru liðin frá bankahruni. Félag atvinnurekenda stendur fyrir opnum fundi þar sem rædd verður framtíðarsýn í atvinnurekstri á Íslandi. Hvernig sköpum við störf? Hverjar eru aðstæður fyrirtækja? Er Ísland nýtur þegn í samfélagi þjóðanna, nafli alheimsins eða afskekkt einkahagkerfi?

Fundurinn fer fram í lðnó miðvikudaginn 6. október kl. 15.00

**Dagskrá:**

**1. Viðskiptaumhverfið á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi – hver er staðan tveimur árum eftir hrun?**

Margrét Guðmundsdóttir, formaður stjórnar Félags atvinnurekenda og forstjóri Icepharma

**2. Á krossgötum: Pólitískar og hugmyndafræðilegar forsendur endurreisnarinnar**

Þorsteinn Pálsson

**3. Hugmyndir skapa störf!**

Frosti Sigurjónsson, frumkvöðull

**4. Minni og meðalstór fyrirtæki eru drifkraftur atvinnusköpunar – en erum við að beisla kraftinn?**

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Félags atvinnurekenda



Margrét



Þorsteinn



Frosti



Almar

**Skattheimta á skjön.** Á milli erinda verða kynnt grátblöðleg dæmi um innheimtu vörugjalda og skatta sem augljóslega stríða gegn heilbrigðri kynsemi.

Munum að „Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir“.

FÉLAG ATVINNUREKENDA

**101 Öxará**

**BAKÞANKAR sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Hvað tekur þú með þér inn í haust, myrkur og vetur? Hvaða liti, hljóð, sögur, orð og upplifanir eru þitt vetrar- nesti? Ég nýt þeirrar blessunar með konu minni að horfa líka á veröldina með fimm ára drengjum okkar. Við reynum að miðla þeim visku og vitum að á þessum árstíma eru Þingvellir aðalstaðurinn til upplifana. Við notuðum því laugardaginn til píla- grímsferðar inn í ríki blámans, langsóna og skýrleika. Gjárnar seiddu, hægur Silfrustraumur heillaði og haustlitir glöddu. Við skokkuðum upp hleðslugötuna upp Hallann og í Stekkjargjá og síðan að úðandi Öxarárfossi.

**EFTIR** gleðihopp í gjánni héldum við svo niður að breiðunni við Neðrifoss. „Nú ætla ég að sýna ykkur undur lífsins“ sagði ég við karlana mína. Við læddumst öll að ánni og viti menn. Þarna var stór urriði, sem rauk af stað og sprettbunga myndaðst á grunnsævinu. „Vá“ hann er stór. „Þeir eru fleiri hér einhvers staðar,“ sagði pabbinn, „það glittir í eitthvað þarna við flúðina.“ Við fórum upp á brúna við Drekkjarhyl og undrið blasti við. Stór torfa fiska brosti þarna í glitrandi vatninu, kviðmiklir og bolþykkir. Sporðarnir voru sem skóflur. Ég

taldi 101 stykki, kannski voru sumir þessara risafiska nærri tuttugu pund?

**ÉG** hef fylgst vel með Öxará í tvo áratugi og ástaliði þar fer batnandi. Mikilvægar riðstöðvar við útfall Sogsins við Kaldárhöfða voru eyðilagðar við gerð Steingrímsstöðvar fyrir hálfri öld. Hinn stórvaxni urriðastofn vatnsins hrundi, en hefur braggast síðustu ár með hjálp manna. Fyrir tuttugu árum voru aðeins nokkrir fiskar sem komu í Öxará til að efla lífið, en nú má vænta tvö til fjögur hundruð ofurfiska í ána hvert haust. Það er því sjón að sjá boltana. Nú er ástaliði í gerðinni í Öxará og lífsgleðin magnast.

**FYRST** er að kenna drengjum á undur lífsins, að við megum njóta og taka með okkur svona upplifun inn í okkur og veturinn. Svo þurfum við líka að vita að menn geta skemmt eða verndað. Ég sagði þeim ekkert um Drekkjarhyl í þessari ferð, en naut þess fremur að tala og hugsa um þessa lífiðju, gleði og vonir neðan við fossinn hjá hyl grimmdarinnar. Tófrar lífsins þrátt fyrir dauða. Í nánd við Drekkjarhyl spír lífið í þessari Lífbreiðu. Neðan við Drekkjarhyl eru stangveidar bannaðar en upplifanir leyfðar. Dauðinn dó en lífið lifir – góð viska fyrir veturinn og allt líf mannbarna.

**myndasögur****■ Pondus**

Eftir Frode Øverli

**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**DIDDÚ OG PÁLL ÓSKAR Í GUÐRÍÐARKIRKJU** Systkinin Diddú og Páll Óskar Hjálmtýsbörn eru í hópi þeirra sem troða upp á Gorgelhátíðinni í Guðríðarkirkju klukkan 20 í kvöld. Hátíðin stendur út vikuna en markmiðið er safna peningum svo hægt sé að ljúka við smíði orgels í kirkjuna.

## Hálfur milljarður til Hörpu

Framlög til flestra listgreina dragast saman í fjárlögum fyrir 2011. Þjóðleikhúsið hefur þegar gripið til uppsagna. Sinfóníuhljóm-sveit Íslands fær auknar fjárveitingar vegna hærri leigu í Hörpu en samtals rennur um hálfur milljarður til reksturs tónlistarhússins.

Niðurskurðarhnifurinn var hafinn á loft í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, eins og öðrum ráðuneytum fyrir fjárlögin 2011. Fjárveitingar til þess lækka úr tæpum 60,4 milljörðum frá því í fyrra, niður í 56,5 milljarða eða um tæplega 3,7 milljarða króna.

Til hliðar má sjá töflu yfir framlög til helstu listgreina og menningarstofnana. Víðast hvar dragast fjárveitingar saman milli ára en stöku stofnanir fá aukna fjárveitingu í ár, til dæmis Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fjárveitingar til hennar aukast um 61,5 milljónir milli ára. Sú aukning helgast af hærri húsaleigu við flutning í Hörpu í maí á næsta ári. Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri Sinfóníunnar segist vona að ekki þurfi að skera niður í starfsemi hljómsveitarinnar á næstunni. „Fyrirsjáanlega mun fylgja flutningnum annar kostnaður, en við munum reyna að sjá til þess að ekki þurfi



að koma til frekari niðurskurðar í starfi hljómsveitarinnar á þessum mikilvægu tímamótum.“

Auk herra framlags til Sinfóníunnar vegna leigu í Hörpu fær

tónlistarhúsið 424 milljónir króna frá ríkinu samkvæmt fjárlögum 2011.

Þjóðleikhúsið þarf aftur á móti að skera niður um 60 milljón-

ir milli ára. Þar hefur níu starfsmönnum þegar verið sagt upp. Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins, segir að þetta sé niðurskurður á niðurskurð ofan,

þar sem framlög til Þjóðleikhússins hafi einnig dregist saman í fyrra.

„Þjóðleikhúsið mun auðvitað rækja skyldur sínar eftir fremsta megni,“ segir Ari. Spurður hvort leikhúsið þurfi að fækka sýningum segir hann ljóst að „umfang sýninga muni haldast í hendur við lægri fjárveitingar“. Ekki er þó gert ráð fyrir uppsögnum leikara, enda hefur færst í vöxt undanfarin ár að leikarar séu verkefnaráðnir.

Rekstur Kvikmyndamiðstöðvar er skorinn niður um fimm milljónir milli ára en krónutala til úthlutunarsjóða hennar helst óbreytt. Kvikmyndagerðarmenn voru mjög ósáttir í fyrra við að framlög til kvikmyndagerðar voru skorin niður hlutfallslega meira en í öðrum listgreinum. Ari Kristinsson, formaður Sambands íslenskra kvimyndaframleiðenda, segir það huggun harmi gegn að niðurskurðurinn hafi náð botni í fyrra.

„Þetta er í samræmi við það sem við áttum von á,“ segir Ari. „Við tókum á okkur mikinn skell í fyrra. Í framhaldi af þessu er hægt að fara að skoða samninga um hækkunar til lengri tíma.“

Framlög til launasjóða listamanna aukast um 35 milljónir milli ára. Kolbrúna Halldórsdóttur, forseta Bandalags íslenskra listamanna, hafði ekki gefist tími til að kynna sér fjárlögin og baðst undan viðtali að sinni.

bergsteinn@frettabladid.is



Úlpur frá kr. 16.990  
Skíðabuxur kr. 12.990  
Skíðagallar frá kr. 14.990

Str. 74 -152

Mikið úrval!



## ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

Kvikmyndir ★★★★★

**Með hangandi hendi**

Leikstjórn og handrit: Árni Sveinsson



### Eins og fólk er flest

Vissulega ber að fagna því í hvert sinn sem ástsælasta tónlistarfólki þjóðarinnar eru gerð skil í heimildarmyndum, því að ósekju mætti meira vera um slíkt. Sérstaklega ánægjulegt er þó þegar mönnum tekst svo frábærlega til eins og Árni Sveinssyni, sem í mynd sinni um Ragga Bjarna megnar að bera á borð sannkallaða „filgúdd“-heimildarmynd sem er allt í senn manneskjuleg, fræðandi og drepfyndin.

Í myndinni er fylgst með Ragga Bjarna þar sem hann býr sig undir 75 ára afmælistónleika sína, sem haldnir voru á síðasta ári, með tilheyrandi æfingum, stússi og vangaveltum. Inn á milli er svo ferill söngvarans rakinn með hjálp gamalla myndskaiða, tónlistardæma og viðtala við samferðarmenn á öllum aldri, sem allir eiga það sameiginlegt að varpa ljósi á viðfangsefnið með áhugaverðum vitnisburði og óborganlegum sögum. Um leið felst í myndinni hálfildings yfirlit yfir sögu íslenskrar dægurtónlistar og er akkur áhorfenda þeim mun meiri fyrir vikið.

Eðli málsins samkvæmt leikur hlýlegur persónuleiki og útgeislun söngvarans sjálfs stórt hlutverk í útkomunni. Dregin er upp mynd af Ragga Bjarna sem afar viðfellingnum og alþýðlegum rólyndismanni með fæturna rötfasta á jörðinni, þrátt fyrir sitt áratugalanga starf í þágu hins hverfula skemmtanaíðnaðar. Hvorki eru gerðar tilraunir til að fegra eitt né neitt né sveipa lífshlaupið meiri ævintýraljóma en efni standa til, enda virðist sem myndavélin elski Ragga nákvæmlega eins og hann er, rétt eins og fjöldamargir aðdáendur hans.

En persónutöfrar viðfangsefnis bera ekki einnar og hálfur klukkustundarlanga heimildarmynd upp á eigin spýtur. Það sem öðru fremur gerir Með hangandi hendi svo bitastæða er rík tilfinning leikstjóra og annarra aðstandenda fyrir smáatriðum, og skal hlutverk klipparans Önnu Þóru Steinþórsdóttur ekki vanmetið í þessu sambandi. Næmnin sem sýnd er fyrir því hvenær skal farið hratt yfir sögu, gjarnan í þágu kíminnar, og hvenær réttast er að leyfa atriðum að lifa lengur er hreint til fyrirmyndar. Þá ríkir í myndinni gott jafnvægi í nýtingu ólíkra þátta á borð við tónlistaratriði, viðtöl og hversdagslegar svipmyndir af Ragga og félögum.

Í raun virkar Með hangandi hendi svo vel sem heild að vandséð er hvernig gera hefði mátt betur og ómögulegt annað en að gefa myndinni hæstu einkunn. Glæsilega að verki staðið.

Kjartan Guðmundsson

**Niðurstaða:** Frábær heimildarmynd í alla staði og óskandi að fleiri íslenskum tónlistarmönnum yrði reistur slíkur minnisvarði.



# TÖLVU PAKKI

# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

AMD TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite turn
- AMD Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB SATA II WD diskur
- ATI Radeon R5450 skjákort
- Acer 21,5" LCD 1920x1080 skjár
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita



VERÐ AÐEINS  
**129.950**

SAMSUNG LASER LITAPRENTARI



Samsung CLP315

A4 laser litaprentari með 2400x600 punkta upplausn og USB 2.0. Prentar allt að 16 bls. á mínútu.

SAMSUNG

**29.950**



AMD TURN UPPFÆRSLA

## Turn-uppfærsla 2

- Streamer midi turn
- AMD Sempron X-140 2.7GHz örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 500GB SATA II WD diskur
- ATI HD3000 skjástýring
- 10/100/1000 netkort
- Dolby 7,1 hljóðkort

STREAMER

**47.950**



INTEL TURNVÉL

## Intel turnvél 1

- CoolerMaster Elite 332 midi turn
- Intel CoreDuo E5400 2,7GHz örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 320GB SATA II 300 WD diskur
- Intel GMA 4500 skjástýring
- DVD og CD skrifari
- 10/100/1000 netkort
- Realtek High Def 7,1 hljóðkort
- Windows 7 Home Premium 64bita



**79.950**



AMD LEIKJAVÉL

## AMD turnvél 4

- CoolerMaster Elite 310 midi turn
- AMD Phenom II QuadCore 955 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 640GB SATA 3 WD diskur
- GeForce N460GTX skjákort
- DVD og CD skrifari
- 10/100/1000 netkort
- Realtek High Def 7,1 hljóðkort
- USB 3, SATA 3, HDMI ofl.
- Windows 7 Home Premium 64bita



**149.950**

18,5" PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR



Philips 192E2SB

LCD breiðskjár, 1366 x 768 punkta upplausn, 500.000:1 skerpa, 5ms svartími, VGA, DVI tengi ofl.

PHILIPS

**24.950**

LYKLABORD OG MÚS



Logitech MK300

Práðlaust lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og mús. Fjöldi flýttakka.



**8.450**

SSD DISKUR



Corsair F60

60GB solid state diskur. Einn sá allra hraðasti og algerlega hljóðlaus.

**27.450**

250 GB WD FLAKKARI



WD Elements 250GB

Utanálíggjandi 250GB 2.5" harðdiskur. Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.

**9.950**

SJÓNVARPSFLAKKARI



500GB HDMI™ 720/1080i

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

UNITED

**22.950**

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER  
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI  
• SÍMI 569 0700 • [www.att.is](http://www.att.is)

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

**NÝTT Í BÍÓ!**

**JULIA ROBERTS**

*bonda, bidja, elska*

**EAT PRAY LOVE**

LÚXUS

700 kr.

BYGGD Á METSÓLBÓK ELIZABETH GILBERT

**HAFÍD GEFUR HAFÍD TEKUR**

BRIM

★★★★

Brim er köld og blaut en gerð af ást og hlýju

-H.V.A., FBL

700 kr.

2010

2010

**R**

★★★★

"Hörkugóð. Douglas er allveg jafn flottur og áður fyrr."

T.V. - Kvikmyndir.is

700 kr.

GORDON GEKKO ER MÆTTUR AFTUR Í STORMYND OLIVER STONE!

**WALL STREET**

Magnaður

trýllir í þrjúvöld!

**PIRANHA 3D**

**SMÁRA BÍÓ**

SÍMI 564 0000

BRIM	kl. 4-6-8-10	12
EAT PRAY LOVE	kl. 5-8-10:45	L
EAT PRAY LOVE LÚXUS	kl. 5-8-10:45	L
PIRANHA 3D	kl. 8-10:10	16
WALL STREET 2	kl. 8-10:45	L
SUMARLANDIÐ	kl. 4-6	L
AULINN ÉG 3D	kl. 3:40-5:50	L

**HÁSKÓLA BÍÓ**

SÍMI 530 1919

BRIM	kl. 6-8-10	12
R	kl. 6-8	16
EAT PRAY LOVE	kl. 6-9	L
SUMARLANDIÐ	kl. 6-8-10	L
THE OTHER GUYS	kl. 10	12

**BORGAR BÍÓ**

SÍMI 462 2000

EAT PRAY LOVE	kl. 5:30-8-10:25	L
PIRANHA 3D	kl. 10:25	16
WALL STREET 2	kl. 8	L
AULINN ÉG 3D	kl. 6	L

facebook.com/smarabio

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói



**RETRO STEFSON** Hljómsveitin Retro Stefson heima hjá Unnsteini. Frá vinstri: Þórður Jörundsson, Unnsteinn Manuel og hundurinn hans Luna Stefánsdóttir, Logi Pedro Stefánsson, Haraldur Ari Stefánsson og Jon Ingi Seljeseth. Á myndina vantar Gylfa Sigurðsson og Þorbjörgu Roach Gunnarsdóttur.

# Hressari og ánægðari með lífið en nokkru sinni fyrr

**Kimabawe heitir nýjasta plata Retro Stefson. Hljómsveitin tók fyrir skömmu upp tvö ný myndbönd með Frakkanum Vincent Moon, sem hefur unnið með Arcade Fire og R.E.M.**

„Það var mikill heiður að fá að taka þátt í þessu verkefni,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari og gítarleikari Retro Stefson. Stutt er síðan hljómsveitin tók upp tvö ný myndbönd í Austurbæjarskóla með Frakkanum Vincent Moon, sem hefur tekið upp myndbönd með stórum nöfnum á borð við R.E.M., Arcade Fire, Bon Iver og Sigur Rós. „Þetta kom mér á óvart, ég var svo ánægður með þetta,“ segir Unnsteinn. Moon hefur verið staddur hér á landi að undanförunni í tengslum við Riffkvikmyndahátíðina. Retro Stefson gefur út aðra plötu sína, Kimabawe, 13. október. Tvö ár eru liðin síðan Montana kom út við mjög góðar undirtektir. Síðan þá hefur ýmislegt á daga Retro

drifið. „Við höfum aðeins farið til útlanda og spilað. Svo höfum við verið að spila heimikið með öðrum. Við erum að gefa út plötu með Benna Hemm Hemm og svo spiluðum við með Ragga Bjarna í sumar um verslunarmannahelgina,“ segir Unnsteinn Manuel. „Við höfum aðeins verið að víða að okkur meiri reynslu og semja,“ bætir hann við og lofar fjölbreyttri plötu líkt og sú fyrsta var. „Þessi er kannski aðeins þyngrri en ekkert endilega dekkri. Það er jafnvel meira „fusion“ á þessari.“ Fyrir skömmu spilaði Retro Stefson á London Airwaves og gengu þeir tónleikar vel. „Það var svaka fjör. Áhorfendurnir eru stundum erfiðir í London en þarna fóru allir að dansa og það var mikið stuð.“ Nýju lögin voru þó ekki spiluð enda hefur sveitin ekki haft tækifæri til að æfa þau almennilega þar sem hún er ekki með æfingahúsnæði. „Við erum svo löt og nísk. Svo höfum við líka spilað svo oft í viku að það hefur eiginlega verið of mikið að hittast líka á æfingum,“ segir hann. Retro kom einnig við sögu í

heimildarmyndinni Backyard, sem fjallar um nokkrar hljómsveitir í Reykjavík. „Það er svaka flott mynd. Músikatriðin eru sérstaklega flott. Þetta er mjög heildarleg mynd, það er engin tilgerð í henni.“ Hljómsveitin spilar í fimmta sinn á Airwaves-hátíðinni á næstunni og í þetta sinn verður hún á Nasa laugardagskvöldið 16. október. Að sögn Unnsteins hefur alltaf verið jafngaman á hátíðinni, nema árið 2007. „Það var eitthvað viðhorf í gangi hjá okkur. Við höldum að við gætum bara spilað og sýnt okkur án þess að gefa nokkuð af okkur. Þetta var of mikið stress um að vera flottur. En núna er mjög góð stemning fyrir þessu. Við erum líka að spila með einni af uppáhaldshljómsveitunum mínum og Loga bróður, Hercules and Love Affair. Við erum hressari og ánægðari með lífið en nokkru sinni fyrr.“ Þeir sem missa af Retro Stefson á Airwaves geta í staðinn farið á útgáfutónleika sveitarinnar sem eru fyrirhugaðir í byrjun nóvember. frey@frettabladid.is

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

650 KR.

**Dinner for Schmucks**

Steve Carell Paul Rudd

650 KR.

**WALL STREET**

Michael Douglas

650 KR.

**EXPENDABLES**

Mel Gibson

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

DINNER FOR SCHMUCKS	5:45, 8 og 10:20	7
AULINN ÉG 3D	6	L
WALL STREET	7 og 10	L
EXPENDABLES	8	16
RESIDENT EVIL 3D	10	16

**SAMBÍÓ**

frábær gamanmynd frá þeim sem færðu okkur „THE 40 YEAR OLD VIRGIN“ og „ANCHORMAN“

„GEÐVEIKISLEGA FYNDIN“ - Shawn Edwards fox tv

PRÍÐJUDAGSBÍÓ KR. 650\*

**Dinner for Schmucks**

Steve Carell og Paul Rudd

frá leikstjóra „MEET THE PARENTS“

PRÍÐJUDAGSBÍÓ KR. 650\*

**ALGJÖR SVEPPI**

Alfred Hitchcock

PRÍÐJUDAGSBÍÓ KR. 650\*

**SOLOMON KANE**

Drew Casper Justin

PRÍÐJUDAGSBÍÓ KR. 650\*

**GOING THE DISTANCE**

Drew Casper Justin

**ENDURSÝND**

VEGNA FJÖLDA ASKORANA

AKUREYRI OG KRINGLUNNI 7. OKTÓBER

HTTP://MIDLI.S/BIO/10/2705/

MÍÐSALA A MÍÐLI S OG MÍÐSÖLUM SAMBÍÓANNA

SAMBÍÓ ALFABAKKA		
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 5:50 - 8 - 10:30	7
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 8 - 10:30	7
SOLOMON KANE	kl. 8:10 - 10:30	16
SOLOMON KANE	kl. 5:30	7
GOING THE DISTANCE	kl. 8:10 - 10:30	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6-8	L
REMEMBER ME	kl. 10:30	12
AULINN ÉG M/isl. Tali	kl. 6	L
THE GHOST WRITER	kl. 8 - 10:10	12
HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/isl. Tali	kl. 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 5:50	L
SAMBÍÓ SELFOSSI		
EAT PRAY LOVE	kl. 8 - 10:30	L
THE OTHER GUYS	kl. 8	12
RESIDENT EVIL 4	kl. 10:20	16

**PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 650\***

\*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

# Radiohead í nýrri kvikmynd

Samkvæmt frétt tímaritsins Variety eru hljóðtilraunir Thoms Yorke og Jonny Greenwood úr Radiohead í stóru hlutverki í væntanlegri mynd með Edward Norton og Robert De Niro í aðalhlutverkum. Myndin heitir Stone, en Radiohead-drengirnir komu inn í verkefnið fyrir tilstuðlan Nortons. „Strákarnir í Radiohead eru vinir mínir og ég hitti Greenwood í London fyrir nokkrum misserum,“ sagði Norton. „Þessi mynd er afar andleg og ég bað hann um ráðlegg-



Í NÝRRI MYND Skrýtin hljóð frá Radiohead eru í nýrri mynd með Edward Norton.

ingar í sambandi við ýmis hljóð. Svo kemur á daginn að hann og Thom [Yorke] höfðu verið leika sér með ýmis skrýtin ambient hljóð. Þannig að þeir létu okkur fá tonn af hljóðskrárm með tilraunum sem þeir höfðu verið að framkvæma. Við hlustuðum á þær og leikstjórnin fékk tónskáldið John Curran til að vinna með þær.“ Myndin verður frumsýnd 8. október en óvíst er hvernig hljóðheimur Radiohead kemur fyrir í myndinni. Þá er enn óvíst hvort afraksturinn verði gefinn út.

**BÍÓ PARADÍS**

VETRARMEIN (WINTER'S BONE)	17:00, 19:00, 21:00
LENNON UNGI (NOWHERE BOY)	17:10, 19:10, 21:10
Í JÚLI (IM JULY)	17:20, 21:20
LUKKA EMMU (EMMAS GLUECK)	19:20
BACKYARD	17:30, 19:30
DEUS EX CINEMA: JESUS FRÁ MONTREAL	21:00

ENGLISH SUBTITLES | SAMVINNU VIÐ GOETHE INSTITUT OG ÞÝSKÍ/ÍSLENSKA VERSLUNARRÁÐIÐ

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS





STUÐ Í STEININUM George Michael hefur það gott í fangelsi, að eigin sögn.

## Óareittur í fangelsinu

Breskir fjölmiðlar sögðu í gær frá meintu áreiti sem söngvarinn George Michael á að hafa orðið fyrir í fangelsi. Michael afplánar nú tveggja mánaða fangelsisdóm sem hann hlaut fyrir að keyra undir áhrifum. Hann vísar áreitissögnum til föðurhúsanna í yfirlýsingu og segist hafa mætt ljúfu viðmóti fanga og starfsmanna.

„Ég bið ykkur um að trúá mér þegar ég segi að tár hefur ekki runnið niður kinnar mínar síðustu þrjár vikur, ég hef ekki verið kvíðinn og ekki orðið fyrir ofbeldi. Ég hef ekki einu sinni upplifað svefnlausu nótt,“ sagði hann. Michael hefur haft það gott í steininum og stýtt sér stundirnar með því að lesa bréf frá aðdáendum og spila ballskák.



ALVÖRU PARTÍ Gestir í brúðkaupi Katy Perry og Russells Brand þurfa að taka frá viku til að fagna samrunanum.

## Veislan varir í heila viku

Grínistinn Russell Brand og söngkonan fagurmótaða Katy Perry ætla að fara alla leið þegar þau halda upp á brúðkaup sitt og samkvæmt nýjustu fréttum á veislan að vara í viku. Í boðskorti skötujuáanna, sem jaxlar á borð við Noel Gallagher, Morrissey og Rihanna hafa fengið kemur fram að gestir séu beðnir um að taka frá viku fyrir fögnuðinn. Brúðkaupið verður á Indlandi nú í október en parið trúlofaði sig fyrir skömmu.

# Andri Freyr ágætur að vakna á morgnana

„Hann leynir nefnilega á sér með þetta, ég held hann fari seint að sofa en hann er alltaf vel vaknaður þegar ég kem og er búinn að lesa blöðin og allt,“ segir Guðrún Dís Emilsdóttir. Hún stjórnar morgunþættinum Virkir morgnar á Rás 2 ásamt Andra Frey Viðarsyni en þátturinn hefst klukkan níu stundvíslega. Þar sem Andri Freyr er ekki á bíl þá sér samstarfskona hans um að ná í hann og saman aka þau upp í Efstaleiti. „Ég bý ekki svo mikið úr leið og aumka mig bara yfir hann,“ segir Guðrún.

Einhverjir kynnu að halda að Andri Freyr væri ekki mikill morgunhafi og fólk þyrfti jafnvel að liggja á dyrabjöllunni til að koma honum á lappir en það er öðru nær; Andri er mikill morgunmaður. „Ég hef verið að vinna á

mörgum útvarpsstöðum á morgnana og þetta er bara spurning um að standa upp og skella sér í bað,“ segir Andri og upplýsir að hann sé vaknaður klukkan korter yfir sex. Guðrún Dís segir það hafa komið sér á óvart hversu mikill morgunmaður Andri er, hún bjóst allteins við því að þurfa rífa útvarpsmanninn á fætur. Guðrún segir hann vera ákaflega þægilegan samferðamann, þau spjalli saman um daginn og veginn og séu því vel undirbúin þegar að útsendingu kemur.

Andri og Guðrún þekktust ekki mikið þegar þau byrjuðu með þáttinn en Andri upplýsir þó að þau hafi unnið hvort á sinni útvarpsstöðinni í sama húsi. „Ég var á sínum tíma á X-FM og hún var á Kiss FM þannig að við þekktum til hvort annars,“ útskýrir Andri.

-fgg



SAMAN Á MORGNANA Guðrún Dís aumkar sig yfir bíllausan Andra og sækir hann á hverjum morgni. Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu mikill morgunhafi Andri Freyr er.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikið úrval rjómaosta við öll tækifæri

med hvítlauk

med kryddblöndu

hreinn

med svörtum pipar

med appelsínulíkjör

med sólfurrkudum tómötum

www.ostur.is 88-288



**ALFRED FINNBOGASON** er nú sterklega orðaður við belgíska félagið Lokeren en forráðamenn þess gamalkunna Íslandspólshóps munu vera á leið til landsins til að freista þess að ná samningum við Alfred.



**HETJA EVRÓPULÍÐSINS** Graeme McDowell er vel fagnað eftir sigur hans gegn Hunter Mahon í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Evrópa fékk Ryder-bikarinn: McDowell tryggði sigurinn

**GOLF** Norður-Írinn Graeme McDowell tryggði keppnisliði Evrópu sigur í Ryder-keppninni í gær. Evrópa vann með minnsta mun, fjórtán og hálfum vinningi gegn fjórtán.

Leikar stóðu jafnir þegar ein viðureign í einliðaleiknum var eftir. McDowell atti þar kappi við Bandaríkjamanninn Hunter Mahan og náði hann tveggja stiga forystu með glæsilegum fugli á sextánda holi. Hann gulltryggði svo sigurinn í viðureigninni á sautjándu og þar með að Evrópa fengi aftur Ryder-bikarinn sem Bandaríkin unnu síðast.

„Það var engin tilviljun að Graeme var síðastur í keppnisröðinni,“ sagði Colin Montgomerie, fyrirliði Evrópulíðsins, í gær. „Hann vann opna bandaríska meistaramótið og er fullur sjálfs-trausts. Fuglinn á sextánda var ótrúlegur,“ bætti hann við.

Bandaríkjamenn sóttu mjög á í gær eftir að hafa verið þremur vinningum á eftir í upphafi lokakeppnisdagsins. Bandaríkin fengu sjö vinninga af tólf mögulegum en það dugði ekki til. - esá

### Spáin fyrir körfuboltann

**Iceland Express deild karla**

1. KR 401 stig	2. Keflavík 373 stig
3. Snæfell 372	4. Stjarnan 313
5. Grindavík 287	6. Njarðvík 263
7. Fjölnir 182	8. ÍR 166
9. Hamar 118	10. KFÍ 103
11. Haukar 94	12. Tindastóll 86

**Iceland Express deild kvenna**

1. Keflavík 180 stig	2. KR 153 stig
3. Haukar 147	4. Hamar 140
5. Snæfell 80	6. Grindavík 67
7. Njarðvík 64	8. Fjölnir 33

# Ólafur ekki dæmdur af þessum leik

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að það verði ekki felldur úrskurður um störf Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara eftir leikinn gegn Portúgal í næstu viku. Ólafur tilkynnti gjörbreyttan landsliðshóp í gær.

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær landsliðshópinn sem mætir Portúgal í undankeppni EM 2012 í næstu viku. Á blaðamannafundi KSÍ í gær var þó aðallega fjallað um þá ákvörðun stjórnar KSÍ að Ólafur fengi ekki að velja alla þá leikmenn sem hann hefði viljað.

Í síðustu viku var tilkynntur leikmannahópur U-21 landsliðsins sem mætir Skotum í umspili um sæti í úrslitakeppni EM í Danmörku á næsta ári. Stjórn KSÍ hafði þá ákveðið að Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðsins, fengi forgang á alla leikmenn sem hafa aldur til að leika með liðinu. Eyjólfur valdi sjö leikmenn úr síðasta A-landsliðshópi Ólafs en þeir komu allir við sögu í síðasta leik A-landsliðsins.

### Ólafur hugsaði sinn gang

„Stjórnin tók þessa ákvörðun og ég er mjög ósáttur við það. En ég hlíti ákvörðuninni,“ sagði Ólafur sem sagðist þó hafa hugsað sinn gang sem landsliðsþjálfari. „Ég hugsaði mitt mál alvarlega vegna þess að þetta var mjög sérstakt. En ég tel allar líkur á því að ég verði áfram – það er allavega víst frá minni hendi. Ég tel afar spennandi tíma framundan hjá landsliðinu og ég vil vera þátttakandi í því.“

Ólafur tilkynnti 22 manna leikmannahóp í gær. Níu breytingar voru gerðar á hópnum nú auk þess sem að Birkir Már Sævarsson, sem var kallaður inn fyrir leikinn gegn Dönum á Parken vegna forfalla, er með frá upphafi nú. Sjö leikmenn eru nú með U-21 landsliðinu auk þess sem Brynjar Björn Gunnarsson og Sölvi Geir Ottesen eru meiddir.

### Ber ekki minna traust til stjórnar KSÍ en áður

Sjálfur sagði Ólafur að hann hefði fundað um þessi mál ásamt Eyjólfri og forráðamönnum KSÍ. „Við höfum farið yfir þessa hluti og gert það þrívægis. Við ræddum þetta fram og til baka en niðurstaðan er þessi,“ sagði Ólafur.

Hann vildi ekki svara því játandi eða neitandi hvort hann teldi sig svikinn af ákvörðun stjórnar KSÍ. „Ég hef áður sagt að ég var ósamhála þessari ákvörðun.“ Hann sagðist ekki bera minna traust til stjórnar KSÍ en áður.

Ólafur sagðist hafa haft ákveðnar hugmyndir um hvernig landsliðin gætu skipt leikmönnum sín



**FORMAÐURINN OG ÞJÁLFAFINN** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Ólafur Jóhannesson, þjálfari A-landsliðs karla, á blaðamannafundi KSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við verðum að virða skoðun þeirra sem ráða yfir okkur.

**ÓLAFUR JÓHANNESSON**  
ÞJÁLFAFINN A-LANDSLIÐS KARLA

á milli og borið þær undir forystu KSÍ. Hann vildi ekki greina frá þeim hugmyndum í gær. „Stjórn KSÍ tók þessa ákvörðun og ég hlíti henni,“ ítrekaði hann. „Við verðum að virða skoðun þeirra sem ráða yfir okkur.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var spurður hvort að forysta sambandsins gæti gert sömu kröfur til Ólafs í þessum leik og öðrum vegna áður nefndrar ákvörðunar stjórnar KSÍ. „Ég lít ekki á þetta þannig að það verði felldur einhver úrskurður um störf Ólafs eftir þennan leik. Ólafur hefur þegar stýrt liðinu í gegnum heila undankeppni og það var mikil ánægja með hans störf og er enn. Honum var treyst til að leiða íslenska landsliðið í þessari undankeppni

og það hefur enginn skipt um skoðun hvað það varðar.“

Geir sagði að bæði Ólafur og forysta KSÍ væru í erfiðri stöðu vegna málsins. „Mér ber hins vegar skylda til að horfa á heildarmyndina. Því miður vorum við Ólafur ekki sammála en við verðum að leysa úr því. Traust mitt til Ólafs mun ekki biða hnekkis í tengslum við þennan leik og það verður ekki uppgjör eftir hann.“

### Krafa að Ólafur safni stigum

Formaðurinn sagði þó að sú krafa að íslenska A-landsliðið næði árangri standi enn. „Sú krafa sem við gerum til Ólafs er að hann safni stigum fyrir Ísland í þessari keppni. Það hefur ekki borið skugga á samstarf mitt við Ólaf en við segjum alltaf okkar skoðanir hispurslaust.“

Geir var einnig spurður um hvað myndi gerast ef verkefni landsliðanna tveggja myndu aftur skarast í framtíðinni. „Á þeim leikdögum sem eru framundan í undankeppni EM 2012 í mars og júní auk annarra leikja sem kynnu að falla á alþjóðlega leikdaga mun Ólafur

fá að velja þá leikmenn sem hann hyggst tefla fram. Ég á ekki von á frekari árekstrum.“

eirikur@frettabladid.is

### Leikmannahópurinn

**Markverðir:**  
Árni Gautur Arason Odd Grenland  
Gunnleifur Gunnleifsson FH

**Varnarmenn:**  
Hermann Hreiðarsson Portsmouth  
Indriði Sigurðsson Viking  
Kristján Órn Sigurðsson Hönefoss  
Gréttir Rafn Steinsson Bolton  
Birkir Már Sævarsson Brann  
Bjarni Ólafur Eiríksson Stabæk  
Ragnar Sigurðsson IFK Gautaborg  
Amór Sveinn Aðalsteinsson Breiðablik

**Miðvallarleikmenn:**  
Helgi Valur Danielsson AIK  
Ólafur Ingi Skúlason SönderjyskE  
Theodor Elmar Bjarnason IFK Gautaborg  
Jónas Guðni Sævarsson Halmstad  
Matthías Vilhjálmsson FH  
Steinþór Freyr Þorsteinsson Örgryte  
Ólafur Páll Snorrason FH

**Sökarmenn:**  
Eiður Smári Guðjohnsen Stoke City  
Heiðar Helguson QPR  
Veigar Páll Gunnarsson Stabæk  
Gunnar Heiðar Þorvaldsson Fredrikstad  
Guðjón Baldvinsson KR

## FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:

VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

## Árleg spá fyrir Iceland Express deildir karla og kvenna í körfubolta: KR og Keflavík spáð titlinum

**KÖRFUBOLTI** Karlaliði KR og kvennaliði Keflavíkur var spáð Íslandsmeistararitlinum í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna sem var kynnt á kynningarfundum Iceland Express-deildanna sem fór fram í gær.

„Það eru búnar að vera gríðarlega miklar breytingar kvennaból og okkur fannst það alveg vera kúrskýrt hverjar myndu verða eftar þeim megin. Það hefur verið ágætisgangur á karlalíðinu og við gerum tilkall til efsta sætisins eins og tvö til þrjú önnur lið,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari karla- og kvennaliðs KR.

„Liðið mitt lítur vissulega vel út,“ viðurkenndi Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari kvennaliðs Keflavíkur sem var spáð titlinum. „Það er búið að vera rosalega leiðinlegt að þurfa að kyngja þessum silfurpeningi ítrekað. Það er ekki



**KVENNALIÐIN Í RÉTTRI RÖÐ** Leikmenn úr liðunum átta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gaman og ekki eitthvað sem maður er að leita eftir. Við ætlum að gera atögu að því að reyna að vinna þetta í ár. Við erum búin að vinna einn titil og það er meira heldur en í fyrra,“ sagði Jón Halldór en Keflavíkurlíðið vann 31 stigs sigur á Íslandsmeisturum KR í úrslita-

leiknum í Lengjubikarnum. „Þeir sem eru glöggir sjá það að við erum ekki farin að spila vörn ennþá. Ég er þeirrar trúar að vörn vinni titla og við eigum eftir að vinna aðeins í því. Það verður gaman þegar það verður komið líka,“ sagði Jón Halldór. - 66j

# Ódýrt í matinn tökum slátur!



## SLÁTUR MARKAÐUR



í Hagkaup Skeifunni  
til og með 27. október.


Afgreitt frá kl. 14 - 18\*

\* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

ÓDÝRT  
OG GOTT!  
Keppurinn á  
ca. 85 kr.

## ÓDÝRT Í HAGKAUP SKEIFUNNI

Nautakjöt og grísakjöt í magnpakkningum



### ½ Ungnautaskrokkur

Ca. 60-80 kg kjöt  
Lund  
File  
Innralæri (roast beef)  
Ribeye  
Stroganoff  
Snitsel  
Gullas  
Hamborgarar 14-18%  
Hakk 10-14%

**1498kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

**VAXTALAUST LÁN  
Í 4 MÁNUÐI\***

### Nautakassi 1

Hakk 4 kg  
Hamborgarar  
20\*100 gr stk.  
Gúllas 2 kg  
Snitsel 2 kg

**1449kr/kg**


Aðeins í Skeifunni

### Nautakassi 2

Hakk 3 kg  
Hamborgara  
20\*100 gr stk.  
Innralæri (roast beef)  
ca. 2,5-3 kg kg  
File ca. 2 kg

**1749kr/kg**

Aðeins í Skeifunni



### ½ Grísakjöt

Rifjasteikur 2 stk. 2,5-3 kg  
Hnakkasneiðar ca. 1,5-2 kg  
Kótelettur 4-5 kg  
Bayonne skinka 1,5-2 kg  
Bógur 2,5-3 kg  
Hakk 4-5 kg  
Steikur í neti úr læri  
2 stk. x 3,5-4 kg

**949kr/kg**

Aðeins í Skeifunni

\*Lánið ber 3% lántökugjald.



**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð

## > Zoey Deschanel

„Ég vel mér ávallt hlutverk sem eru, vonandi, öðruvísi en þau hlutverk sem ég hef tekið að mér áður. Ég vil ekki gera það sama endalaust, það er jú ekkert skemmtilegt við það.“

**Zoey Deschanel fer með eitt hlutverkanna í myndinni *Winter Passing*, sem fjallar um unga leikkonu sem bjóðast gull og grænir skógar fyrir að gefa út ástarbréf föður síns. *Winter Passing* er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.**



## VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HRÓPAR Á HJÁLÞ

# Konum á villigötum komið til bjargar

Hvern dag sem ég vakna illa sofin heiti ég því að fara að sofa á skikkanlegum tíma. Síðan kemur kvöld og rétt um það leyti sem ég ætti að skrifa inn í rúm stilli ég á Style network og viti menn, öll fögur fyrirheit verða að engu. Ástæðan? Endursýndir þættir af How do I look.

Þættirnir eru allir svipað uppbyggðir. Tískuóviti er tilnefndur af einhverjum sér nákomnum. Þátturinn hefst á því að honum er sagt til syndanna fyrir slæman fatasmekk eða skort á nokkrum stíl. Í liði með þáttarstjórnanda eru tveir vinir eða fjölskyldumeðlimir fórnarlambins auk stílista. Eftir að hafa hent stórum hluta úr fataskáp viðkomandi fá þessir þrír aðilar það verkefni að kaupa ný fót. Þátturinn snýst



síðan um það að máta fötin og velja það sem best fellur auk nýrrar hárgreiðslu. Yfirleitt er útkoman ljómandi fin og ótrúlegt hvað fáeinir spjarir geta gert til að breyta mynd kvenna. Hins vegar hefur komið fyrir að sumar konur verða alveg eins og snúið roð í hund þegar faststill þeirra er dæmdur dauður og ómerkur. Þar sem afhjúpunin er alltaf í lok þáttarins þýðir ekkert að byrja að horfa og hætta í miðju kafi, þetta skilur ekki minn betri helmingur sem löngu er orðinn þreyttur á þessum víthring svefnleysis sem ólíklegt er að verði rofinn í bráð. Innst inni sit ég nefnilega, bið og vona, að einhver tilnefni mig og ég fái að umbreytast í stutta stund í hið einhæfa form sem allar konur eru steypar í af stílistum How do I look.

# dagskrá

## SJÓNVARPIÐ

**16.30 Upp undir jökul** Farið í leitir með fjallmönnum úr Gnúpverjahreppi.

**17.20 Tákn málsfréttir**

**17.30 Chris á skólabeck** (1:3) (e)

**18.00 Friðþjófur forvitni** (5:20)

**18.25 Hundapúfan** (3:6)

**18.30 Jimmy Tvískór** (25:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Skólaklíkur** (23:34) (Greek)

Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjóruga félagslíf þeirra í háskóla.

**20.50 Önnumatur** (3:8) (AnneMad) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð tófrar kokkurinn Anne Hjermøe fram kræsingar af ýmsu tagi.

**21.25 Návigi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Rannsókn málsins - Sírena** (1:2) (Trial and Retribution: Siren) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10 Refsiréttur** (2:5) (Criminal Justice) Bresk sakamálasýrpa í fimm þáttum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)

**00.10 Kastljós** (e)

**00.35 Fréttir** (e)

**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 French Kiss**

**10.00 Employee of the Month**

**12.00 How to Eat Fried Worms**

**14.00 French Kiss**

**16.00 Employee of the Month**

**18.00 How to Eat Fried Worms**

**20.00 First Wives Club**

**22.00 Winter Passing**

**00.00 District B13**

**02.00 Phone**

**04.00 Winter Passing**

**06.00 A Fish Called Wanda**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í finu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Matarást með Rikku** (10:10)

**10.50 Wipeout USA**

**11.45 Monk** (1:16)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** (17:24)

**13.25 Daddy Day Camp**

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Ben 10**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (18:21)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (22:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (20:22)

**20.10 The Middle** (9:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle.

**20.35 The New Adventures of Old Christine** (12:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er einstæð móðir sem lætur samvísu og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.

**21.00 Cougar Town** (17:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.

**21.25 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn Neil Caffrey.

**22.10 The Shield** (5:13)

**22.55 Daily Show: Global Edition**

**23.20 Pretty Little Liars** (5:22)

**00.05 Grey's Anatomy** (1:22)

**00.50 Medium** (2:22)

**01.35 Nip/Tuck** (1:19)

**02.20 Real Sex 32. Some Like It Hot**

**03.05 C.R.A.Z.Y.**

**05.05 The Simpsons** (18:21)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

## SPORT

besta sætið

**17.30 Á vellinum** Í þessum þætti verður litið inn á badmintonmót, fylgst með úrslitaleikjum Íslandsmótsins í 4 fl. karla og kvenna í knattspyrnu og rætt við leikmenn í U17 ára landsliði karla eftir sigurinn í forkeppni EM.

**18.00 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.



**18.30 Upphitun** Hitað upp fyrir Iceland Express-deildina í körfubolta sem verður á dagskrá Stöðvar 2 Sport í vetur.

**19.30 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**21.15 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

**22.00 World Series of Poker** Sýnt frá The Main Event á World Series of Poker.

**22.55 European Poker Tour 5** Sýnt frá Evrópumótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Dortmund.

## SPORT 2

enski boltinn

**14.10 Birmingham - Everton** Enska úrvalsdeildin.

**15.55 Wigan - Wolves** Enska úrvalsdeildin.

**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.

**18.35 Football Legends - Bebeto** Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjöllinn og skyggst verður á bak við tjöldin.

**19.00 Man. City - Newcastle** Enska úrvalsdeildin.

**20.45 Chelsea - Arsenal** Enska úrvalsdeildin.

**22.30 Enska mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**23.00 Sunderland - Man. Utd.** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.20 Spjallið með Sölva** (2:13) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.40 Rachael Ray** (e)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (2:13) (e)

**12.40 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 Game Tívi** (3:14) (e)

**17.05 Dr. Phil**

**17.45 Rachael Ray**

**18.30 Fyndnar fjölskyldu myndir** (1:10) (e)

**18.55 Real Hustle** (1:8) Áhugaverður þáttur þar sem þrjú svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk.

**19.20 Rules of Engagement** (1:13) (e)

**19.45 Whose Line is it Anyway** (5:20)

**20.10 The Marriage Ref** (4:12)

**21.00 Nýtt útlit** (3:12)

**21.50 Nurse Jackie** (1:12) Skemmtileg þáttaröð um hjúkrunarkonu sem er snjöll í sínu starfi en þarf að fá dópið sitt reglulega.

**22.20 United States of Tara** (1:12) Skemmtileg þáttaröð um húsmóðir með klofinn persónuleika.

**22.50 Jay Leno**

**23.35 CSI: New York** (10:23) (e)

**00.25 Sordid Lives** (4:12) (e)

**00.50 CSI: New York** (13:25) (e)

**01.35 Nurse Jackie** (1:12) (e)

**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR EINN GOLF

**06.00 ESPN America**

**17.10 Golfing World** Daglegur fréttarþáttur.

**18.00 Golfing World**

**18.50 Monty's Ryder Cup Memories** (e)

**19.40 The Open Championship Official Film 2009**

**20.35 European Tour - Highlights 2010** (1:10) Vikulegur þáttur.

**21.25 PGA Tour Yearbooks** (1:10)

**22.15 Golfing World** (e)

**23.05 Ryder Cup Official Film 1995**(e)

**00.00 Golfing World** (e)

**00.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækningar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Gossip Girl** (5:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 V** (4:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.

**22.35 The Event** (2:13) Hörkuspenningandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærstunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.

**23.20 Dollhouse** (1:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“, sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.

**00.10 Gossip Girl** (5:22)

**00.55 The Doctors**

**01.35 Sjáðu**

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**



**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.



**20.00 Hrafnaping** Við skoðum stöðu virkjunaráætla.

**21.00 Græðlingur** Haustuppskera í boði Gurnýar.

**21.30 Pingsjá** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál í brennidepli. **Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**



Dagskrá allan sólarhringinn.

## NÝTT Á STÖÐ 2 FJÖLVARP

# GOLF CHANNEL LOKSINS Á ÍSLANDI

Á Golf channel er að finna allt fyrir kylfinginn; kennsla frá þeim bestu, kvennagolfið, nærmyndir af frægum kylfingum, lífstíllinn, golfmótin og golfvellir um víða veröld.

Golf channel er að finna í Allt og Skemmtun pökkunum á Stöð 2 Fjölvarp á rás 49 á Vodafone Digital Ísland

Áskrifendur eru minntir á að uppfæra myndlykilinn með sjálfvirkri leit.



THE GOLF CHANNEL



Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**  
**Cougar Town**

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að



hitta drauma-prinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútvarp hefst
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vít og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstud með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Fjölradda sveiflusöngur
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Hádegisútvarpið
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Ris og fall flugeldahagkerfa
- 14.03 Að horfa á tónlist: Siegfried
- 15.03 Útvarpssagan: Stormur
- 15.25 Málstofan
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.20 Auglýsingar
- 18.21 Spegillinn
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Í heyranda hljóði
- 21.20 Trío
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.20 Fimm fjórðu
- 23.05 Matur er fyrir öllu
- 00.05 Næturtónar

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 91,9 Kaninn
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,2 Útvarp Latíabær
- FM 102,9 Lindín
- FM 105,5 Útvarp Boðun



HEFST 9. OKTÓBER

# LAUGARDAGS-KVÖLDUNUM BJARGAÐ!

Spaugstofan, vinsælasti sjónvarpsþáttur þjóðarinnar snýr aftur á Stöð 2, beittari en nokkru sinni fyrr. Tryggðu þér áskrift og fylgstu með frá byrjun!



**ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á STOD2.IS**

HVAÐ ERT ÞÚ AÐ FÁ FYRIR PENINGINN?

**10 KLST.\*** EDA  
AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV

**12 KLST.\*** EDA  
AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJÁ EINUM

**56 KLST.\***  
AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Lífeyrissjóðirnir – hvað gera þeir við sparnaðinn okkar í dag?

Skilanefnd Sparisjóðabankans selur kaffi í Lettlandi.

**MARKAÐURINN**  
fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði  
**Næsta blað kemur út á morgun.**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

... allt sem þú þarft



„Breskir sakamálaþættir eru í miklu uppáhaldi hjá mér, Barnaby þá sérstaklega. Ég átti heima í Rúmeníu einu sinni og þar var allt á rúmensku nema við fundum eina stöð sem sýndi Barnaby á ensku á sunnudagskvöldum.“

Anna Jónsdóttir sópransöngkona

## Góí verður bara á skjánum til áramóta

„Eftir áramót kemur söngvakeppnin, það var alltaf meiningin að halda þessum þætti til áramóta og svo tæki söngvakeppnin við,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV. Hringekjan, skemmtiþáttur Guðjóns Davíðs Karlssonar, fór í loftið á laugardaginn. Guðjón upplýsti þar að síðasti þátturinn yrði í desember.

Sigrún vill ekki meina að þetta sé enn eitt dæmið um niðurskurð hjá RÚV en hingað til hefur verið rými fyrir bæði Spaugstofuna og Söngvakeppni Sjónvarpsins. „Þetta er klukkutími en Spaugstofan var hálf tími, það er bara þess vegna sem þetta er gert. Hins vegar, ef þessi þáttur gengur vel þá gætum við sett hann, hægt og bítandi, í nýtt form. En eins og staðan er í dag þá

verður hann fram í desember.“

Fyrsti þátturinn var helgaður Vestmannaeyjum en fékk vægast sagt harðar viðtökur ef marka má samskiptasíðuna Facebook. Illugi Jökulsson rithöfundur skrifaði til að mynda: „Það sem það þætti hallærislegt ef Reykvíkingar leyfðu sér svona hreppagrobb og bæjarbelging, eins og þátturinn Hringekjan virðist eiga að ganga út á!“ Þetta virðist þó ekki hafa bitið á þá 31 sem gerðust aðdændur Facebook-síðu þáttarins. „Þetta var fyrsti þátturinn og hann á eftir að slípast til og mýkjast. Ég trúi því að hann eigi eftir að verða nokkuð góður,“ segir Sigrún.

Söngvakeppni Sjónvarpsins verður að sögn Sigrúnar af svipaðri stærðargráðu og hefur verið undanfarin ár. Ekki hefur

verið gengið frá því hverjir verða kynnar en eins og Fréttablaðið hefur greint frá eru þær Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn báðar í fæðingarorlofi. - fgg



**Á EFTIR MÝKJAST**  
Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, segir að Hringekja Góa eigi eftir að slípast til og mýkjast. Hann verður hins vegar bara á dagskrá til áramóta.

**Við þurrki í nefi!**  
Unnið úr náttúrulegri sesamolíu.

Fæst í apótekum um land allt. Heildsala: Cetus ehf.



### Munum eftir að kveikja útljósinn!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útljósnum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,  
Pósthúsið  
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit  
Bréfasendingar  
Markpóstur  
Fjölþóstur  
Vörudreifing  
Plöstun blaða og nafnamerking

**Póst:húsið**  
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

**ÍSLANDSVINUR** José Gonzalez spilar á Íslandi í þriðja sinn síðar í mánuðinum. Hér sést hann á síðustu tónleikum sínum hér, árið 2006.



JOSÉ GONZÁLEZ: HEIMSÆKIR ÍSLAND Í ÞRIÐJA SINN OG SPILAR Á AIRWAVES

## Íslendingar uppteknir af tónlist, drykkju og partíum

Sænska hljómsveitin Junip með tónlistarmanninn José González í fararbroddi spilar í Iðnó föstudagskvöldið 15. október á Airwaves-hátíðinni. Þetta verður í þriðja sinn sem González spilar á hátíðinni. Síðast steig hann þar á svið fyrir fjórum árum og í bæði skiptin var hann einn með kassagítarinn og spilaði lög frá vel heppnuðum sólóferli sínum.

„Ég hlakka mikið til. Ég hef haldið tvenna sólótleika þarna og ég elska þessa hátíð. Ég man að sumir Íslendingar höfðu hlustað mikið á EP-plötuna okkar Black Refugee og ég hugsaði með mér að það væri gaman að fara þangað með Junip einhvern tímann,“ segir González, sem á argentíska foreldra en er fæddur og uppalinn í Svíþjóð.

Junip var stofnuð árið 1998 og er einnig skipuð trommaranum Elias Araya og hljómborðsleikaranum Tobias Winterkorn. „Ég átti nokkur sólóög og spilaði þau stundum fyrir Elias. Hann lagði til að við prófuðum að spila þau með hljómsveit og

þannig byrjuðum við,“ segir González. „Ég og Elias höfðum þekkt síðan við vorum litlir. Við spilðum saman í harðkjarnabandi og þekktum Tobias líka úr harðkjarnasenu. Hann var söngvari í harðkjarnabandi í næsta bæjarfélagi.“

Junip hefur á ferli sínum gefið út eina sjö tommu plötu og EP-plötuna Black Refugee, sem vakti athygli margra á sveitinni. Núna, fimm árum síðar, er fyrsta stóra platan, Fields, loksins komin út. „Þegar ég var að gefa út aðra plötuna mína ræddum við um hvort við ættum að gera eitthvað meira með Junip eða bara segja þetta gott. Við ákváðum að gefa hljómsveitinni alvöru tækifæri eftir að ég væri búinn að fylgja plötunni eftir,“ segir González. Aðspurður segir hann að æfingarnar hafi gengið vel þrátt fyrir fimm ára hléið. „Um leið og við fórum að djamma hljómaði þetta vel. Það var dálítill léttir, því ég hélt að þetta gæti tekið einhvern tíma,“ segir hann og bætir við: „Mér finnst mjög gaman að gefa út


öðruvísi tónlist en ég er að semja fyrir sjálfan mig. Það er öðruvísi stemning á tónleikum og miklu meira að gerast, enda erum við fimm á sviðinu. Þegar við vorum að taka upp plötuna ákváðum við að semja hana þannig að fleiri gætu spilað lögin á tónleikum. Fyrir mig hefur þetta verið sannkölluð tónlistarbomba. Ég hef fengið mikinn innblástur og er þegar byrjaður að semja ný lög bæði fyrir sjálfan mig og Junip.“

González er langt í frá orðinn þreyttur á að heimsækja Ísland. „Ég hef komið þangað tvisvar en bara verið í stuttan tíma í hvort skiptið. Ég man að fólk var mjög upptekið af tónlist, drykkju og partíum. Öllu á sama tíma. Það hafði mikil áhrif á mig og þetta var ljúfur tími þar sem ég hitti mikið af skemmtilegu fólki,“ segir hann. „Ég er þegar búinn að fara í Bláa lónið þannig að kannski leigi ég bíl og fer eitthvað út í náttúruna. En það kemur bara í ljós.“

freyr@frettabladid.is

## enia Stigateppi fyrir húsfélög og sameignir

Stigateppi



Hljóðdempani, létt í þrífum og umgengni.

Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu

**KJARAN**  
GÖLFBÚNAÐUR


SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5510  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

## Bretar falla fyrir Þorsteini

Breskir gagnrýnendur virðast ekki hafa fallið í stafi yfir uppfærslu Vesturports á Faust en enska útgáfan af þessari sýningu leikhópsins og Borgarleikhússins var frumsýnd á föstudag. Gagnrýnandi This is London, Henry Hitchings, gefur sýningunni raunar bara tvær stjörnur og segir Faust ekki gera neitt fyrir fólk sem hafi áhuga á ljóðagerð og skrifum Goethes. „Þar sem yfirlýst markmið Vesturports er að gera verk Goethes aðgengilegra fleirum þá er ekki mikið í henni fyrir aðdændur þýska skáldsins,“ skrifar Hitchings

Charles Spencer hjá Telegraph tekur í svipaðan streng en báðir gagnrýnendur eru ákaflega hrifnir af frammistöðu Þorsteins Gunnarssonar í aðalhlutverkinu, þeir sem hafi gaman af hefðbundnum klassískum uppfærslum skuli hins vegar forðast Faust. „Og jafnvel þeir, sem kunna vel við villtari hliðar leikhússins, eiga eftir að verða fyrir ákveðnum vonbrigðum með þessa tilraun,“ skrifar Spencer og gefur Faust þrjár stjörnur.

Michael Billington hjá Guardian gefur sýningunni einnig þrjár stjörnur. Billington segir flest leikhúsfólk þekkja til Vesturports enda hafi sýningar á borð



**FÆR FRÁBÆRA DÓMA** Þorsteinn Gunnarsson fær fráþæra dóma fyrir frammistöðu sína í hlutverki Jóhanns í Faust en sýningin sjálf fær misjafnar viðtökur hjá breskum gagnrýnendum.

við Rómeo & Júlíu og Hamskiptin verið í heimsklassa. „En þessi sýning skýtur aðeins yfir markið,“ skrifar Billington. Hann er hins vegar yfir sig hrifinn af Þorsteini Gunnarssyni, Birni Hlyni Haraldssyni og Unni Ösp Stefánsdóttur. Kate Basset hjá Independent er hins vegar mun hrifnari, hún segist hafa orðið innblásin af hugmyndum Vesturports um Faust og hrósar hinni skapandi óreglu sem ríkir uppi á sviði. - fgg



Heineken®  
ICELAND  
AIRWAVES  
October 13 - 17 '10

Viltu vinna  
VIP armband  
á Iceland Airwaves?

**Heineken Green Room á NASA tilkynnir:**

Taktu þátt í leiknum á Heineken Heppni Facebook og þú getur unnið VIP armband á alla viðburði á Iceland Airwaves.

## FRÉTTIR AF FÓLKI


### Jónsi í fótboltaeik

Söngvarinn geðþekki, Jón Þór Birgisson, oftast kallaður **Jónsi**, er ekki fyrsta nafnið sem fólki dettur í hug þegar það heyrir orðið fótboltaeikur. Hvað sem því líður er eitt laga Jónsa að finna í tölvuleiknum FIFA 2011 sem er væntanlegur en það heitir Around Us og er af plötunni Go. Umræddur leikur er sá nítjándi í FIFA-tölvuleikjaröðinni og má því reikna með að milljónir sveittra sófáfboltaþulla eigi eftir að hlusta á tæra rödd íslenska söngvarans. Eins fánlega og það kann að hljóma.



### Húðflúraður borgarstjóri

Það er óhætt að segja að svipur borgarstjóraembættisins hafi tekið stakkaskiptum frá því að Jón Gnarr tók við embættinu í vor. Hafa fjölmiðlar verið iðnir við að segja frá uppátækjum hans en segja má að Jón hafi toppað sjálfan sig í gærkvöldi. Um níu leytið í gærkvöldi birti Jón mynd af útréttum handlegg á Facebook-síðu sinni en á höndina var nýbúið á húðflúra merki Reykjavíkurborgar. Myndin ku vera af borgarstjóra sjálfum sem mun því skartamyndarlegu eintaki af merki Reykjavíkur um ókomin ár.



- fgg, mbl

## Mest lesið **VÍSIR.IS**


- 1 Boðað hefur verið til mót-mæla klukkan hálf átta í kvöld
- 2 Lömuð kona slasaðist vegna kæruleysis bílstjóra
- 3 Undrandi á 120 þúsund króna framfærslu
- 4 Fagurgrænn og Jón Gnarr veit ekki hvað hann á að gera
- 5 Lögðu glæsibílunum ólöglega en sluppu við sektir
- 6 Útgjöld fæðingarorlofsjóðs skorin niður um milljarð

## FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EDA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bló og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.

Tryggðu þér áskrift í dag!



6 mánaða vaxtalausar greiðslur

# Gerðu gæða- og verðsamanburðu

### SVEFNSÓFAR

Hágæða svefnsofar. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **264.900**

### BOARD WALLHUGGER

2x90x200  
Verð frá **499.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

### BOAS

Leður hægindastóll **79.900** Nokkrir litir

### BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta verð frá **169.900**  
Svefnsofi verð frá **169.900**

### SAGA OG ÞÓR

Hágæða heilsudýnur

SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**  
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

### IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

### VALHÖLL/FREYJA

Góð rúm á frábæru verði

Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

**NÝTT**

Svefnsofi með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200 Tveir litir, verð **199.000**

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

**PROFLEX**  
2x90x200 og 2x90x210  
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

Gerðu gæða- og verðsamanburðu



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00